

Saga Umsk

Saga Umsk

Jón M. Ívarsson skráði

Efnisyfirlit

Fyrstu árin 1922-1942

Upphaf á umbyltingartíma	7
Fjórðungssamband Sunnlendinga- fjórðungs	8
Skeggrætt um skiptingu	10
UMSK verður til.	12
Fjögur félög eða sex.	14
Ungmennafélag Reykjavíkur	14
Ungmennafélagið Afturelding	17
Ungmennafélagið Drengur	21
Ungmennafélag Miðnesinga	22
Ungmennafélag Akraness	22
Ungmennafélagið Velvakandi	23
Árþing og ályktanir.	25
Amast við nautnum og nasistum	27
Árþing UMSK 1922-1942.	28
Guðbjörn Guðmundsson.	28
Glíman í öndvegi.	31
Samfundirnir	33
Samfundir í sveitinni	35
Samfundir í skógi og bæ	36

Gestur Andrésen	37
Hvöt	38
Farfuglafundirnir	39
Gestir frá Noregi	43
Gestamótin	45
Stuggað við stóra bróður	46
Stórhátíð á Þingvöllum	48
Vikivakar	51
Rannveig Þorsteinsdóttir	54
Gróður og grænmeti	55
Víðavangshlaupin og Íþróttafélag Kjósarsýslu.	56
Ævintýraferð til Noregs 1930.	58
Íþróttamót Aftureldingar og Drengs	60
Starfið er margt	67
Grímur Norðdahl.	70
Íþróttir í UMSK	71
Frægðarför til Haukadals	74
Tilvísanir	78

1. KAFLI


FYRSTU ÁRIN 1922-1942

Upphaf á umbyltingartíma

Árið 1922 voru gerðar miklar breytingar á skipulagi ungmennafélagshreyfingarinnar. Fram að þeim tíma höfðu heildarsamtökin, Ungmennafélag Íslands, skipst eftir landshlutum í svokölluð fjórðungssambönd og hið fjölmennasta þeirra var Fjórðungssamband Sunnlendingafjórðungs eins og það hét fullu nafni. Til hægðarauka var það skammstafað FS sem var öllu þægilegra heiti. Landamæri þess voru frá Hornafirði og að Hvítá í Borgarfirði. Þungamiðja starfsins var í Reykjavík og þar hafði stjórnin sitt aðsetur.

Þetta fjórðungafyrirkomulag hjá UMFÍ stóð í 14 ár en hafði þá gengið sér til húðar. Þá var búið að stofna tvö héraðssambönd á Suðurlandi og önnur tvö í Borgarfirði og Dalasýslu. En slík samtök ungmennafélaga var hvorki að finna í Gullbringu- né Kjósarsýsla og þar með töldu Reykjanesi. Því var það að fjögur ungmennafélög á svæðinu tóku sig til haustið 1922 og stofnuðu Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK). En það varð ekki til í neinu tómarúmi og því er rétt að segja nokkuð frá FS sem kalla má með réttu undanfara UMSK.

Ungmennafélagshreyfingin barst til landsins með stofnun Ungmennafélags Akureyrar árið 1906. Fyrirmyndin voru norsk og dönsk ungmennafélög sem höfðu þá verið starfandi um skeið. Frumherjar ungmennafélagsins á Akureyri, Jóhannes Jósefsson og Þórhallur Björnsson voru duglegir að útbreiða



Jóhannes Jósefsson á Borg var fyrsti formaður UMFÍ og glímukóngur Íslands 1907 og 1908.



Þorkell Clementz, verkfræðingur, var fyrsti formaður Fjórðungssambands Sunnlendingafjórðungs.

fagnaðarerið ungmennafélagshreyfingarinnar eins og rakið er í sögu UMFÍ *Vormenn Íslands* sem út kom á aldarafmæli samtakanna árið 2007.

Ungmennafélögum landsins fjölgaði hratt og þau voru orðin 100 talsins árið 1910. Félögin voru allt í senn íþróttafélög, leikfélög, bindindisfélög, góðgerðafélög, söngfélög, skemmti- og fræðafélög og æskulýðsfélög eins og segir í *Dagrenningi*, aldarsögu Umf. Aftureldingar í Mosfellssveit. Ungmennafélagshreyfingin bætti úr brýnni þörf því æskufólk landsins skorti að mestu félagslegan vettvang. Segja má að hreyfingin hafi slegið í gegn hérlandis, svo gersamlega yfirtók hún félagslíf unga fólksins á fyrstu áratugum aldarinnar. Einn af frumkvöðlum sunnlenskra ungmennafélaga, Ingimundur Jónsson í Holti, orðaði þetta þannig síðar í 50 ára afmælisriti síns ungmennafélags Samhygðar í Flóa:

Þessi merka hreyfing kom eins og vordögg á skrælnaða jörð. Ungu fólkið þráði framfarir og félagslíf, enda bárust frásagnir af stofnun ungmennafélaga víðs vegar um landið og alls staðar var sama sagan, vakandi áhugi fyrir framförum og framkvæmdum á öllum sviðum sem til blessunar horfðu. Hitt var svo annað mál að við geysilega örðugleika var að etja, svo sem almenna fátækt, vanafestu og deyfð hinna eldri og fleira og fleira.¹

Hinir kraftmiklu forystumenn ungmennafélaganna undu bráðan bug að því að stofna heildarsamtök sem hlutu það einfalda nafn; Ungmennafélag Íslands (UMFÍ). Það var stofnað af sex ungum mönnum

á Þingvöllum 2. ágúst 1907 á þjóðhátíð sem haldin var í tilefni af heimsókn kóngsins yfir Íslandi og Danmörku til þegna sinna á norðurhvara. Fyrsti formaður UMFÍ var kjörinn Jóhannes Jósefsson, síðar veitingamaður á Hótel Borg, en hann var einnig formaður Umf. Akureyrar. Það var atkvæðamesta ungmennafélagið ásamt Ungmennafélagi Reykjavíkur og strax í upphafi stefndi í mikla togstreitu um völdin milli þessara stórvelda í hreyfingunni. Á stofnþingi UMFÍ var þessi fyrirsjáanlega valdabarátta leyst á þann hátt að embættum stjórnarmanna var skipt á milli norðan- og sunnanmanna. Það dugði þó ekki til, enda voru ferðalög og bréfaskipti í þann tíð miklu hæggengari en nú og gátu tekið margar vikur. Þar með urðu samskipti stjórnarmanna bæði stíðleg og seinvirk. Menn hugleiddu þetta vandamál á fyrsta ársþinginu 1908 og þá datt mönnum það snjallræði í hug að stofna fjögur sambönd, eitt í hverjum landsfjórðungi, til að brúa bilið. Þannig voru völdin tekin af UMFÍ og þeim dreift umhverfis landið. Þar með var klofningi afstýrt í hreyfingunni. Þetta var bráðabirgðalausn eins og síðar kom í ljós en hún var látin duga fyrst um sinn.

Fjórðungssamband Sunnlendingafjórðungs

Fjórðungssamband Sunnlendingafjórðungs (FS) var stofnað 30. júní 1908, strax að loknu fyrsta ársþingi UMFÍ. Fyrsta árið voru félög þess 13 að tölu og félagsmenn alls 624. Félögin voru úr Reykjavík og Hafnarfirði, af Vatnsleysuströnd, úr Vestmannaeyjum, Grímsnesi og Borgarfirði. Í fyrstu stjórn þess voru kjörin Þorkell Þ. Clementz formaður, Theódór Árnason ritari og Lára I. Lárusdóttir gjaldkeri. Þau voru öll af Reykjavíkursvæðinu enda erfitt um vik að hafa langt á milli stjórnarmanna sökum erfiðra samgangna. Umf. Afturelding í Mosfellssveit gekk í FS og þar með UMFÍ á stofnfundi sínum árið 1909 og varð fyrsta félagið af svæði Kjalnesinga til að ganga í raðir þess. Þar var Umf. Reykjavíkur á fleti fyrir og Umf. Drengur bættist í hópinn á stofnári sínu 1915. Þetta voru síðar þrjú af stofnfélögum UMSK.

FS varð strax langsamlega öflugast fjórðungs-

sambandanna og bar fljótlega höfuð og herðar yfir sjálf landssamtökin, UMFÍ. Raunar má segja að FS hafi þegar í upphafi yfirtekið starfssvið UMFÍ að verulegu leyti. Brátt var svo komið að FS hafði veg og vanda af ýmsum helstu verkefnum hreyfingarinnar, svo sem að senda fyrirlesara og íþróttakennara út til félaganna. UMFÍ var á þessum tíma lítið annað en útgáfustjórn fyrir málagn samtakanna, *Skinfaxa*, sem komið hefur út óslitið til þessa dags frá 1909. Fjármagni hreyfingarinnar var þannig skipt að skattar ungmennafélaganna gengu til FS og hinna fjórðungssambandanna en árleg styrkveiting ríkisins rann til UMFÍ. Allt gerðist þetta í sátt og samlyndi og hvergi verður annars vart en forystumenn UMFÍ hafi látið sér þessa verkaskiptingu vel líka. Árin 1911-1914 var forysta UMFÍ reyndar ekki rismeiri en svo að ekki var nema einn maður í stjórninni! Það var formaðurinn Guðbrandur Magnússon.

FS hóf að gefa út handskrifað fjölritað fjórðungsblað í mars 1909 og þar birtust frásagnir af þingi sambandsins og ýmsum hugðarefnum. Það hætti reyndar göngu sinni um haustið þegar UMFÍ hóf að gefa út *Skinfaxa*. Ungmennafélögum innan FS fylgandi hratt og þau voru orðin 42 árið 1913 samkvæmt félagaskrá gjaldkera FS sem varðveist hefur hjá UMFÍ. Þau voru fyrst og fremst úr Borgarfirði og sýslunum þremur á Suðurlandi, V-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnes-sýslum. Félagsmenn voru 1670. Samkvæmt lögum UMFÍ voru félögin jafnframt innan vébanda þess en í reynd voru sum félögin óvirk innan UMFÍ og hölluðu sér fremur að FS enda styrkur þess talsvert meiri. FS var milliliður milli félaganna og UMFÍ og mörg þeirra létu sér nægja sambandið við það fyrirnefnda.



Stjórn Sunnlendingafjórðungs árið 1916. Steinþór Guðmundsson formaður, Guðrún Björnsdóttir ritari og Guðmundur Kr. Guðmundsson gjaldkeri.

Árþing FS voru haldin að vorlagi ár hvert eins og lög gerðu ráð fyrir og féllu aldrei niður allt til loka. Hins vegar voru talsverðar mannbreytingar í hinni fámennu þriggja manna stjórn sem báru því vitni að lítt var sóst eftir þeim vegtyllum. Lítið hefur varðveist af rituðum gögnum um starfsemina en ágríp af þinggerðum birtist þó ár hvert í *Skinfaxa* sem reyndar er helsta uppspretta heimildanna. Til fróðleiks kemur hér formannatal FS frá upphafi eins og það birtist í þinggerðunum. Til frekari glöggvunar er einnig upplýst frá hvaða ungmennafélögum formennirnir komu (sjá töflu).

Síðasti formaðurinn, Magnús Stefánsson, var fjölhæfur félagsmálamaður sem sést best á því að árið sem hann gegndi formennsku FS var hann einnig formaður Ungmennafélags Reykjavíkur, Glímufélagsins Ármanns og UMFÍ. Líklegt má þó telja að

ár	nafn	félag
1908-1913	Þorkell Þ. Clementz	Umf. Reykjavíkur
1913-1914	Jónas Jónsson	Umf. Reykjavíkur
1914-1915	Jón Ívarsson	Umf. Dagrenning
1915-1918	Steinþór Guðmundsson	Umf. Reykjavíkur
1918-1919	Björn Birnir	Umf. Afturelding
1919-1921	Þorgils Guðmundsson	Umf. Drengur
1921-1922	Magnús Stefánsson	Umf. Reykjavíkur ¹



Listamaðurinn Guðmundur Einarsson frá Miðdal kenndi íþróttir meðal ungmennafélaga á sínum yngri árum.

forysta hins deyjandi fjórðungssambands hafi hvílt létt á herðum hans enda starfsemi þess þá orðin sáralítill.

En FS var á sínum tíma umsvifamikill í störfum sínum fyrir ungmennafélögin á Suður- og Vesturlandi. Á þess vegum fóru margir ágætir fyrirlesarar í ótalmargar fyrirlestrarferðir um sambandssvæðið. Fyrirlesarar voru fjölmiðlamenn þess tíma. Þeir voru allt í senn, leikarar, fréttamenn, fræðarar og skemmtikraftar. Alþýðufræðarinn Guðmundur Hjaltason var vinsælastur þeirra sem tóku að sér að halda fyrirlestra fyrir ungmennafélögin og bauð upp á mikið úrval slíkra. Um tíu ára skeið flutti hann ekki færri en 1100 fyrirlestra fyrir ungmennafélögin við miklar vinsældir.

FS lét einnig íþróttakennslu til sín taka með ágætum árangri. Glímukappinn Guðmundur Sigurjónsson var sendur út af örkinni árið 1911 og heimsótti allmörg ungmennafélög. FS efndi til íþróttanámskeiðs í Reykjavík 1913 en þátttakendur urðu ekki nema þrír. Árið eftir var haldið námskeið sem stóð í hálfan mánuð. Þá tókst öllu betur til því nemendur urðu 19 talsins. Einn þeirra var úr Ungmennafélaginu Aftureldingu, Guðmundur Einarsson frá Miðdal, sem síðar varð kunnur listamaður. Svipað námskeið var haldið árið 1915 en fórst fyrir árið 1916 vegna fámennis. Fleiri urðu námskeiðin ekki.

Vorið 1915 stóð FS á hátindi sínum og virtust því allir vegir færir. Félög þess voru þá um 40 talsins og félagsmenn um 1600. Þá var Jón Kjartansson kennari frá Öfundarfirði ráðinn starfsmaður sambandsins. Hann ferðaðist á milli félaganna um veturinn, hélt fyrirlestra og kenndi íþróttir. Guðmundur Einarsson

frá Miðdal kenndi íþróttir haustið 1916 og um svipað leyti fór formaður sambandsins, Steinþór Guðmundsson guðfræðingur, í fyrirlestrarferð á þess vegum. Nokkrir fyrirlestrar voru haldnir haustið 1917 en eftir það dró mjög úr starfseminni. Helsta ástæðan var fjárskortur því tekjur þess voru rýrðar töluvert frá hendi UMFÍ haustið 1917. Eftir þá vængstýfingu fór að draga að endalokum.

Skeggrætt um skiptingu

Fljótlega eftir stofnun fjórðungssambandanna hófust deilur um fyrirkomulag og ágæti þeirra yfirleitt. Íþróttasambandið Skarphéðinn í Árnes- og Rangárvallasýslum var stofnað árið 1910. Þess helsta verkefni fyrstu árin var að halda árlegt íþróttamót fyrir héraðið. Héraðsmótin voru haldin að Þjórsártúni og voru stórhátíðir Sunnlendinga með þúsundum mótsgesta. Tveimur árum seinna reis Ungmennasamband Borgarfjarðar á legg og hafði svipuðu hlutverki að gegna. Það stóð fyrir árlegu íþróttamóti héraðsins á sumrin og umræðufundum á veturna. Mörgum Sunnlendingum og Borgfirðingum þótti ólíkt ham-paminnna að sækja sinn félagslega vettvang innan sýslanna fremur en landsfjórðungsins, þess heldur sem ákveðið var að leggja Vesturland undir fjórðunginn og láta landamærin ná frá Skeiðará til Gilsfjarðar. Þar á milli var ekki minna en viku til tíu daga ferðalag fyrir röskan ferðamann með óþreytta hesta. Hestar voru þá helsta samgöngutækið og lítið var um vegi. Þetta var nefnilega fyrir daga þeirra sjálfrennreiða sem seinna nefndust bílar. Páll Zóphaniásson, fyrsti formaður UMSB, hafði þetta um samgöngumálin að segja í *Skinfaxa* árið 1913:

Ég hika ekki við að fullyrða það að eins og nú er háttað samgöngum hjá okkur, er okkur ómögulegt með öllu að sækja almennt og með áhuga eitt íþróttamót og eitt íþróttanámskeið úr öllum fjórðunginum. Þau verða að verða fleiri og hvað er þá eðlilegra en hafa samböndin ekki stærri en það að kraftarnir geti verið óskiptir um þau.²



Jónas Jónsson frá Hriflu, ritstjóri *Skinfaxa*, taldi einsýnt að leggja fjórðungssamböndin niður og taka upp héraðssambönd.

Næstu árin stóðu stöðugar deilur um framtíð fjórðungssambandanna í *Skinfaxa* og sýndist sitt hverjum. Stjórnarmenn sambandanna börðust gegn skiptingu þeirra og töldu einingarnar verða því veikari sem þær væru minni. Hinsvegar voru margir sem þóttu fjórðungssamböndin þung í vöfum vegna stærðar sinnar. Héraðssambönd sem náðu yfir eina sýslu þóttu þeim hentugri einingar. Nokkur hiti hljóp í umræðuna um tíma og til dæmis voru bornir fram tveir listar, A- og B-listi, á þingi FS 1914 þegar kjósa skyldi fulltrúa á þing UMFÍ. Á A-lista voru andstæðingar fjórðungsskipta en á B-lista voru skiptingarmenn. B-listinn sigraði í kosningunum og hlaut átta fulltrúa af þeim tólf sem kjörnir voru.

Margir lögðu orð í belg um það hvort betra væri að halda eða sleppa fjórðungssamböndunum. En þegar ritstjóri *Skinfaxa*, Jónas Jónsson frá Hriflu, brá stílvopni sínu lögðu menn augu og eyru að. Jónas



Magnús Stefánsson, dyrvörður í Stjórnarráðinu, var síðasti formaður Fjórðungssambands Sunnlendinga sem var lagt niður árið 1922.

lagðist á sveif þeirra sem vildu leggja FS niður og skóf ekki utan af hlutunum frekar en fyrri daginn. Hann tiltók nokkur atriði og sagði meðal annars:

- Fjórðungurinn er svo stór að menn ná til engra funda saman, ekki einu sinni með fulltrúakosningu. Sannar það reynsla undanfarinna ára.³

- Kynningin og áhrifin innbyrðis sáralítill eins og nú er og ekki líkleg til að fara vaxandi.

- Allar fjórðungsstjórnir hafa þótt daufar og framkvæmdalitlar og þó verið margskipt um menn. Það bendir til að annað hvort sé lítið mannval í ungmennafélögum í Reykjavík eða að starfið sé forsending.

- Ráðið út úr vandræðunum er að hafa samböndin minni, héraðsambönd sem annist heimamál héraðanna.

Brátt fór að kvernast úr liðinu hjá FS. Átta vesturskaftfellska ungmennafélög sögðu sig úr sambandinu árið 1917 þar sem þau höfðu myndað með sér héraðssamband. Úrsögnin var samþykkt á ársþingi FS það ár og Skaftfellingum greiddur erfðahluti þeirra úr sjóðum sambandsins. Þá voru eftir 27 félög með 1177 félagsmönnum. Auðséð var að þingfulltrúar gerðu ekki ráð fyrir langlífi sambandsins því þeir sömdu tvær fjárhagsáætlanir. Aðra fyrir óbreytt ástand en hin gerði ráð fyrir frekari uppskiptingu.

Eftir þetta var ljóst að dagar FS voru taldir. Síðustu árin voru að mestu bið eftir endalokunum og starfsemin fremur þróttlítil. Íþróttakennsla var engin en nokkrir fyrirlestrar haldnir á vegum sambandsins. Vorið 1918 stofnuðu Dalamenn sitt héraðssamband



Guðbjörn Guðmundsson,
prentari, var fyrsti formaður
UMSK.



Þorlákur Björnsson frá
Grafarholti var fyrsti gjaldkeri
UMSK.



Guðrún Björnsdóttir frá
Grafarholti var fyrsti ritari
UMSK.

en þeir höfðu reyndar aldrei starfað innan FS. Skarphéðinsmenn og Borgfirðingar einbeittu sér að eigin samböndum og treystu böndin við UMFÍ sem var að styrkjast. Síðustu þing FS voru hálfgerðar málamyndasamkomur enda orðaði einn þingfulltrúinn það svo á þinginu 1920 „að fjórðungssambandið væri úrelt orðið“ og mótmælti því enginn.

Á sambandsþingi UMFÍ 1921 var ákveðið að leggja fjórðungssamböndin niður og á þingi FS vorið 1922 lauk formlegri sögu þess. Skattar félaganna fyrir það ár voru endurgreiddir, skuldum skipt niður

á væntanleg héraðssambönd og þeir litlu fjármunir sem til skiptanna voru látnir renna til *Skinfaxa*. Lokaorð þinggerðarinnar voru:

Að lokum minntist ritari fjórðungsins hr. Björn Birnir með nokkrum orðum Sunnlendingafjórðungs sem nú hjeldi sitt síðasta þing. En því næst leysti fjórðungsstjórinn [Magnús Stefánsson] fjórðunginn upp með stuttri minningar- og hvatningarræðu. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Þingi slitið.

Magnús Stefánsson forseti. Guðbjörn Guðmundsson og Aðalsteinn Sigmundsson ritarar.⁴

UMSK verður til

Nú fóru í hönd miklir breytingatímar í skipulagi ungmennafélagsshreyfingarinnar, ekki síst á Suður- og Vesturlandi. Íþróttasambandinu Skarphéðni var breytt í héraðssamband (HSK) haustið 1922 og Héraðssamband Snæfells- og Hnappadalssýslu (HSH) leit dagsins ljós um svipað leyti. Í Borgarfirði hafði UMSB starfað um árabil og UMSD í Dalasýslu. Þá voru aðeins eftir hin dreifðu félög í Reykjavík og nágrenni. Í *Skinfaxa* var gefið til kynna að félagssvæði verðandi sambands næði frá Selvogi að Hvalfirði að meðtöldu Reykjanesi. Á þessu víðáttumikla landsvæði voru þá aðeins fjögur ungmennafélög starfandi. Það voru Ungmennafélag Reykjavíkur, Afturelding í Mosfellssveit, Drengur í Kjós og Ungmennafélag Miðnesinga í Sandgerði. Félagsmenn þeirra voru 260 að tölu. Fjölmennast var Afturelding með 80 félag, Umf.R átti 75, Drengur 60 en fámennastir voru Miðnesingar með 45 félag.

Félögin fjögur voru sitt með hverju móti en mestur samhljómur var á milli nágrannafélaganna í Kjós og Mosfellssveit, Aftureldingar og Drengs. Þegar hér var komið sögu héldu þau árlega íþróttamót sín á milli sem hófust sumarið 1918. Þetta leiddi af sér enn frekari samvinnu á íþróttasviðinu, einkum í víðavangshlaupum. Ungmennafélag Miðnesinga var nýtt af nálinni, stofnað 1920 en Ungmennafélag Reykjavíkur var gamalgróið stórveldi. Þrátt fyrir glæsta for-

tíð voru innviðir þess farnir að fúna og þremur árum eftir stofnun UMSK var saga þess öll.

Gjörðabækur sambandsins fyrsta áratuginn eru glataðar en frásögn af stofnþinginu hefur varðveist í *Skinfaxa* sem bjargar málunum eins og oftast. Loka- verk fulltrúanna á síðasta þingi FS var að skipa þriggja manna nefnd til að undirbúa stofnun héraðssambands. Hana skipuðu þau Guðbjörn Guðmundsson gjaldkeri Umf. Reykjavíkur, Ellert Eggertsson formaður Drengs og Guðrún Björnsdóttir fundarstjóri Aftureldingar. Nefndin hafði samband við félögin fjögur og boðaði þau til stofnþings í Reykjavík 19. nóvember 1922. Félögin brugðust vel við og hvert þeirra sendi tvo fulltrúa á þingið. Að auki komu þarna nokkrir félagar úr Mosfellssveit og Reykjavík og Guðmundur Jónsson frá Mosdal, frá Bandalagi ungmennafélaga Vestfjarða, alls um 20 manns. Hinir atkvæðisbæru fulltrúar voru Þorlákur Björnsson og Kjartan Norðdahl frá Aftureldingu, Ellert Eggertsson og Magnús H. Blöndal frá Dreng, Jón Kjartansson og Magnús Stefánsson frá Umf. Reykjavíkur og Sveinbjörn Einarsson og Stefán Jóhannsson frá Umf. Miðnesinga.

Stofnþingið var ekki vettvangur stórra ákvarðana en þingmenn samþykktu tillögu Guðrúnar Björnsdóttur frá Gröf um að félögin héldu sameiginlegan skemmtifund næsta sumar. Kosin var stjórn sem sat óbreytt næstu þrjú kjörtímabil en hún var þannig skipuð:

Guðbjörn Guðmundsson	formaður
Guðrún Björnsdóttir	ritari
Þorlákur Björnsson	gjaldkeri

Ýmislegt hefur glatast af elstu gögnum sambandsins en svo vel vill til að fyrstu lögin eru til í frumriti, snyrtilega vélrituð. Þau hljóða þannig í einfaldleika sínum:

Lög fyrir „Ungmennasamband Kjalarnesþings.“

1. gr. Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings.

2. gr. Sambandið starfar samkvæmt stefnuskrá UMFÍ og vinnur að kynningu og samvinnu milli ungmennafélaga á sambandssvæðinu. Inngöngu í sambandið geta öll fjelög fengið er starfa á þessum grundvelli.
3. gr. Hvert fjelag kys 1 fulltrúa fyrir hverja 20 fjelaga eða færri á hjeradsþing sem halda skal í októbermánuði árlega. Skal þar kosin stjórn fyrir sambandið er sje skipuð formanni, ritara og fjehirðir. Einnig skal kjósa varastjórn og 2 endurskoðendur. Stjórnin hefir á hendi framkvæmdir allra sameiginlegra mála sambandsins milli þinga. Á hjeradsþingi skal hún gefa skýrslu um störf sín og fjárhag sambandsins á hinu liðna starfs- og reikningsári sem telst frá 1. október til 30. september.
4. gr. Hvert fjelag greiðir árlega 35 aura skatt af hverjum reglulegum fjelaga í sambandssjóð. Ákveður hjeradsþing með fjárlögum hvernig því fje skuli varið.
5. gr. Við hver áramót skulu fjelögin innan sambandsins senda sambandsstjórninni skýrslu í 2 eintökum um hag sinn og starfsemi. Jafnframt skýrslunni skulu sendir allir lögboðnir skattar til hjerads- og landssambandsins (samkvæmt ákvæðum sambandslaga UMFÍ). Skattarnir greiðast fyrirfram.
6. gr. Til hjeradsþings skal boða skriflega með tveggja mánaða fyrirvara og er það lögmætt ef löglega er til þess boðað. Fulltrúar skulu hafa kjörbrjef. Aukaþing skal háð ef stjórninni þykir við þurfa eða ef helmingur fjelaga þeirra sem í sambandinu eru, óska þess og skal boðað til aukapings á sama hátt og til aðalþinga.
7. gr. Að öðru leyti vísast til sambandslaga UMFÍ. Þannig samþykkt á stofnfundi 19. nóvember 1922.⁵



Ungmennafélag Reykjavíkur lét byggja sundskála í Skerjafirði. Sundfólk við víslu sundskálans 1. ágúst 1909.

Fjögur félög eða sex

Nú er rétt að setja krók á hala sinn og kynna til sögunnar þau fjögur ungmennafélög sem stofnuðu Ungmennasamband Kjálarnesþings einn lognkyrran haustdag í nóvember 1922. Sagt verður frá starfsemi þeirra fyrstu tvo áratugi sambandsins eða þar um bil. Reyndar stóðu tvö þessara félaga, Ungmennafélag Reykjavíkur og Ungmennafélag Miðnesinga, fremur stutt við í UMSK en þau verðskulda þar fyrir sinn sess í sögunni. Fljótlega bættist fimmta félagið við því Ungmennafélag Akraness gekk í raðir UMSK strax á fyrsta ári sambandsins, veturinn 1923. Reyndar var Akranes á félagssvæði Ungmennasambands Borgarfjarðar en ástæðan fyrir því að það gekk fremur í UMSK mun hafa verið sú að samgöngur við Reykjavík og yfir Hvalfjörðinn í Kjósina voru mun greiðari

sjóleiðina en landleiðin upp í Borgarfjörð. Sjötta félagið, Ungmennafélagið Velvakandi í Reykjavík, gekk í UMSK á stofndegri sínum 12. maí 1925. Það var stofnað á rústum Ungmennafélags Reykjavíkur enda höfðu margir stofnfélagar þess starfað í síðarnefnda félaginu. Hér kemur því örstutt söguágrip þessara sex félaga frá upphafi þeirra og fram á heimsstyrjaldarárin.

Ungmennafélag Reykjavíkur

Elst þessara félaga var Ungmennafélag Reykjavíkur. Það var stofnað 3. október 1906 og varð strax í upphafi eitt öflugasta ungmennafélag á landinu. Hinir elstu ungmennafélagar sögðu að aldrei hefði verið eins skemmtilegt að vera ungur Íslendingur eins

og þá. Sá mikli þróttur og eldmóður sem gagntók æskufólkið í árdaga ungmennafélaganna var ríkjandi í Umf.R fyrstu árin. Félagar þess létu sér ekkert mannlegt óviðkomandi og áhuginn var ódrepanði.

Félagsmenn áttu góðan hlut í gerð Melavallar og létu sig ekki muna um að reisa vandaðan sundskála í Skerjafirði árið 1909 sem vígður var með miklum glæsibrag og ræðuhöldum ráðherra. Stofnað var sundfélagið Grettir til að reka skálann og fólk þyrptist til að synda í sjónum um sumarið. En nýjabrumið náði skammt og skálinn dugði aðeins örfá ár. Óhrjálæg fiskverkun og lýsisbræðsla við hlið hans sáu til þess að grútur lagðist yfir fjörurnar og sundfólkið hraktist á braut. Þannig fór um sjóferð þá en söm var gerð ungmennafélaganna.

Fyrstu árin voru fundir haldnir á hverjum einasta sunnudegi allan veturinn og fundarsóknin þvítík að salurinn í Bárubúð rúmaði tæplega alla fundargesti. Snemma eignaðist félagið allmikið bókasafn til útlána fyrir félagsmenn sína. Félagið gaf út veglegt handskrifað blað sem hét *Skinfaxi* sem var lesið upp á fundum þess. *Skinfaxi* Umf.R var annað blað en nafni hans sem prentaður var hjá UMFÍ. Hann hófst þannig árið 1906:

Skinfaxi biður sér hljóðs og mælir þannig: Nú vil ek hefja skeiðið í skini hins fyrsta dags æfi minnar. Þér hafið allir heyrt sagnir um hinn mikla hest Ásanna er þeir gáfu Degi. Nafn hans er Skinfaxi „og lýsir allt loft og jörðina af faxi hans.“

Fjórar þykkar handskrifaðar bækur blaðsins eru geymdar á Landsbókasafni og þangað eru heimildirnar meðal annars sóttar. Í *Skinfaxes* átti þjóðlegur texti sinn verndarvæng og vei þeim sem töluðu eða skrifuðu slæma íslensku. Þeim var helgaður sérstakur þáttur sem nefndist „Mállýtasafn Skinfaxes.“ Þar var safnað saman öllum ambögum og málfarsvillum félaganna og þær birtar undir nafni þeirra. Sumir lágu betur við höggi en aðrir og Helgi Valtýsson, þáverandi formaður UMFÍ, fékk á baukinn fyrir að *brúka* í stað nota, nota *prívat* fyrir einka og *spurgsmál* í stað spurningar. Helgi hafði dvalist langdvölum í Noregi og var farinn að stirðna í íslenskunni. Íþróttakapp-



Sigurjón Pétursson, glímukóngur Íslands 1910 til hægri, ásamt Benedikt G Wåge, síðar forseta ÍSÍ. Sigurjón er skráddur Grettisbeltinu og með Ármannsskjöld á brjósti.

inn Sigurjón Pétursson á Álafossi var litlu skárri þótt hann væri heimaalinn. Hann þótti óþarflega dönskuskotinn með *altso* á vörum í tíma og ótíma og notaði einnig *prís* í stað verðs.

Íþróttamenn félagsins stunduðu frjálsíþróttir og fimleika af miklum dugnaði og sýndu listir sínar á fyrsta landsmóti UMFÍ í Reykjavík 1911. Félagið átti stigahæsta keppandann á mótinu en það var Sigurjón Pétursson sem bar höfuð og herðar yfir aðra íþróttamenn landsins á þeirri tíð. Á öðru landsmóti UMFÍ sem haldið var í Reykjavík 1914 var Guðmundur Kr. Guðmundsson Umf.R helsti afreksmaðurinn og þýddi fáum að reyna sig við hann í frjálsíþróttum eða glímu. Guðmundur var einnig mikill félagsmálamaður og var til dæmis gjaldkeri FS árin 1914-1918. Helsti íþróttakennari félagsins var Guðmundur Sigurjónsson sem var einn af Ólympíuförum 1908.



Guðmundur Kr. Guðmundsson var fræknasti íþróttamaður landsins og yfirburðamaður á 2. landsmóti UMFÍ í Reykjavík 1914.

Guðmundur var einnig fyrsti íþróttakennari UMFÍ og fór víða um Suðurland á þess vegum árið 1911. Þegar Guðmundur fluttist til Kanada árið 1914 lögðust íþróttir niður hjá Umf.R.

Ungmennafélag Reykjavíkur var eingöngu ætlað karlmönnum en átti sér systurfélagið Iðunni þar sem konur réðu ríkjum. Þessi félög stofnuðu hlutafélagið Skíðabrautina hf. árið 1908 í þeim tilgangi að bæta aðstöðu skíðafólks í Reykjavík. Þá bjuggu flestir í Kvosinni og skíðafólki þótti langur vegur að komast á

skíði inn við Ártúnsbrekku. Því var ákveðið að koma upp skíðabraut í Öskjuhlíðinni. Þetta var sennilega ein stórbrotnasta hugmynd sem reynt var að framkvæma hjá ungmennafélögum þeirra tíma. Lagt var til atlögu við stórgrýtisurð í hlíðinni en verkið sóttist seint. Þar var ekki farið í manngreinaralit heldur báru saman á börum, bæði grjót og mold, jafnt biskupsdætur frá Laufási og dætur skútukarla úr Grjótaþorpi. Þarna unnu fjöldamargir ungmennafélagar mikla sjálfbodaðavinnu í átta sumur án endurgjalds og ruddu braut í hlíðina með hörðum höndum. Unnu oft 30-50 manns þar á kvöldi og lögðu samtals fram 5456 klukkustunda vinnu fyrstu sex árin. Öllum var goldið sama kaup, 25 aurar á tímann, en það fé var aldrei borgað út heldur breytt jafnóðum í hlutafé í skíðabrautinni. Brautinni varð ekki að fullu lokið og hún var aldrei mikið notuð því snjóléttir vetur fóru í hönd en hin heilbrigða samvera og samstaða unga fólksins var mörgum minnisstæð sem þarna lögðu hönd á plóginn.

Í kringum skíðabrautina var plantað mörgum trjáplöntum á skógræktardegi 1911 sem vonglaðir ungmennafélagar væntu sér mikils af. En öll þau tré urðu ýmist frosti eða fénaði að bráð og aldrei spratt sá skógur sem vænst var eftir. Þetta stærsta mál félagsins virðist hafa verið illa valið og hugsanlega hefði kröftunum betur verið einbeitt að húsbyggingu. Vonbrigðin með skíðabrautina og skóginn vógu þungt þegar kom að endalokum félagsins.

Framan af starfstíma sínum bjó félagið vel að félagslega virkum einstaklingum sem seinna urðu máttarstólpar þjóðfélagsins. Þar á meðal voru Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra, Jónas Jónsson dómsmálaráðherra og Ásgeir Ásgeirsson forseti svo nokkrir séu nefndir. Félagið lagðist í dvala vorið 1918 en var endurvakið fjórum árum síðar og vann þá að því ásamt Iðunni að byggja sér samkomuhús við Laufásveg. Byggingin hófst árið 1922 og árið eftir sameinuðust félögin undir merki Umf. Reykjavíkur. Hluti hússins var vígður vorið 1923 en þetta voru fjörbrot félagsins og senn fór starfi þess að hnigna. Frumkvöðlar hurfu á braut og sporgöngumönnum tókst ekki að halda merki þeirra á lofti. Sundurlyndi fór vaxandi innan félagsins og voru töluverðir flokkadrættir á milli manna. Húsbyggingin kostaði



Guðmundur Sigurjónsson var frækkinn glímukappi, Ólympíufari og kenndi íþróttir á vegum ungmennafélaganna.

meira en bolmagn félagsins leyfði og og fjárkröggur vegna hennar drógu mátt úr því. Undir lokin linnu ekki háum skuldakröfum fyrir gjaldfallna víxla og ógreiddar vörur og niðurstaðan varð gjaldþrot félagsins. Þegar 30 tryggustu félagsmennirnir gengu úr því á einu bretti var starfsemi þess sjálfhætt og vorið 1925 var þetta fornfræga félag lagt niður.

Ungmennafélagið Afturelding

Ungmennafélagið Afturelding í Mosfellssveit var stofnað 11. apríl 1909. Það er eitt hið farsælasta og söguríkasta ungmennafélag landsins og hefur starfað með ágætum frá fyrstu tíð eins og hin veglega aldar-afmælisbók þess, *Dagrenningur* sem kom út árið 2009, ber með sér. Bókin er hin besta heimild og til hennar er meðal annars sótt efni í þennan kafla.

Konur voru lítt áberandi í ungmennafélögum

framan af en félagsmenn Aftureldingar kusu Guðrúnu Björnsdóttur í Grafarholti sem fyrsta formann sinn en slíkt var næstum einsdæmi á þeim tíma. Að öðrum ölöstuðum var hún lífið og sálin í starfsemi félagsins fyrstu árin. Hún sat 14 ár í stjórn þess, ýmist sem formaður eða fundarstjóri en það embætti tilheyrði lengi stjórnarstörfunum. Þá var hún lengi í ritstjórn félagsblaðsins *Dagrennings* og sat í fleiri nefndum og ráðum á vegum félagsins en hægt myndi upp að telja. Guðrún kom víða við í félagsmálum og sat meðal annars í stjórnnum bæði FS og UMFÍ og síðar UMSK. Hún var barnakennari að mennt og einn af nemendum hennar, Halldór Guðjónsson sem síðar kallaði sig Laxness, sagði í afmælisblaðinu *Dagrenningi* sem út kom 1959 að hún hefði verið „frumkvöðull, hvatamaður góðra hluta og framkvæmdaskörungr í þessu félagi. Nokkurskonar andleg fóstura ungmennafélagsins Aftureldingar.“

Fyrstu starfsár Aftureldingar einkenndust af fjölbreytni og eldmóði eins og segir í *Dagrenningi*. Margar háfleygar hugmyndir litu dagsins ljós og ýmsar þeirra komust í framkvæmd. Heimilisíðnaður, skemmtiferðir, sundkennsla, skógrækt og vikivakar voru meðal verkefnanna. Félagar störfuðu af mikilli ósérhlífni og föðurlandsástin var sá drifkraftur sem hvatti alla til góðra verka. Systkinin frá Grafarholti, Steindór, Björn, Sólveig, Guðrún, Þórunn, Sigríður og Helga Björnsbörn voru lengi í framvarðasveit félagsins. Þau töldu sig til fyrirfólks í sveitinni og Grímur Norðdahl á Úlfarsfelli sem var lítið fyrir að hneigja höfuð fyrir þeim sem þóttust hærri settir lýsti því eitt sinn svo fyrir söguritara:

Það leit nú ekkert smávegis stórt á sig fólkið þarna í Grafarholti. Hinir voru bara pakk! Ég fékk bréf frá þeim fljótlega eftir að ég var orðinn formaður um að góður félagi okkar okkar vildi segja sig úr félaginu og það ætti að stríka hann út en ég vissi betur og það fylgdi ekkert umboð. Ég var nú snemma það mikill lögfræðingur að þessu bréfi stakk ég bara í rassvasann og lét engan mann sjá það.

En einu sinni komu þau eitthvað seint á skemmtun á Lágafelli systkinin frá Grafarholti og dansinn var byrjaður þegar þau birtust. Þá



Unga fólkið í Grafarholti sem var í fylkingarbrjósti Ungmennafélagsins Aftureldingar á fyrstu árum þess. Sitjandi: Sigurður Eyvindsson, Þórunn Björnsdóttir, Björn Birnir Björnsson og Helga Björnsdóttir. Standandi: Steindór Björnsson, Guðrún Björnsdóttir, Sólveig Björnsdóttir, Pétur Eyvindsson og Sigríður Björnsdóttir.

sagði ein systirin stórhneyksluð: „Fólkið er bara farið að dansa stjórnlausan vals þó allt aðalfólkið sé ekki komið!“ En þetta var nú samt dugnaðarfólk og það gerði marga góða hluti fyrir félagið.⁶

Fundir Aftureldingar voru fjörugir og fjölmennir og hófust og enduðu með söng, ósjaldan sálmasöng því menn voru sannkristnir í Mosfellssveitinni. Á fundunum voru málín rædd og ótrúlega margt milli himins og jarðar tekið til umræðu. Svo voru málín sett í nefnd og sum sofnuðu þar en önnur báru ávöxt. Framan af voru fundirnir ekki sjaldnar en mánaðarlega og skemmtifundur einu sinni á ári. Árið 1910 hófu liðsmenn Aftureldingar að gefa út handskrifað blað sem nefndist *Dagrenningur* og var það látið ganga

boðleið um hreppinn. Þar birtust greinar sem félagsmenn sömdu, þýddar og frumsamdar og þar voru einnig frásagnir af ferðum og fundum félagsmanna. Stundum kom þó fyrir að blaðið strandaði á einhverjum bænum og árið 1920 var samþykkt að hætta útsendingum *Dagrennings* en lesa hann heldur upp á fundum. Svo var gert um langan aldur en eftir miðja síðustu öld fór að fjara undan blaðinu og síðasta eintakið var lesið upp árið 1955.

Á fyrstu árum félagsins starfaði söngflokkur sem hlaut nafnið *Litla kórið* og sá hann um sönginn allsstaðar á samkomum félagsins, mótum, fundum og skemmtunum og þá einnig í kirkjunni. Félagsmenn söfnuðu lengi frásögnum af starfi félagsins saman í litla bók sem auðvitað var kölluð *Litla bókin* og þar er skrásett mikið starf þrátt fyrir hið hógværa nafn.

Aftureldingarmenn voru duglegir að skapa sér sameiginlegar gleðistundir eins og einn félaginn sagði frá í minningarriti UMFÍ 1937:

Langferðir í bílum: Þingvellir, Fljótshlíð, Þjórárdalur, Laugardalur, Borgarfjörður, Vík, Geysir, Gullfoss - oftast sólskin, stundum rigning, alltaf söngur og gleði. Vikivakar - ný og gömul kvæði, ný og gömul lög, - nýir vinir. Útilegur á grasafjalli, tjaldlíf og fjallafegurð, komið heim með stóra eða smáa grasapoka, björg í bú.⁷

Félagið var á hrakhólum með húsnæði og voru fundir ýmist haldnir í þinghúsi hreppsins sem var kaldur og óhrein kofi eða á heimilum félagsmanna víðs vegar í sveitinni. Árið 1921 mæltist hreppsnefndin til þess við félagið að það legði fram fé til byggingar samkomuhúss fyrir sveitina. Félagsmenn brugðust vel við og lánuðu hreppnum aleigu sína, 3000 krónur, sem var stórmikið fé. Framkvæmdir hófust vorið 1922. Þá grófu félagar í Aftureldingu fyrir grunninum eina bjarta júnínótt. Byggingin reis hratt og sagði svo frá því í *Skinfaxa* um sumarið: „Umf. Afturelding í Mosfellssveit hefir í smíðum stærsta samkomuhúsið sem nokkurt ungmennafélag hefir látið reisa. Það er gert úr steinsteypu. Félagarnir hafa unnið mjög mikla sjálfböðavinnu við húsið í sumar.“ Þetta bar þann árangur að húsið Brúarland var tekið í notkun um haustið enda var það jafnframt skólahús. Ungmennafélagar töldust ekki eigendur en höfðu afnotarétt af húsinu. Þannig nutu þeir góðs af láninu. Brúarland var helsti samkomustaður sveitarinnar allt til ársins 1951 þegar félagsheimilið Hlégarður reis af grunni.

Íþróttir áttu upp á pallborðið hjá Aftureldingarmönnum en ekki -konum því karlarnir voru lengi einir um hituna eins og víðast hvar annars staðar. Fyrsta íþróttamót félagsins var haldið með hátíðarbrag sumarið 1912. Það hófst með skrudgöngu og ræðuhöldum en síðan glímdu sjö drengir af kappi. Ekki færri en 13 reyndu sig í 400 metra hlaupi og svo kom hástökk, langstökk og sund. Mótið fór hið besta fram og nú voru menn komnir á bragðið. Árið eftir var haldið íþróttamót númer tvö og þar var glímt, hlaupið og stokkið. 1915 fór þriðja mótið




Samkomu- og skólahúsið Brúarland í Mosfellssveit. Myndin er tekin árið 2005.

fram á Hafravatnseyrum og þá gerðust þau tíðindi að fjórar stúlkur sýndu leikfimi. „Þótti þeim takast allvel,“ segir í Litlu bókinni en ekki fréttist neitt meira af íþróttum kvenna næstu áratuginna. Nú fóru menn að hugsa lengra og tóku upp samstarf við nágranna-félagið Dreng í Kjósinni. Fyrsta íþróttamót félagsanna fór fram árið 1918 og fóru mótin síðan fram árlega allt fram á 6. áratuginn. Þar spreyttu sig margir vaskir drengir í frjálsíþróttum, sundi og glímu enda var mikill áhugi fyrir íþróttum í báðum félögunum.

Sjaldgæft var að Aftureldingarmenn kembdu hærurnar í formannsstólnum. Fyrstu 30 árin sátu 13 formenn og fæstir nema eitt til tvö ár í senn. Undantekningarnar voru Sólveig Björnsdóttir sem var formaður í fimm ár og Grímur Norðdahl sem sat í átta ár. Svipað var uppi á teningnum með ritarana sem voru 19 á þessum tíma en gjaldkerar þó ekki nema 11. Þetta skapaði heilmikla fjölbreytni en kannski ekki eins mikla festu hjá Aftureldingu. En svo margir voru um boðið í stjórnarstörfum félagsins að enginn bilbugur sást á því þótt lykilmenn hyrfu á braut. Maður kom manns í stað. Félagsmenn Aftureldingar voru til dæmis nokkuð ánægðir með frammistöðu sína árið 1924 og gáfu henni þessa umsögn í ársskýrslu til UMFÍ:

Félagið á mörgum góðum íþróttamönnum á að skipa; hlaupurum, glímumönnum og fleirum, enda alltaf með vinningahæstu félögum á landsmótum og oftár. Á fundum eru rædd



Íþróttamenn Aftureldingar og Drengs í skróðgöngu við setningu fyrsta sameiginlega íþróttamóts félaganna á Kollafjarðareyrum 14. júlí 1918.

félagsmál, sveitamál og almenn landsmál. Þar eru sögur sagðar, talað um útkomnar bækur og fleira. Samfundina á Akranesi og í Prastaskógi sótti félagið allra félaga best. Félagið tók á móti Norðmönnum fimm, voru þeir gestir þess í þrjá daga. Ýmis sveitamál sem miklu skifta hefur félagið látið til sín taka eða átt forystu.⁸

Félagið var sémilega fjölmennt eftir því sem þá gerðist og til dæmis voru tíundaðir 80 félagsmenn í skýrslu ársins 1922 við upphaf UMSK. Þeim hafði aftur fækkað í 60 árið 1942, við lok þess tímabils sem hér er um fjallað. Eftir miðja öldina fór Aftureldingum hinsvegar að vaxa góður fiskur um hrygg enda fór Mosfellssveitungum þá ört fjölgandi.

***Minni Aftureldingar**

Íslandi allt! Það eru ekki nema tvö orð en þýðing þeirra verður ekki sögð með tveimur orðum. Við höfum oft heyrt þetta, bæði fyrr

og síðar en Íslandi verður ekki unnið allt með orðunum einum því „orð, orð, innantóm / fylla storð fölskum róm.“ Það verður líka að koma fram í verkinu og þetta er það sem ungmennafélögin eru að berjast fyrir. Á það benda hin einkunnarorðin: Hraust sál í hraustum líkama. Því aðeins nýtur Ísland starfskrafta vorra að einhverjir séu en ég hugsa að við vinnum Íslandi mest gagn með því að styrkja bæði líkama og sál. Því að sá sem ekki er hraustur á líkama og sál, hann er líka ónýtur til vinnu. En sökum þess hve menn hafa verið áhugalausir fyrir líkamsíþróttum nú á síðari öldum hafa margir dáið úr vesöld og hættulegum sjúkdómum þegar á unga aldri. Þessu vilja ungmennafélögin sporna við og því takmarki ættu þau að ná með því að iðka íþróttir þær er forfeður vorir héldu mest upp á svo sem sund, glímur og þær aðrar er margsannað er að til styrkingar eru líkama og sál svo sem leikfimi og fleira.⁹

Ungmennafélagið Drengur

Ungmennafélagið Drengur í Kjósarhreppi var stofnað 1. ágúst 1915. Helsti hvatininn að stofnun félagsins var iðkun íþróttar. Nokkur undanfarin sumur höfðu ungir menn sveitarinnar komið saman á Bugðubökkum á sunnudögum og sparkað á milli sín fótkefni. Þangað kom Þorleifur Guðmundsson er síðar varð ráðsmaður á Víflsstöðum og hvatti íþróttakappana til að stofna ungmennafélag fremur en að standa í þessum eltingaleik við knöttinn. Þeir brugðust vel við og stofnuðu félagið næsta sunnudag á Bolteyrinni sem þá hafði fengið nafn sitt af knattleikunum. Stofnendur voru tæplega tuttugu ungir menn en konurnar fylgdu í kjölfarið um veturinn. Það kom þannig til að halda skyldi álfadans á nýársdag en þá vantaði álfameyjar. Fótboltadrengjunum tókst að lokka þær til liðs við sig í félagið sem varð öllu skemmtilegra fyrir bragðið. Félagið gekk til liðs við UMFÍ og ÍSÍ þegar á fyrsta starfsári sínu.

Fyrstu stjórn félagsins skipuðu þeir Þorgils Guðmundsson á Valdastöðum formaður, Ellert Eggertsson Meðalfelli ritari og Halldór Jónsson Káranesi gjaldkeri. Í fyrstu lögum þess stóð í 2. grein að tilgangur þess væri að „glæða drengskap og fjelagsanda fjelagsmanna og efla dád þeirra og dug.“ Um markmið þess sagði svo í 3. grein:

Tilgangi sínum vill félagið ná með því að iðka ýmiskonar íþróttir, svo sem sund, glímur, knattspyrnu og fleira. Ennfremur gangast fyrir um ræðuhöld og fyrirlestra fræðandi eða vekjandi efnis.¹⁰

Félagsmenn Drengs létu ekki deigan síga við íþróttirnar og fljótlega hófust hinar sögufrægu viðureignir við nágrannafélagið Aftureldingu. Þar var keppt áratugum saman í frjálsíþróttum, sundi og glímu. Svo gátu hinir sauðléttu hlaupagarpar félagsins sér mikinn orðstír í víðavangshlaupum á þriðja áratugnum. Kappsláttur var óviðað stundaður en Drengir mundu orfin nokkrum sinnum á innanfélagsmótum og bestu sláttumennirnir hlutu verðlaun.

Kjósarmenn voru engir nýgræðingar í félagsmálum þegar Drengur kom til sögunnar því þar hafði

lengi starfað svokallað Bræðrafélag Kjósarsýslu, menningarfélag sem lauk göngu sinni árið 1978 eftir næstum heillar aldar starf. Þegar frá byrjun urðu fundir Drengs margir, langir og fjörugir. Um það vitna fundargerðir sem oft eru allmargar blaðsíður. Fyrstu árin voru fundir mánaðarlega en fækkaði fljótlega niður í þetta sex til átta fundi á ári og hélst þannig lengi. Allir fundir byrjuðu og enduðu með söng að síð góðra ungmennafélaga og fóru vel og skipulega fram í hvívetna. Á hverjum fundi voru skipaðir þrír framsögumenn fyrir næsta fund og völdu þeir hver sitt umræðuefni sem gat enst málgjöðum ungmennafélögum vel og lengi enda átti félagið marga mælskumenn.

Sérstöku ástfóstri tóku menn við tvo daga ársins; öskudag og sumardaginn fyrsta. Þá daga voru alltaf fundir og aðrar samkomur ef hægt var að halda þær. Öskudagsfundirnir voru útbreiðslufundir og fastur liður var að lesa upp glensfullar vísur sem borist höfðu í öskupokum til formannsins. Fékk þar margur eldheita ástarjótningu en stundum voru áhöld um að þeir sem voru skráðir fyrir vísunum væru hinir réttu höfundar. Stundum voru haldnar barnaskemmtanir á sumardaginn fyrsta. Einu sinni á ári voru haldnir skemmtifundir og þar voru fluttir fyrirlestrar, sýndir leikþættir, lesið upp, sungið og náttúrlega dansað.

Drengsmenn voru ritgladir með afbrigðum og margir ágætlega ritsnjallir. Á fyrsta ári stofnuðu þeir félagsblaðið Draupni og lásu það upp á fundum. Árið eftir var blaðið skírt upp og nefnt Hreiðar heimski eftir söguhetju fornsagna sem reyndar var spekingur hinn mesti. Hreiðar heimski var mikill viskubrunnur og áratugum saman kom blaðið út á hverjum fundi Drengs, sex til sjö tölublöð árlega. Blaðið var skrifað inn í þykkan bækur í stóru broti og blaðsíðurnar gátu skipt tugum í hverju blaði. Það kom út óslitið til ársins 1957. Til eru í vörslu félagsins tíu bindi af Hreiðari heimska og sum þeirra mikil að vöxtum. Kjósaringar voru hagameltir enda var drjúgur hluti efnisins í bundnu máli. Þarna birtust frumsamdar sögur og ljóð, frásagnir af ferðalögum og fyrirbærum og stundum brýndu menn brandinn og tókust á um félagsleg málefni. Staka á titilblaði einnar bókarinnar hljóðaði svo:

*Nú birtist í Hreiðari boðskapur enn
í batnandi sögum og ljóðum.
Þörf er þó enn fyrir þroskaða menn
og þétting af laglegum fljóðum."*

Á fyrsta ári félagsins gaf einn af bændum sveitarinnar því landblett til ræktunar. Þar voru ræktaðar kartöflur um tíma og árið 1928 girtu félagsmenn dálitla skógarbrekku í Vindáshlíð. Fyrir hvatningu félagsins risu upp skruðgarðar á heimilum allmargra félagsmanna og svo sannarlega stuðlaði Umf. Drengur að ræktun lýðs og lands.

Húsnæðisleysi háði starfseminni en fundir voru haldnir á þeim bæjum sem best voru hýstir. Árið 1923 lagði félagið fram fé á móti hreppnum til að stækka þinghúsið á Reynivöllum. Þar var aðsetur félagsins allt þar til ráðist var í byggingu félagsheimilisins Félagsgarðs á fimmta áratug síðustu aldar. Samhjálp var ríkjandi í störfum félagsmanna og allmörg sumur unnu þeir dagstund við heyskap hjá einhverjum sveitungum sínum þar sem þörfin var brýnust hverju sinni. Ekki gleymdu menn heldur að lyfta sér upp en það var föst regla að fara í skemmtiferð einu sinni á sumri. Félagsmönnum fjölgaði ört og tala þeirra var orðin 134 árið 1942. Það var næstum helmingur af íbúum sveitarfélagsins svo óhætt er að segja að Ungmennafélagið Drengur hafi átt góðan hljómgrunn á sínum heimaslóðum.

Ungmennafélag Miðnesinga

Ungmennafélag Miðnesinga í Sandgerði var stofnað 4. mars 1920. Stofnendur voru 20 talsins en hafði fjölgað um helming tveimur árum síðar. Varðveist hafa skýrslur félagsins til UMFÍ fyrir árin 1922 og 1924 og segir nú frá þeim. Árið 1922 var formaður Einar Gestsson lausamaður í Norðurkoti, ritari var Stefán Jóhannsson og gjaldkeri Magnús Pálsson vinnumaður í Hvalsnesi. Glímukennari kom og kenndi mönnum glímутökin á þriggja vikna námskeiði og svo var haldin glímusýning að því loknu. Íþróttaáhuginn blossaði upp og félagið sendi mann til keppni á Allsherjarmót ÍSÍ 1923. Það var Friðjón Jóhannsson sem keppti í spretthlaupum. Árið 1924

hélt félagið 10 málfundum og á sex þeirra var félagsblaðið Miðnesingur lesið upp. Félagsmenn gáfu 104 dagsverk í vegalagningu fyrir Miðneshrepp og lánuðu auk þess stóra fjárhæð til vegagerðarinnar. Félagsmenn voru þá 55 talsins en þar af aðeins fjórar konur.

Að frátöldum þessum skýrslum er sannast sagna fremur fátt vitað um æviferil Umf. Miðnesinga en hér skal tínt til það helsta. Félagið var ekki fjölmennt en félagar þess voru hugsjónaríkir og dugandi menn og komu mörgum góðum verkum á rekspöl. Það átti hvorki land né hús en tók allstóran blett á leigu árið 1926 sem það ræktaði á næstu árum. Á sumrin æfðu menn knattspyrnu. Til fjáröflunar æfði félagið og sýndi sjónleiki á vertíðum og hlaut góða aðsókn. Enn fremur hafði það fiskilóð sem formenn í Sandgerði tóku af félaginu til skiptis í róðra. Félagarnir verkuðu fiskinn sjálfir og seldu og þetta tvennt ásamt bögglauppboðum gaf talsvert af sér. Fyrsta ár sitt í sambandinu sýndu þeir góðan hug sinn til Þrasta-skógar þegar þeir gáfu allvæna fjárhæð sem varð til þess að hægt var að hafa skógarvörð þar um sumarið. Enginn í félaginu hafði nokkru sinni komið í skóginn og þeir vissu ekki fyrr en á stofnfundinum að hann var til.

Almenn andstaða innan félagsins við bindindisheit UMFÍ varð til þess að Umf. Miðnesinga sagði sig úr UMSK árið 1926. Það var þó ekki vegna þess að félagar þess væru brotlegri en annarsstaðar heldur vildu þeir ekki sitja undir ákvæði sem ekki væri haldið. Stjórn UMSK sendi erindreka sína til Sandgerðis til að reyna að fá menn til að breyta afstöðu sinni en það bar ekki árangur. Undantekningarlaust hafa félög sem gengu úr heildarsamtökunum orðið skammlíf og þannig fór um Ungmennafélag Miðnesinga. Það endaði tilveru sína á kreppuárunum eins og reyndar fjölmörg önnur ungmennafélög.

Ungmennafélag Akraness

Ungmennafélag Akraness var stofnað 23. janúar 1910 af 45 stofnfélögum. Þeim fjölgaði skjótt og urðu von bráðar á annað hundrað. Helstu frumkvöðlar að stofnun félagsins voru Haraldur Böðvarsson,

Oddur Sveinsson og Sveinbjörn Oddsson. Þeir urðu allir velþekktir í bæjarlífinu á Akranesi. Haraldur varð helsti atvinnurekandinn, Sveinbjörn verkalýðsforingi, bókavörður og bæjarfulltrúi og Oddur varð kaupmaður og landsþekktur fréttaritari *Morgunblaðsins*.

Þegar í upphafi urðu málfundir félagsins mjög öflugir og voru haldnir yfir 400 slíkir á lífdögum þess. Auk þess voru haldnir skemmtifundir á vetrum og farið í skemmtiferðir á sumrin. Félagið gekk í UMSK vorið 1923 og starfaði innan þess næstu árin. Það var UMSK mikill styrkur að fá þetta öfluga félag til liðs við sig í byrjun því það hafði afburðamönnum á að skipa að sögn Guðbjörns Guðmundssonar fyrsta formanns UMSK.

Handskrifað blað félagsins, *Morgunroðinn*, var lesið upp á fundum og komu út af því um 270 tölu- blöð með fjölbreyttu efni sem félagar sömdu sjálfir. Kom í ljós þar sem oftast að víða leyndust rithöfundar. Sandgerðispósturinn var annað blað sem ungmennafélagið gaf út árin 1924-1926 og var sérstaklega ætlað sjómönnum frá Akranesi sem reru frá Sandgerði. Þar voru sérdeilis góð fiskimið og á þessum tíma má segja að Skagamenn hafi gert út frá Sandgerði. Blaðið var sent á milli Akraness og Sandgerðis og lesið upp úr því á fundum ungmennafélagsins á báðum stöðum.

Eitt merkasta framtak félagsins var að koma á fót unglingaskóla á Akranesi sem starfaði í fjóra mánuði hvern vetur. Starfsemi hans hófst haustið 1910 og var á vegum félagsins meðan það starfaði og reyndar allt þar til gagnfræðaskóli var stofnaður 1943. Þar voru kenndar allar almennar námsgreinar enda var skólinn styrktur af ríkinu. Þangað sóttu fjölmargir unglingar af Skaganum menntun sína sem annars hefði vísast engin orðið. Kennarar barnaskólans sáu um kennsluna. Félagið stóð líka fyrir fjölmörgum námskeiðum og þar má nefna: Námskeið í bursta- og körfugerð 1923 og 1925, matreiðslunámskeið fyrir húsmæður 1926 og námskeið í vikivökum 1928. Í ársskýrslu félagsins fyrir árið 1924 var þessa umsögn að finna:

Árshátíð félagsins var haldin 1. desember á s.l. ári. Söng þá æfður flokkur nokkur lög auk þess er ræður voru fluttar. Skemmt var og með því að fara í leiki og dansa. Félagið starfrækir og sér um bókasafn hreppsins og

heldur eina til tvær skemmtisamkomur árlega til ágóða fyrir það. Húseign félagsins er metin á 5000 krónur.¹²

Íþróttalífið var öflugt í félaginu fyrstu árin og einkum stunduð leikfimi, sund og glíma. Engir voru syndir í sjávarplássinu Akranesi við stofnun félagsins en hópur pilta fór á þess vegum til sundnáms við Leirárlaug 1912 og gerðust fullsyndir. Félagið byggði sundskála í fjörunni 1928 og þar voru haldin sundnámskeið árlega. Árið 1931 var „sundskáli félagsins færður inn á Langasand sem talinn er álitlegasti baðstaður nærlendis,“ stóð í ársskýrslu félagsins. Árið eftir var haldið þar 20 manna sundnámskeið en skálinn eyðilagðist í stórbrimi árið 1933.

Árið 1912 keypti félagið helming hins svonefnda Bárúhúss á Akranesi sem var stórt og veglegt enda aðalsamkomuhús bæjarins. Nokkru síðar tók það að sér að starfrækja bókasafn hreppsins sem hafði verið í ólestri. Félagið jók bókakostinn töluvert og komst hann upp í 2000 bindi. Lengi starfaði söngflokkur innan félagsins og síðast en ekki síst var félagið brautryðjandi í leiklistarmálum staðarins. Félagið var lengstum allfjölmennt og félagsmenn þess á annað hundrað. Það merkilega var að konur voru allan tímann talsvert fleiri en karlarnir.

Við stofnun knattspyrnufélaganna Kára og Akraness árin 1922 og 1924 drógust íþróttamál til þeirra úr höndum ungmennafélagsins. Þá sneri stjórn félagsins sér að fjáröflun fyrir íþróttamannvirkin og safnaði miklum fjármunum sem fóru til þess að byggja fyrsta íþróttahús bæjarins. En þetta hafði sín áhrif til fækkunar félagsmanna og við upphaf heimskreppunnar fór að draga af félaginu. Síðasti aðalfundur þess var haldinn árið 1934. Síðast fréttist af félaginu árið 1941 þegar ákveðið var að selja Bárúhúsið. Ekki fannst lífsmark með félaginu eftir það en það var um sína daga eitt hið merkasta menningarfélag á Akranesi.

Ungmennafélagið Velvakandi

Ungmennafélagið Velvakandi í Reykjavík var stofnað 12. maí 1925 í beinu framhaldi af gjaldþroti Umf.



Börnin sjötíu frá Ungmennafélaginu Velvakanda sem sýndu vikivaka klædd þjóðbúningum á Alþingishátíðinni á Þingvöllum 1930.

Reykjavíkur og tók í raun við hlutverki þess í höfuðstaðnum. Sá var munurinn að Velvakandi var laus við skuldafjötrana sem urðu forvera þess að aldurtíla. Reynslunni ríkari létu menn það ógert að reyna að eignast húsnæði. Helsti hvatamaður að stofnuninni var þáverandi formaður UMSK, Guðbjörn Guðmundsson prentari og var hann kjörinn fyrsti formaður þess. Aðrir í stjórn voru Ólafur Marteinsson ritari og Þorbergur Ólafsson gjaldkeri. Guðbjörn var helsta driffjöður félagsins og formaður þess flest árin til 1932.

Forystumenn félagsins voru einlægir bindindismenn og börðust hiklaust gegn Bakkusi. Strax á fyrsta ári félagsins sendu þeir öllum ungmennafélögum landsins bréf og óskuðu svara um bindindismálin. Þar á meðal um ástandið hjá viðkomandi félagi og hvort ekki væri bara betra að fella niður bindindisheit ungmennafélaga en brjóta það stöðugt. Bréfin vöktu athygli og komu mikilli umræðu af stað. Meira að segja stjórn UMFÍ þótti nóg um en þetta sýndi best hve óhræddir Velvakendur voru við að brjóta ísinn.

Félagið gaf íþróttum lítinn gaum en lét margvísleg menningarverkefni til sín taka. Eitt af þeim voru

vikivakar, sem var nýgerving hinna fornu þjóddansa sem Helgi Valtýsson, fyrrum formaður UMFÍ, beitti sér fyrir. Árið 1927 byrjaði Helgi að kenna vikivaka og tóku margir innan félagsins þátt í æfingunum. Þeir voru síðan æfðir á hverjum vetri fram til 1934 og oftast dansaðir eftir fundi. Haustið 1929 æfðu þrjár stúlkur félagsins stóran barnaflokk í marga mánuði og var hugmyndin að hann sýndi listir sínar á Alþingishátíðinni 1930 ef vel tækist til. Þetta gekk eftir og þar sýndu 70 börn, stúlkur klæddar upphlutsbúningi með skarðhúfur en drengir í litklæðum að fornum sið. Eftir sýningu flokksins ætlaði fagnaðarlátum aldrei að linna. „Ég gleymi aldrei þeirri stundu, svo gagntekin var ég af hrifningu og samúð þúsundanna sem á horfðu,“ sagði Ragnheiður O. Björnsson, ein af stjórnendunum síðar.

Á hverju vori var unnið í Þrastaskógi að vegabótum og skógrækt, enda fékk félagið úthlutað reit þar sem það gróðursetti mikið af trjáum. Vorin 1927 og 1928 lagði félagið fram 40 dagsverk í sjálfböðavinnu á Þingvöllum til að undirbúa Alþingishátíðina miklu 1930.

Á fjórða áratugnum var mikið blómaskeið félags-

ins og segja má að það hafi þá verið á meðal fyrstu ferðafélaga landsins. Það gaf út prentaða ferðaáætlun á hverju vori og farið var í ferðalög á þess vegum út úr bænum um helgar á sumrin og nokkuð á veturna. Þá var gengið á flest fjöll í nágrenni Reykjavíkur og farið í helgarferðalög austur um sveitir og norður í land, allt til Mývatns.

Fundir félagsins voru haldnir mánaðarlega eða oftár yfir vetrartímann og mættu þar 30 til 40 manns að jafnaði. Þar ríkti mikil formfesta og gott skipulag. Sem dæmi að þegar nefndir voru skipaðar til að leiða málefni til lykta var formaðurinn kosinn af fundarmönnum, stjórnin skipaði næsta mann og þeir tveir völdu sjálfir hinn þriðja og þá var nefndin fullskipuð. Oft voru umræður líflegar og sem dæmi voru eitt sinn haldnar 28 ræður af 13 fundarmönnum en alls voru 26 á fundi. Varðveist hafa allar fundargerðir félagsins í tveimur gjörðabókum og þar eru skráðir 158 tölusettir fundir frá 1925-1940. Aðeins voru teknir inn í félagsskapinn þeir sem höfðu góða meðmælendur innan hans. Þeir voru bornir upp á einum fundi en fengu inngöngu á þeim næsta þegar búið var að grandskoða þá og greiða um þá atkvæði. Allir sluppu í gegnum nálaraugað nema einn sem lesa má um í fundargerð 18. desember 1928: „Samþykktir þeir sem beiddust inntöku á síðasta fundi að undanteknum Arreboe Clausen sem var felldur með öllum greiddum atkvæðum að einu undanteknu.“

Blað félagsins, Magni, var lengi vel lesið upp á hverjum fundi við ánægju fundargesta. Vinsæl gestamót fyrir ungmennafélaga utan borgarinnar hélt félagið árlega og stundum tvisvar á ári. Þar var vandað til skemmtiatriða og seldur aðgangur sem gaf af sér drjúgan skilding. Mánaðarlega voru haldnir svokallaðir *Farfuglafundir* fyrir ungmennafélaga utan af landi. Þar var ekki sóst eftir fjárhagslegum gróða heldur góðri samveru. Í orði kveðnu voru þeir á vegum UMSK en lentu strax í forsjá Velvakanda. Fundirnir voru fjölsóttir og ekki fengu aðrir inngöngu en þeir sem voru með ungmennafélagsskírteini. Hver þeirra mátti þó taka með sér einn gest á fundinn. Þar fóru fram ræðuhöld, upplestur, söngur og almenn samvera hjá aðkomufólki bæjarins sem sóttist mjög eftir þessum félagsskap.

Kvöldvökur eða tómstundakvöld hafði félagið



Ungmennafélagar í Velvakanda við gróðursetningu í Þrasta-skógi á fjórða áratugnum.

á um það bil hálfsmánaðar fresti yfir vetrartímann. Komu félagsmenn þar saman með handavinnu sína og einhver las upp eða sagði sögur. Leshringir voru einnig starfræktir. Innan félagsins starfaði kaffistofa sem seldi kaffi á fundunum en henni stjórnuðu félagskonur til skiptis. Félagið hélt venjulega tvo skemmtifundi árlega, jólafagnað og afmælisfagnað. Þá hélt kaffistofan skemmtanir annað hvert ár og gaf þá kaffið. Aldrei sást maður undir áhrifum áfengis á skemmtunum félagsins. Mikill fjöldi ungmenna gerðist félagsmenn á hverju ári en hinir voru líka margir sem hurfu á braut. Var engu líkara en mörgum reyndist erfitt að halda sig við markmið ungmennafélagskaparins þegar til höfuðstaðarins var komið.

Eins og sjá má var Velvakandi löngum gróskumikið menningarfélag og þangað sóttu ungmenni sem áttu uppruna sinn í sveitum landsins en annaðhvort fluttust til höfuðstaðarins eða dvöldust þar tímabundið. Lítil endurnýjun varð í félaginu seinni árin og var sífellt verið að kjósa sama fólkið í stjórn í mismunandi embætti. Undir lokin varð forystukreppan og upplausn hernámsins félaginu að aldurtíla enda reyndist þá næstum ómögulegt að fá húsnaði til fundahalda. Félagið starfaði fram á haust 1940 en þá lauk sögu þess.

Árþing og ályktanir

Þannig var þá staðan þegar UMSK hélt af stað í vegferð sína haustið 1922 með sína 260 félaga. Félögin

fjögur sem hófu ferðina voru misvel á vegi stödd, Miðnesingar heltust fljótlega úr lestinni vegna and-úðar á bindindi og fjarlægðar frá helsta félagssvæðinu sem náði allt frá Reykjavík og upp í Kjós. Hin þrjú félögin voru ágætlega starfandi þótt brátt yrði reyndar um Ungmennafélag Reykjavíkur. Svo bættust Akurnesingar og Velvakandi í hópinn. Þar sem fyrsti formaðurinn, Guðbjörn Guðmundsson, átti heima í Reykjavík kom það af sjálfu sér að höfuðstöðvar sambandsins héldust þar eins og verið hafði hjá FS, að minnsta kosti fyrst um sinn.

Stofnþing UMSK var ekki tölusett en fyrsta ársþingið talið númer eitt og hefur þeirri töluröð verið haldið síðan. Það var haldið í Reykjavík 20. október 1923 og sóttu það 16 fulltrúar frá hinum fimm aðildarfélögum. Félagsmenn þeirra töldust 370 í handskrifaðri skýrslu sem varðveist hefur. Stjórnarfundir urðu 15 á fyrsta starfsárinu. Störf sambandsins voru einkum fólgin í samfundinum og bréfaskriftum til allra ungmennafélaga landsins. Stjórnin hélst óbreytt.

Annað þingið var haldið í Reykjavík 25.-26. okt. 1924 og þar mættu öll fimm aðildarfélögin með fullt hús fulltrúa, 20 alls. Í ársskýrslu formanns var starfið tíundað:

Miðnesingum var sendur glímukennari í þrjár vikur og Kjósverjum fyrirlesari í einn dag. Bréfaskriftir voru miklar og sumar til útlanda. Farfuglafundirnir voru sex talsins og heppnuðust einstaklega vel. Stjórnin var geysilega virk og hélt hvorki fleiri né færri en 23 fundi á tímabilinu. Langstærsta verkefni ársins var heimboð fimm norskra ungmennafélaga sem sagt verður frá síðar.

Það var vorhugur í þingfulltrúum og þeir ætluðu sér margt og mikið. Þingskjölin hafa öll varðveist en þau voru 25 að tölu. Skipaðar voru sex nefndir til að fjalla um þingmálin sem voru fjárhags-, laga-, íþróttar-, starfsmála-, skógræktar- og siðferðismálanefnd. Hinn skeleggi ritari sambandsins, Guðrún Björnsdóttir, var þjóðlega sinnuð og hafði ákveðnar skoðanir á siðferðismálum. Hún lagði fram tillögu þar að lútandi sem samþykkt var samhljóðað:

Þing UMSK skorar á ungmennafélög Íslands að beita áhrifum sínum gegn erlendum ófagnaði, svo sem vindlingum, kynsjúkdómum og

spilltum hugsunarhætti. Þingið skorar því alvarlega á öll ungmennafélög landsins að taka framanrituð mál inn í beina fundarstarfsemi, fund eftir fund og skiljast ekki við þau fyrr en með fullum sigri.¹³

Íþróttanefnd skilaði margliða álit og taldi að félögin ættu fyrst og fremst að leggja stund á þjóðlegar íþróttir, glímu, sund, skíða- og skautahlaup, stökk, bogaskot og síðast en ekki síst leiki, sérstaklega gömlu íslensku þrautirnar. Keppnisíþróttir voru ekki ofarlega á vinsældalista nefndarmanna og ein af ályktunum þeirra var svohljóðandi: „Nefndin telur æskilegt að ungmennafélögin yfirhöfuð hirtu minna um kappleikamót en verið hefur, en legðu meiri rækt við sýningar þar sem fegurð og samræmi íþróttanna fái notið sín að fullu.“ Þetta var samþykkt einróma. Einnig var ályktað að starfa að heimilisiðnaði, skógrækt, söfnun örnefna, söguritun félaganna og gagnkvæmum heimboðum þeirra svo eitthvað sé nefnt. Fluttar voru hlýjar kveðjur frá norsku sumargestunum og svo var stjórnin endurkosin einróma.

Þriðja ársþing UMSK var haldið í Reykjavík 24. okt. 1925. Þinggerð fyrirfinnst engin en tekist hefur að ráða í hlutina eftir öðrum leiðum. Helsta ályktun þingsins var að héraðsstjórn UMSK skyldi boða til fundar með formönnum allra ungmennafélaga á landinu. Ársskýrslan er fátækleg og stjórnin hélt aðeins fjóra fundi á tímabilinu. Farfuglafundir sambandsins héldu velli en færðust í raun yfir á hendur Umf. Velvakanda. Þar mun hafa ráðið miklu að Guðbjörn Guðmundsson var formaður á báðum stöðum. Sama stjórn sat áfram nema hvað Ólafur Marteins-son var kjörinn gjaldkeri í stað Þorláks Björnssonar.

Í fjórða sinn var þingið í Reykjavík í nóvember 1926. Stjórnin virtist nú hafa misst mesta drifkraftinn og hélt aðeins einn fund á árinu. Formannafundurinn var helsta skrautfjöldin þetta árið en hann var haldinn í Reykjavík 24. júlí 1926. Hér var ekki lítið í ráðist og hafði formönnum allra ungmennafélaga á landinu verið boðið. Þarna mættu formenn 15 félaga og þriggja héraðssambanda og var það nokkru minna en vænst hafði verið. Umræður voru fjöl-skrúðugar en helstu fundarmálin voru Þrastaskógur, Þingvallahátíð 1930, bindindismál, íþróttir, sögu-

ritun, *Skinfaxi*, norræn samvinna, bóklestur og nýbýlaræktun. Margar góðar ályktanir voru samdar en engin þeirra markaði sérstök tímamót nema starfið á Þingvöllum. Slíkur formannafundur var ekki haldinn oftár. Farfuglafundirnir voru á sínum stað en þeir voru sem fyrr segir í höndum Velvakenda. Á þinginu var ákveðið að gefa út fjölritað blað *Hvöt* að nafni á vegum UMSK sem kæmi út mánaðarlega. Gekk það eftir um tíma og var sent til ungmennafélaga. Einnig var það sent öllum héraðssamböndum og til stjórnar UMFÍ.

Lítið er um skrifaðar heimildir frá UMSK árin 1927 til 1931. Helsta heimildin er *Skinfaxi* og þær fátæklegu fréttir sem þangað bárust af Kjalnesingum um það leyti. Á ársþingi haustið 1927 hætti Guðbjörn Guðmundsson sem formaður. Hann var búinn að vera andlit sambandsins frá upphafi en vildi nú fara að minnka við sig vegna anna sem prentsmiðju-stjóri. Ekki varð hvíldin meiri en svo að hann tók að sér gjaldkerastörfin því enginn fékkst til þess annar. Guðrún Björnsdóttir tók við forystunni og er það í fyrsta sinn eftir því sem best er vitað að kona varð formaður héraðssambands hérlandis.

Ekki varð Guðrún langlíf í formannssætinu því ári síðar vék hún fyrir varaformanni sambandsins, Arngrími Kristjánssyni úr Reykjavík. Það var reyndar sjálfgert því Guðrún hafði þá dvalist í Danmörku frá því sumarið 1928 og var þar um veturinn. Hún var þar til að „kynna sér störf ræktunarfélaga og fleiri félagsleg nytjamálefni“ eins og sagði í *Skinfaxa*. Guðbjörn hélt áfram gjaldkerastörfum en ári síðar varð aftur formannskreppa þegar Arngrímur hætti vegna brottflutnings úr borginni. Þá settust menn að Guðbirni og niðurstaðan varð sú að hann tók aftur við formennskunni um tveggja ára skeið eða þangað til í nóvember 1931. Þá var hann búinn að fá alveg nóg og sagði af sér formennsku bæði í UMSK og Umf. Velvakenda en þar hafði hann stjórnað samtímis um árabíl. Kvaðst hann þá vera orðinn líkastur þurr-ausnum brunni.

Ársþingið 1931 er fyrsta þingið sem varðveist hefur í gjörðabókum UMSK.

Gestur Andrésson bóndi á Neðra-Hálsi í Kjós hélt þingið á heimili sínu og var þingritari. Hann var kosinn formaður sambandsins í þinglok. Þingið

þótti takast vel og aðkomumönnum fannst til um gestrisni heimamanna. Grímur Norðdahl, sem tók þá við ritarastörfum í UMSK, fann sig knúinn til að bæta smávegis við þinggerðina. Eftirmáli Gríms var á þessa leið:

Mér var falið að auka því við sem vantar í fundargjörðina en það er þakklæti okkar sem þingið sóttum og nutum gestrisni „drengranna“ í Kjósinni. En nú sje jeg að að það er ofætlun að ætla einum að þakka fyrir alla, enda var þessi stutti tími sem við dvöldum í Kjósinni eitthvað svo óvenjulega ánægjulegur og eins og trúin á ungmennafélagsskapinn hafi tvöfaldast við ferðina.

Grímur S. Norðdahl.¹⁴

Amast við nautnum og nasistum

Ungmennafélagar innan UMSK voru menn með heitar hugsjónir og stundum hitnaði þeim í hamsi við umræður um þau málefni sem hæst risu hverju sinni. Á þingi UMSK 1933 urðu heilmiklar umræður um þjóðmál í tilefni þess að fram var komin stjórn-málahreyfing sem kallaði sig þjóðernishreyfingu og hafði tekið traustataki kjörorð ungmennafélaganna: Íslandi allt. Þessir þokkapítar sem almennt voru kallaðir nasistar, áttu litlum vinsældum að fagna á þinginu og lagði stjórn UMSK þunga áherslu á að hér væri ekki um ungmennafélaga að ræða. Sumum þingfulltrúum þótti þessi umræða of eldfim og bentu á að ungmennafélagar hefðu viljandi sniðgengið umræður um trúmál og stjórnmál til að halda friðinn. Stjórnin lét þó engan bilbug á sér finna og lagði fram eftirfarandi tillögu sem var samþykkt með öllum atkvæðum gegn einu.

Vegna þess að ungmennafjelögin voru í upphafi stofnuð sem þjóðernisfjelög og hafa jafnan starfað á lýðræðisgrundvelli, lýsir hjer-aðsþing UMSK því yfir að félögin eiga ekkert skylt við stjórnmálastefnu þá sem gengur undir nafninu „Þjóðernishreyfing.“¹⁵



Íslenskir nasistar tileinkuðu sér kjörorð ungmennafélaganna: Íslandi allt, við litla hrifningu ungmennafélags-hreyfingarinnar.

Á fjórða áratugnum spratt upp svokölluð Vökumannahreyfing sem átti að vera einskonar pólitískt andsvar landsbygðarinnar við erlendum stjórn-málastefnum. Hreyfingin þótti hægrissinnuð en helsti frumkvöðull hennar var fyrrverandi formaður UMFÍ, Jónas Jónsson frá Hriflu. Vökumenn reyndu að ná ítökum í ungmennafélags-hreyfingunni en höfðu ekki erindi sem erfiði. Á ársþingi UMSK 1936 felldu þingfulltrúarnir 12 tillögu um samvinnu við Vökumannahreyfingu Jónasar en samþykktu hins-vegar einróma eftirfarandi ályktun:

Þing UMSK 1936, lætur einróma í ljós ánægju sína yfir samþykkt síðasta sambandsþings UMFÍ um baráttu fyrir persónulegu frelsi, friði og menningu. Þingið telur það hlutverk ungmennafélaga að standa vel á verði gegn „fasisma“ og einræðisstefnum.¹⁶

Annar háski stöðjaði að þjóðinni um líkt leyti en það var stöðugt meiri neysla og framleiðsla áfengra drykkja þrátt fyrir áfengisbann þeirra tíma. Allir ungmennafélagar gengust þá undir bindindisheit sem þeim gekk misjafnlega vel að standa við. Landabruggr færðist mjög í aukana á bannárunum og var það bindindismönnum eins og forystumönnum UMSK mikill þyrnir í augum. Gestur Andrússon, formaður UMSK, var sérlegur andstæðingur áfengisdrykkju og á þingi 1934 varaði hann við háskanum af „svartadauða“ og vaxandi drykkjuskap. Þá bar hann fram tillögu sem var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

Sambandsþingið skorar á stjórnir félaganna að beita sér fyrir samtökum ungmennafélaga um að vekja öfluga hreyfingu gegn heima-bruggi og öðru böli sem leiðir af áfengisneyslu – og fyrir aukinni virðingu fyrir lögum sem takmarka notkun og veitingu áfengis.¹⁷

Nú fór að bera á því að auknar kröfur um löggæslu á fjáröflunarsamkomum ungmennafélaga voru orðnar þeim þungar í skauti. Þetta stafaði mest af því að heldur of margar fyllibyttur létu sjá sig á þessum skemmtunum að álit þeirra Gríms Norðdahls og Ólafs Þórðarsonar sem fannst óþarfi að félögin bæru þennan kostnað. Þeir fluttu eftirfarandi tillögu til úrbóta á þingi UMSK 1938:

Héraðsþing UMSK felur væntanlegri stjórn að leita eftir því að fá það atriði inn í áfengis-lögin að ríkissjóður beri þann kostnað sem kann af því að leiða að halda uppi löggæslu á opinberum skemmtunum.¹⁸

Ársþing UMSK 1922-1942

Hér kemur listi yfir ársþing UMSK í þá tvo áratugi sem fyrsti kafli þessarar sögu tekur til. Eins og sjá má eru heimildir skördóttar en furðu margt hefur þó tekist að staðfesta. Dálkar listans eru auðskiljanlegir nema helst þar sem stendur skýrsla. Ártöl þar innan sviga merkja að eitthvað er fjallað um starfsemi sambandsins í þinggerðum. Lítið x merkir handskrifuð þinggerð eða skýrsla. Annað skýrir sig sjálft (sjá töflu).

Guðbjörn Guðmundsson

Það fer ekki á milli mála að fyrsti formaður UMSK, Guðbjörn Guðmundsson, var öflugur foringi og hafði mikil áhrif við að marka stefnu sambandsins í upphafi. Hann fæddist ekki með silfurskeið í munni fremur en margir alþýðumenn en komst vel áfram af dugnaði sínum og varð einn hinna nýtu þegna þjóðfélagsins.

Guðbjörn fæddist í Vatnskoti í Þingvallasveit 23. nóvember 1894 ásamt bróður sínum Ásbirni. Foreldrar hans, Guðmundur Þórðarson og Guðfinna Einarisdóttir, voru fátæk húsmennskuhjón og þegar börnum þeirra fjölgaði neyddust þau til að láta tvíburana frá sér. Guðbjörn var tekinn í fóstur að Kaldárhöfða í Grímsnesi þriggja ára gamall og átti þar góðu atlati að fagna. Þar bjuggu hjónin Þorlákur Ófeigsson og Kristín Jónsdóttir ásamt tvítugri dóttur Kristínar, Gróu Ófeigsdóttur. Þessi unga stúlka tók drenginn að sér og ól hann upp til fullorðinsára. Fjölskyldan fluttist til Reykjavíkur árið 1907. Strax um fermingu var Guðbjörn orðinn sendisveinn við Ísafoldarprentsmiðju og hóf þar prentnám árið 1912. Hann vann við setningu fyrsta tölublaðs *Morgunblaðsins* árið 1913 og þegar hann lést 70 árum síðar var

hann sá starfsmaður sem lengst hafði unnið að gerð blaðsins. Hann var einn af stofnendum og eigendum prentsmiðjunnar Acta og var þar prentsmiðjustjóri árin 1920-1936. Þá ventu hann sínu kvæði í kross og fór aftur til starfa í Ísafoldarprentsmiðju og síðar prentsmiðju *Morgunblaðsins*. Hann upplifði samfellda þróun prentlistarinnar allt frá gamaldags handsetningu til tölvualdar.

Guðbjörn var snemma félagslega sinnaður og aðalhvatamaður að stofnun Knattspyrnufélagsins Vals árið 1911, þá aðeins 16 ára gamall. Guðbjörn lék knattspyrnu í meistaraflokki félagsins til ársins 1922 og skoraði meira að segja annað af tveimur mörkum sem Valsmönnum lánaðist að setja í Íslandsmótinu 1917. Hann var ritari Vals frá stofnun félagsins 1911 til 1920. Þá tók hann við formennskunni og gegndi

ár	dags.	nr.	staður	fulltr.	félög	þinggerð	skýrsla
1922	19. nóv.	st.	Reykjavík	8	4	x	x
1923	20. okt.	1.	Reykjavík	16	5		x
1924	25-26. okt.	2.	Reykjavík	20	5	x	x
1925	24. okt.	3.	Reykjavík				x
1926	nóv.	4.	Reykjavík	12	4	x	x
1927		5.					
1928	2. des.	6.	Akranesi	10	3		
1929	15. des.	7.	Reykjavík				
1930	14. des.	8.	Brúarlandi	3	x		
1931	22. nóv.	9.	Neðra-Hálsi	9	3	x	(‘31)
1932	8.-9. okt.	10.	Reykjavík	11	3	x	x
1933	29. okt.	11.	Reykjavík	9	3	x	(‘33)
1934	11. nóv.	12.	Neðra-Hálsi	10	3	x	(‘34)
1935	15. des.	13.	Reykjavík	9	3	x	(‘35)
1936	29. nóv.	14.	Brúarlandi	10	3	x	(‘36)
1937	28. nóv.	15.	Hálsi	12	4	x	(‘37)
1938	30. okt.	16.	Reykjavík	12	4	x	(‘38)
1939	29. okt.	17.	Brúarlandi	9	3	x	-
1940	24. nóv.	18.	Eyjum	9	3	x	(‘40)
1941	14. des.	19.	Reykjavík	12	4	x	(‘41)
1942	13. des.	20.	Brúarlandi	15	4	x	- ²⁰



Guðbjörn Guðmundsson með fjölskyldu sinni. Eigin-kona hans Júlía Magnúsdóttir og börnin Elín og Magnús.

henni í tvö ár til ársins 1922. Sama ár varð hann formaður UMSK og var það samfleytt til 1927. Þá lét hann af formennskunni en tók að sér gjaldkerastöðuna næstu þrjú árin. Þá varð formannskreppa og enn var leitað til Guðbjörns. Hann varð aftur formaður UMSK í tvö ár til ársins 1931 en lét þá gott heita enda búinn að leiða stjórnarstarfið í heilan áratug. Hann lét sig þó ekki muna um að gangast fyrir stofnun Velvakanda, ungmennafélags í Reykjavík, árið 1925 og hver skyldi hafa verið formaður þess fyrstu sjö árin að einu undanskildu? Rétt til getið, það var Guðbjörn Guðmundsson. Hann sagðist síðar varla muna hvað hann hafi starfað fyrir Velvakanda eða UMSK þegar hann var formaður þeirra beggja enda komi það út á eitt. Reyndar virðist Guðbjörn hafa ofgert sér félagslega í þessu tvöfalda hlutverki því síðasta árið var hann alveg hætta að mæta á fundi félagsins.

Guðbjörn var góðmenni og beitti sér jafnan fyrir því sem var til góðs og gæti orðið til að gleðja náungann. Hann hafði forystu um heimboð Norðmanna til Íslands á vegum UMSK árið 1924 og fór síðar sjálfur í eftirminnilega ferð til Noregs. Tvennt var honum hugstæðast úr ungmennafélagsstarfinu: Farfuglafundirnir hjá UMSK og sumarferðir Velvakanda. Á fundunum kom í ljós gildi þess að vera í félagsskap sem var svo víðfaðma „að hvar sem maður

kemur meðal félaga sinna þá eiga þeir sömu hugðarmál, hugsjónir og félagsbönd og maður sjálfur. Það var þetta sem gerði farfuglafundina ógleymanlega og mögulega.“ sagði Guðbjörn í afmælisriti UMFÍ 1937 og bætti við um sumarferðirnar:

Í fastmótuðu félagi þar sem einstaklingarnir þekkjast kemur persónuleiki í skoðunum að vísu enn betur fram. Þar verða umræðurnar heitari og ólíkar skoðanir berari í félagsmálunum. En þegar í sameiginlegt ferðalag er komið eru allir eitt. Við fórum oftast á sumrin, annanhvern sunnudag úr bænum, Velvakendur. Og ég held að fátt hafi eins vel mótað samhug og eindrægni sem einmitt þessar fjallaferðir. Allir stefndu að einu marki, ákvörðunarstaðnum. Hvert spor, hvert atvik, gleði og erfiðleikar – allt var sameign allra. Og slík samstilling margra einstaklinga varir lengur en þar til vegirnir skiljast að kveldi.¹⁹

Guðbjörn var dugnaðarforkur sem kom miklu í verk í störfum sínum og ekki síður félagsmálum. Vel ritfar og ágætur ræðumaður sem hafði alltaf bjartsýnina að leiðarljósi. Stakur bindindismaður sem ekki þurfti á vímuefnum að halda til að gleðjast með félögum



Þessir kappar glímdu Íslandsglímuna 1919: Þorgils Guðmundsson á Valdastöðum, Bjarni Bjarnason, síðar skólastjóri á Laugarvatni, Tryggvi Gunnarsson glímukóngur, Sigurjón Pétursson á Álafossi og Magnús Gunnarsson síðar bóndi í Ártúnum á Rangárvöllum.

sínum, enda glaðsinna og hrókur alls fagnaðar bæði í fámenni og fjölmenni. Bar sig vel og sagði skemmtilega frá. Eiginkona hans var Júlía Magnúsdóttir og eignuðust þau tvö börn, Elínu og Magnús. Guðbjörn lifði langa og farsæla ævi og lést hátt á níðæðisaldri árið 1983.

Glíman í öndvegi

Á fyrstu íþróttamótum Aftureldingar og Drengs voru íþróttagreinar fremur fáar en þar skipaði glíman öndvegi. Áhorfendur þyrptust að þegar stæltir og fót-fimír glímukappar tókust á og hélt hver með sínum manni eins og gengur. Glíman var fjölmenn fyrstu árin, til dæmis voru keppendur 11 talsins árið 1920. Fremstur meðal glímukappa í þann tíð var hinn íturvaxni Þorgils Guðmundsson á Valdastöðum. Þorgils var sigursæll og þótti glíma framúrskarandi vel. Hann fékk sérstök fegurðarverðlaun á Íslandsglímunnar 1920 í fyrsta sinn sem þau voru veitt. Þegar glímd var sérstök konungsglíma á Þingvöllum 1921 var hann einn af þeim sem valinn var til að sýna Stjána kóngi snilldartilþrif íslenskra glímukappa.

Sjálfur var Þorgils kominn á fermingaraldur þegar hann sá kappglímu í fyrsta sinn. Það var hin fræga

konungsglíma á Þingvöllum árið 1907 þegar laust saman hinum goðsagnakenndu köppum Jóhannesi á Borg, Hallgrími Benediktssyni og Sigurjóni á Álafossi ásamt fleirum. Margt var að sjá og heyra á Þingvöllum en glíman stóð því öllu ofar í huga Þorgilsar þegar hann minntist hennar hálfri öld síðar í afmælisblaði Aftureldingar:

Þó fór það svo að allt er mér úr minni liðið sem gerðist á Þingvöllum nefndan dag nema viðureign glímumannanna. Hún var með slíkum glæsibrag að mig hafði ekki dreymt um að hægt væri að gera glímuna að þeirri íþrótt er þar var sýnd. Hafði þetta mjög djúpstæð áhrif á mig sem meðal annars kom fram í því að ég fór að æfa glímu af meira kappi en áður. Einnig hlustaði ég vandlega eftir íþróttufréttum og þá sérstaklega glímufréttum en kappglímu sá ég ekki fyrr en mörgum árum síðar.²⁰

Hinn vaski glímumaður Ágúst Jónsson í Varmadal veitti Þorgils harða keppni og fljótlega kom Þorgeir bróðir hans til sögunnar en hann er eini keppandinn af mótunum sem náði titli glímukóns. Þorgeir var lágvaxinn en samanrekinn kraftajötunn og kattliðugur í þokkabót. Meðal sigurvegara glímunnar um 1930

voru kappar eins og Gestur Andr sson   H lsi sem var forma ur UMSK   fj r da  ratugnum og Gr mur Nor dahl    lfarsfelli sem lengi gegndi ritarast rfum sambandsins.  a  var greinilega fylgni   milli g  rar frammist  u     r ttum og framgangs   f lagsm lum. Gl man f ll ni ur af dagskr  m tanna  ri  1945 og  tti ekki afturkv mt. S  asta  ratuginn b ru Mi dalsbr  ur, Nj ll og Dav   Gu mundssynir, h fu  og her ar yfir  dra keppendur. Dav   sigra i tv vegis en Nj ll var sex sinnum   efsta s ti og sigra i oftast allra. Oft var keppnin tv s yn og  ri  1939 r  i ein bylta  rslitum   r ttam tsins. Dav   Gu mundsson sag i svo fr   v    vi tali vi  s guritara:

 eim   tti svol ti  vi  mig f l gum m num   m tinu   Me alfelli 1939.    datt  g fyrir Gr mi Nor dahl.  eir s g u     a  hef i veri    arfa bylta og fyrir brag i  tapa ist m ti .  a  st   svo gl ggst me  stigakeppnina, sag i Dav   og hl  vi  og virtist ekki hafa teki  tapi  n rri s r.²¹

S   j  lega vakning sem f r um landi  vi  undirb ning Al ingish ti arinnar 1930 l sti s r me al annars    tbrei slu gl munnar. S slugl mur h fust   allm rgum st  um og ein  eirra var S slugl ma Kj sars slu sem haldin var af UMSK. S  fyrsta f r fram   Br arlandi  ri  1929 me   tta keppendum. Flesta vinninga haf i Benedikt Kristj nsson    lfsnesi og hlaut farandbikar sem  orgeir gl muk ngur   Varmadal haf i gefi . Fegur arver laun vann  g st Gu brandsson   H kingsdal. Eftir  a  f r s slugl man fram  rlega til 1944 og var vel til hennar vanda . Veitt voru ver laun fyrir flesta vinninga og einnig fyrir fegur argl mu.   tti ekki minna vari       hl  ta  au ver laun. En gl man st  st ekki umr t str  s ranna og Kj lnesingar sneru s r     rum   r ttum.

Gr mur Nor dahl var mikill unnandi gl munnar og vildi veg hennar sem mestan. Hann var   n g ur me  gildandi gl mul g fr  1930 sem hinn fr gi  tvarpsma ur Helgi Hj rvar haf i sami  og taldi       eim f elist l gvernda  ni .  r  essu var  mikil rimma  eirra   milli ni ri    tvarpsh si sem lauk me   v    Helgi l t v sa Gr mi burtu me  l gregluvaldi.



 g st J nsson   Varmadal og  orgils Gu mundsson   Valdast  um b  a eftir  rskur i d mara    slandsgl munni 1920.  orgils sigra i   vi ureign  eirra.



 r  efstu menn   konungsgl munni    ingv llum 1907. J hannes J sefsson, Gu mundur Stef nsson og sigurvegarinn, Hallgr mur Benediktsson, me  birkigrein sem  tti   t kna l rvi arsveig.

Gr mur l t sig hvergi og haf i gaman af. Helgi tala i aldrei vi  hann eftir  etta og um  a  sag i Gr mur s  ar: „ egar hundar fl ugast     r ttum og annar l tur   minni pokann    vill hann aldrei fara   hinn aftur.“ Hann gaf  t b kling me  l singu    t kunum vi  Helga sem seldist   2000 eint kum   g tum Reykjav kur.   framhaldi af  essu lag i Gr mur fram endurb tur   gl mul gum    ingi UMSK 1938 sem voru sam ykktar einr ma og f r ar  S  til  rvinnslu.   vi tali vi  s guritara 1991 sag i Gr mur nokku  fr  gl muferli s num sem spanna i 14  r. Minnisst  -



Glímukappinn Þorgeir Jónsson í Varmadal með Ármannsskjöldinn.

astan af öllum sínum glímubræðrum sagði hann vera Þorgeir Jónsson í Varmadal, síðar bónda í Gufunesi:

Hann var engum líkur. Einu sinni vorum við að glíma í keppni og Geiri átti náttúrlega í öllum höndum við mig. Hann var þá bara að leika sér og draga glímuna á langinn. Ég var búinn að leggja nokkra og var óþreyttur og allt í einu næ ég á honum helvíti góðum hægri á hægri krók. Ég þekki engan mann sem ekki hefði legið á þessu bragði. En um leið og Geiri finnur að hann er fastur í bragðinu, þá bregður hann við eldsnöggt verður mjúkur

eins og smjör og er um leið kominn í vörn og laus úr bragðinu. Þetta voru svo skjót umskipti að það var alveg furðulegt. Hefði hann eitthvað tregðast við eða tekið á móti hefði hann ugglaustr legið. Þá sagði hann við mig: „Þú varst nærri búinn að leggja mig helvítið þitt.“ En eftir þetta slapp ég nú vel með að fá byltuna fljótt!

Eini maðurinn sem ég hef glímt við á grjótklökkum það er hann Geiri. Það var niðri í Gufunesi eftir að hann flutti þangað. Það hefði ég ekki þorað á móti nokkrum öðrum manni. Hann hafði svo mikið vald á hlutunum og var svo glöggur hann Geiri. Seinast þegar ég glímdi við hann hafði hann keypt af mér nokkur svín fyrir þrjú þúsund krónur, var búinn að borga þau og svínin voru komin upp á bíl. Þetta var niður við Eiríksgötu í slagveðri um nótt. Þá flaug hann á mig og sagði: „Nú legg ég þig helvítið þitt og tek peningana af þér!“ Við vorum í regnstökkum og þungklæddir og þetta var svo sem engin glíma en svona var Geiri. Það var alltaf stutt í strákinn hjá honum.

Einstakur maður Þorgeir. Þetta undarlega sambland af barni og speking og þó hafði hann mest gaman af að leika fífl og leika á grunnhyggna menn sem héldu að hann væri það. Þá var Geira skemmt.²²

Samfundirnir

Eins og fyrr var getið var það helsta ákvörðun stofnþingsins að halda sameiginlegan skemmtifund fyrir félögin um sumarið. Lengra hugsuðu menn ekki að sinni. Fundurinn var haldinn á Jónsmessunni 24. júní 1923 og honum valinn staður í Gufunesi. Jónas Björnsson bóndi tók gestum hlýlega og seldi landnotkun á sama og ekkert. Veður var hið fegursta, sólskin og hiti og sjórinn var sléttur og blár. Ritari sambandsins, Guðrún Björnsdóttir, samdi ágæta fundargerð sem varðveist hefur. Það skín í gegnum frásögn Guðrúnar hvað samfundurinn efldi sam-



Frá Þingvöllum um 1930.

kennd og félagsanda innan UMSK og við gefum henni orðið:

Jónsmessudagurinn rann upp, bjartur og sól-ríkur og langur. Staðurinn beið sléttur og sægirtur og fjöllum vafinn. Klukkan varð 10 og Akurnesingarnir komu 50 á sínum bát. En á eyrunum voru engin fundarmerki sýnileg svo Akurnesingunum meir en datt í hug að þeir væru að villast. Klukkan 10 ½ sáu þeir að svo var ekki því þá komu forhlaupararnir úr Aftureldingu með fána og tjöld og veitingatæki. Voru menn þá hraðhentir og komu öllu fyrir í snatri og biðu svo liðsaukans. En klukkan varð bæði 12 og 1 áður en svo varð. Loks komu þó Reykvíkingar, allir í einum bíl. Þar með voru þeir Hallgrímur Hallgrímsson og Helgi Valtýsson en þeir ætluðu báðir að halda ræður. Úr Kjósinni komu þrír menn, úr

Aftureldingu líklega 10-12 þar til um kvöldið að fleiri bættust við en af Miðnesinu enginn. Fréttist síðar að þeir voru allan daginn fastir í skipsrúmi en höfðu áður samið um að vera lausir.

Þegar bíllinn var kominn með ræðumennina var byrjað. Formaður héraðsstjórnarinnar, Guðbjörn Guðmundsson var á heimleið frá útlöndum. Lá í Vestmannaeyjum þann dag en í forföllum hans setti ritari héraðsstjórnar, Guðrún Björnsdóttir, fundinn með stuttri ræðu. Á eftir var sunginn sálmurinn nr. 638 í sálmabókinni, Faðir andanna. Því næst fékk magister Hallgrímur orðið og flutti fyrirlestur, fróðlegan og skemmtilegan. Yfirlit yfir sögu Íslands, blómatíð, hnignun, eymdaröld, endurreisn og yfirstandandi og vaxandi þjóð-ernishættu.

Að loknum fyrirlestrinum var sungið

nokkuð en svo var gengið til leika og gekk sæmilega fjörukt þar til sest var að snæðingi. Sátu allir í hóp og töluðu og hlógu. Yfir matnum hélt Bjarni bóndi Ásgeirsson á Reykjum ræðu. Þá talaði og Oddur Sveinsson kennari á Akranesi og Bjarni Ásgeirsson aftur. Meðan setið var að matnum bættust margir við, einkum úr Afturelding. Voru eftir það eitthvað á annað hundrað manns. Þegar staðið var upp frá snæðingi var sungið lengi og mikið. Sungu margir og með öllum fjórum röddum en Helgi Valtýsson stjórnaði. Tókst söngurinn sæmilega af svo ósamstæðu fólki.

Aftur voru leikar þreyttir en nú færðist fjaran nær og Akurnesingar hugsuðu til ferðar. Hélt þá Helgi Valtýsson ræðu og Guðrún Björnsdóttir sleit fundinum með nokkrum orðum. Á milli var sungið. Þegar Akurnesingar létu akkerum voru þeir kvaddir með ferföldu húrra. Þeir svöruðu eins og flögginn hneigðu sig. Sólin vermdi alla langan daginn og við sem sátum allan fundinn fundum að þeir sem ekki komu áttu ekki eins bjarta minningu bjarts dags. Akurnesingar fóru, Reykvíkingar fóru, Kjósarmenn og Mosfellingar líka en dagurinn og birtan fylgdi þeim inn í víðsýnið og náttleysuna. Þökk fyrir komuna.

*Guðrún Björnsdóttir.*²³

Nú var því slegið föstu að hafa samfundi á hverju ári og skyldu félögin sjá um þá til skiptis.

Næsti samfundur var haldinn á Akranesi sunnudaginn 29. júní 1924. Sá fundur var ágætlega fjölmennur og góð skemmtun fyrir þá sem sóttu þótt veðrið hefði að vísu mátt vera betra. Þriðji samfundurinn var haldinn í Sandgerði 28. júní 1925. Nú brá svo við að þar mættu aðeins örfáir menn auk stjórnarinnar. Sandgerði var greinilega úr alfaraleið ungmennafélaga innan UMSK. Kjósaríngar ákváðu til dæmis að fara fremur í skemmtiferð í Vatnaskóg þennan dag heldur en til Sandgerðis. Fjórdi fundurinn var haldinn sunnudaginn 27. júní 1926 í Hálshólum í Kjós. Væntanlega hefur sá fundur verið góður en af honum fara engar sögur.

Þá var búið að fara hringinn milli allra félaganna og ákveðið að breyta til. Fimmti fundurinn var haldinn á Þingvöllum 26. júní 1927. Hann var fjölsóttur úr öllum félögum sambandsins og einnig komu 30 félagar úr Ungmennafélagi Stokkseyrar svo alls voru þar um 200 ungmennafélagar saman komnir. Athöfnin hófst með guðsþjónustu í Almannagjá og predikaði sóknarprestur Þingvalla séra Guðmundur Einarsson. Þótti flestum þetta hátíðleg stund í þessu tignarlega umhverfi. Svo var gengið fylktu liði til Lögbergs og þar flutti Gísli Sigurðsson kennari ítarlegt erindi um Þingvelli. Helgi Valtýsson sagði frá stofnþingi UMFÍ sem háð var þar 1907 en hann var einn af stofnendunum sex. Næst var tveggja tíma hlé og þá ýmist skoðuðu menn staðinn eða gengu til leikja í gjánni. Síðan tóku við talsverð ræðuhöld ýmissa merkismanna en samkomunni var slitið klukkan sex. Héldu menn þá heim glaðir í lund. Veður var hið besta og átti það sinn þátt í ánægjunni. Merkilegast fannst mönnum að samkoman hófst og endaði á tilsettum tíma sem þótti fremur óvanalegt.

Samfundir í sveitinni

Samfundir UMSK héldu velli lengi vel en þeirra er lítt getið í frásögnum. Eina slíka getur þó að líta í *Hreiðari heimska*, blaði Umf. Drengs eftir formanninn, Bjarna Ólafsson í Vindási. Þar segir hann frá samfundi sem haldinn var í Árnesi við Laxá í Kjós 12. júní 1932. Þangað komu 35 félagar úr Velvakanda, þar af 12 úr yngri deild en ekki nema tveir frá Aftureldingu. Svo voru á að giska 40 fundarmenn úr röðum heimamanna en erfitt var að áætla fjölda þeirra „því þeir voru yfirleitt mjög flöktandi á fundinum, sífellt að koma og fara,“ sagði Bjarni Ólafsson. Eftir setningarræðu formannsins voru vikivakar stignir um stund. Sól skein í heiði og bjuggust menn til fjallgöngu á Reynivallaháls. Fyrst þurfti að ferja alla yfir ána á bát-kænu og gekk það slysalaust. Svo var gengið á Hálsinn og staðnæmst þar á klettarana með hengiflug á báðar hendur. Þar komust fundarmenn í mikla stemmingu því hver ræðan rak aðra. Allir stjórnarmenn UMSK töluðu, þau Gestur Andrésson, Rannveig Þorsteinsdóttir og Grímur Norðdahl. Þar að auki Jón Þórðar-

son, Ólafur Þorsteinsson, Loftur Guðmundsson og Bjarni Ólafsson, allt miklir ungmennafélagsfrömuðir. Á leiðinni til baka voru dansaðir nokkrir vikivakar á sléttum melhól en síðan hoppaði, skoppaði, velti og renndi fólkið sér niður grasbrekkurnar þar til komið var á jafnsléttu. Kominn var galsi í mannskapinn og ekki gætt mikillar varkárni við ferjustarfið við baka. Það fór líka svo að báturinn sökk með manni og mús vegna ofhleðslu en það kom lítið að sök því rétt vatnaði yfir borðstokka þegar kjölurinn nam við botn. Svo var sest að kaffidrykkju utandyra og þeir sprækustu skemmtu sér við leiki og íþróttir. Lokaorðin eru tekin beint úr frásögn Bjarna:

Það var nú orðið áliðið dags en samt var ekki allt komið fyrir því. Fólkið vildi fá sér snúning áður en það skildi. Fór því allur hópurinn, utan yngri deild úr Velvakanda sem kvaddi og hélt heimleiðis, upp á hanabjálka í húsi Útvegsbankans og steig þar dans við dillandi grammófónsmúsík fram eftir kvöldinu. En skilnaðarstundin nálgaðist. Klukkan á tíunda tímanum var hætt að dansa. Velvakendur felldu tjöld sín og stigu í bílana. Allar hendur voru á lofti til kveðju. Þakklætisorð og árnáðaróskir gengu frá manni til manns. Bílarnir runnu af stað. Skemmtifundinum var lokið.²⁴

Önnur saga samfundar birtist í árlegri skýrslu Ferðanefndar Velvakanda fyrir árið 1934. Sá fundur mun hafa verið á vegum Aftureldingar og þangað fóru Velvakendur en Drengir létu ekki sjá sig af einhverjum ástæðum. Það var hinn ötuli formaður ferðanefndar Velvakanda, Rannveig Þorsteinsdóttir, síðar alþingismaður, sem ritaði frásögnina og fer hún hér á eftir óstytt:

2. ferð. Samfundur 10. júní 1934, 20 þátttakendur. Sex manns fóru á laugardagskvöldið og tjölduðu á Þverárkotseyrum. Hafði það fólk sólað sig þegar hinir komu um kl. 10. Veðrið var dásamlegt. Glampandi sólskin og steikjandi hiti allan daginn. Tímanum fram til hádegis var varið til þess að ganga inn að Tröllafossi og skoða hann. Eftir máltíð hvíldust



Eiríkur J. Eiríksson var formaður UMFÍ í þrjá áratugi.

menn og tóku sólbað en þá tóku „Moskóvítar“ að koma og þegar beðið hafði verið nokkra stund eftir að Kjósarmenn kæmu var fundur settur af Grími S. Norðdahl. Fundurinn var stuttur en síðan var farið í leiki, dansaðir vikivakar og fleira. Afturelding veitti vel, mjólk og kökur. Um kl. 6 var farið að hugsa til heimferðar og kvöddust menn ánægðir og þakklátir fyrir daginn, þó sumir væru sólþrenndir og flestir hafi saknað Kjósarmanna.²⁵

Samfundir í skógi og bæ

Eftir þessa velheppnuðu samfundi var eins og einhver uppdráttarsýki hafi gert vart við sig því þeir voru ekki haldnir oftast utandyra með þessu sniði. Samfundurinn sem Velvakandi átti að halda sumarið 1936 féll niður af ókunnum orsökum en þess í stað var ákveðið að halda hann innandyra í Reykjavík í nóvember. Það gekk eftir og fundargerðin var svoljóðandi:

141. fundur Umf. Velvakandi var haldinn í Kaupþingssalnum sunnudaginn 8. nóvember 1936. Gestir voru boðnir frá Umf. Aftureldingu og Drengur og átti fundur þessi að koma í stað samfundarins sem féll niður í sumar. Mættir voru 75 manns, félagar og gestir. Fundurinn hófst með því að samþykktir voru 2 félagar í Velvakandi, Margrét Magnúsdóttir

og Einar Sveinsson Nýlendugötu 24. Síðan var sest að borðum og kaffi drukkið. Margar ræður voru haldnar og að lokum var dans stigin fram eftir nóttu og skemtu menn sér hið besta.

Skúli Þorsteinsson ritari²⁶
Ólafur Þorsteinsson formaður

Samfundurinn 1937 var með nýstárlegu sniði því hann var haldinn 25. júlí í Þrastaskógi í samvinnu við Héraðssambandið Skarphéðin. Fundurinn var auglýstur sem æskulýðsfundur og var ágætlega sóttur af ungmennafélögum austanfjalls en fáir komu þangað sem bjuggu vestan heiðar. Aðalræðuna hélt varaformaður UMFÍ, Eiríkur J. Eiríksson. Ræða hans var herhvöt til friðar, menningar og lýðræðis og var vel fagnað af áheyrendum.

Næsti samfundur var haldinn 12. desember 1937 í Brúarlandi og var hann á svipuðum nótum og fundurinn 1936. Framhaldið dró dóm af því að Umf. Velvakandi var á fallanda fæti og félagið var of fámennt til að halda til lengdar uppi svo fjölbreyttri starfsemi sem verið hafði. Um sinn héldu samfundirnir áfram en svo dagaði þá uppi eins og ýmislegt annað í starfseminni sem ekki var lengur hljómgrunnur fyrir.

Gestur Andrésson

Gestur Andrésson var fæddur að Bæ í Kjós 13. júní 1904, einn 14 systkina. Foreldrar hans voru Andrés Ólafsson hreppstjóri á Neðra-Hálsi og kona hans Ólöf Gestsdóttir. Gestur vann lengi á búi foreldra sinna á Neðra-Hálsi og var þar sjálfur bóndi árin 1934-1936. Þá stofnsetti hann nýbýli á hluta jarðarinnar og nefndi það Háls og bjó þar til æviloka ásamt konu sinni Ólafíu Þorvaldsdóttur frá Bræðraparti á Akranesi.

Gestur var dugnaðarbóndi og einnig mjög félagslega sinnaður. Hlóðust á hann margþætt störf bæði innan sveitar og utan eins og oft vill verða með þá menn sem vilja stuðla að framförum þjóðar sinnar. Hann varð hreppstjóri Kjósarhrepps eftir lát föður síns 1931 og til 1947 að hann lést. Þá var hann í stjórn Ræktunarsambands Kjalarnesþings frá stofnun þess




Gestur Andrésson á Hálsi, formaður UMSK 1931 til 1935.

og lengi aðalhvatamaður stórfelldra ræktunarframkvæmda. Í stjórn Mjólkurfélags Reykjavíkur, sóknarnefnd, fræðslunefnd, í stjórn lestrarfélags sveitarinnar, formaður skattanefndar, virðingamaður fasteigna og í hreppsnefnd allmörg ár. Þá var hann fulltrúi sveitar sinnar í Stéttarsambandi bænda frá stofnun þeirra samtaka.

Gestur gerðist snemma ungmennafélagi og starfaði mikið fyrir Ungmennafélagið Dreng. Fyrst sem gjaldkeri í nokkur ár en síðan formaður um tveggja ára skeið. Skoraðist þá undan endurkjöri en lék síðan ótal hlutverk í félagsstarfinu sem endurskoðandi, formaður íþróttanefndar og fjölmargt fleira. Hann studdi yfir höfuð öll málefni félagsins er til framfara máttu verða. Mjög virkur fundamaður og fyrstur fram með tillögur til að leysa þau mál sem vöfðust fyrir mönnum. Róttækur í skoðunum, þjóðlega þenkjandi og eindreginn bindindismaður.

Hann var kjörinn formaður UMSK árið 1931 og stjórnaði sambandinu skörulega í fjögur ár ásamt Grími Norðdahl og Rannveigu Þorsteinsdóttur. Formannstími hans var blómaskeið vikivakanna þegar dansflokkur sambandsins sýndi listir sínar víðsvegar um Suðurland. Gestur studdi þessa starfsemi með ráðum og dád og ekki síður farfuglafundina sem hann taldi líftaug við ungmennafélaga landsbyggðarinnar. Gestur sat mörg ár í varastjórn UMSK eftir að hann hætti sem formaður og lét oft til sín taka á héraðsþingum sambandsins.

Gestur var maður vel greindur, góður hagræðingur og átti margan ljóðabálkinn í Hreiðari heimsku, blaði Drengs. Vel máli farinn, prýðilega sjálfmennt-



Forsíða Hvatar, blaðs UMSK, sem kom út árin 1926 og 1927.

aður og glaður í góðra vina hópi. Hann var vel á sig kominn, hávaxinn og dugmikill til allra verka. Röskur glímumaður og stóð efstur í flokki 12 glímukappa sem reyndu með sér á íþróttamóti Aftureldingar og Drengs árið 1928. Var einnig vinningahæstur af átta keppendum árið eftir en hætti þá keppni og gekk í hóp starfsmanna íþróttamótanna.

Þau urðu ævilok þeirra Ólafíu konu hans að 8. desember 1947 voru þau á heimleið að Hálsi frá Grjótreyri og óku í bifreið sinni yfir ísilagt Meðalfellsvatn. Þá brast ísinn undan bifreiðinni svo hún sökk í vatnið og drukknudu þau bæði. Að þeim hjónum þótti mikill skaði og hörmuðu allir afdrif þeirra.

Hvöt

Kjalnesingar samþykktu á héraðsþingi sínu í nóvember 1926 að gefa út fjölritað mánaðarblað.

Hér fylgdu athafnir orðum því fyrsta tölublaðið kom út strax að þinginu loknu. Það var fjórblöðungur og hlaut nafnið *Hvöt*. Það var sent ókeypis til ungmennafélaga UMSK, allra héraðssambanda á landinu, til stjórnarmanna UMFÍ, UMSK og ritstjóra *Skinfaxa*. Vonir stóðu til að ungmennafélagar gerðust

kaupendur að blaðinu en afgreiðslumaður þess var Guðbjörn Guðmundsson. Ritnefndina skipuðu þeir Guðmundur Benediktsson, Kristinn E. Andrjesson bókaútgefandi og Loftur Guðmundsson rithöfundur. Um tilgang blaðsins stóð á forsíðu að það skyldi ræða áhugamál ungmennafélaga og undirbúa þau fyrir sambandsþing UMFÍ en einnig vera tengiliður milli stjórnar UMSK og félaganna. Flytja tilkynningar og hvatningarorð þar á milli.

Ritnefndin setti þegar í upphafi fastmótað skipulag fyrir útgáfu blaðsins. Samkvæmt því átti ritnefndin sjálf að sjá um efnið í öðruhverju blaði en félögin um hin blöðin til skiptis. Þar með var búið að úthluta Aftureldingu desemberblaðinu, Akranes fékk febrúarblaðið, Drengur aprílblaðið og Velvakandi skyldi sjá um blaðið fyrir júní.

Þetta gekk eftir að mestu því út komu sjö tölublöð en síðan ekki söguna meir. Reyndin varð sú að minna fór fyrir fréttum og tilkynningum af félagsstarfinu en þess meira bar á ljóðmælum og ræðuhöldum í hástemmdum stíl eins og þá tíðkaðist. Þar með var *Hvöt* orðið enn eitt félagsblaðið í viðbót við þau sem komu út á vegum ungmennafélaganna. Þegar þar við bættist að fáir urðu til að kaupa það gafst ritnefndin upp á hlutverki sínu eftir hinn tilskilda tíma. En *Hvöt*

átti sína góðu spretti og hér gefur að líta sýnishorn af efni blaðsins á hinu stutta en ágæta æviskeiði þess. Fyrst er brot úr grein eftir Loft Guðmundsson sem nefndist Þjóðhátíðin 1930 og birtist í 1. tölublaðinu. Þar var deilt á hinar miklu ráðagerðir, en að höfundi fannst litlu framkvæmdir, fyrir Alþingishátíðina á Þingvöllum:

1930 er merkisár í sögu þjóðarinnar og við erum óhemju hreyknir af því að engin þjóð eigi annað eins afmæli á næstunni. Auðvitað ætlum við að halda það hátíðlegt og sýna með því erlendum gestum að hjer búi þjóð sem eigi sjer þúsund ára menningu og sífellt sje á framfaraskeiði. Við ætlum að reisa stórhýsi, bæði í Reykjavík og á Þingvöllum, tjalda yfir Almannagjá og hver veit hvað. Við ætlum, við ætlum en á engu er byrjað. Hver nefndin er skipuð eftir aðra. Þær vilja allar hver sitt en eiga þó allar eitt sameiginlegt: Þær gera engar neitt. Það er gumað af hvað allt eigi að vera þjóðlegt og rammíslenskt og stúlkurnar flýta sér að stýfa af sér hárið og sauma sér reiðbuxur eftir nýjustu Parísartísku fyrir hátíðina.²⁷

Í 2. tölublaðinu birtist völdugt kvæði um Skarphéðin Njálsson eftir helsta skáld héraðsins, Kolbein Högnason í Kollafirði. Þá voru þættir um íslenska leiki og hvatning til að mæta á farfuglafundi. Forsíðuna prýddi teikning af vasklegum víkingi sem átti að minna ungmennafélaga á að vita hvað þeir vildu og stefna að því. Í 3. tölublaðinu hóf Guðmundur Benediktsson þjóðernistilfinninguna til skýjanna og sagði að hún ein gæti „leitt þjóð vora upp í hlíðarnar þar sem sólin skín og angandi blómin brosa við ljósinu.“ Eitthvað voru Drengsmenn uppteknir við vorverkin þegar kom að aprílblaðinu því ekkert efni kom frá þeim. Þess í stað birtust þar þrjár skrudmiklar greinar eftir Guðbjörn Guðmundsson. Hann var ómyrkur í máli í hvatningargrein sem nefndist *Hví hikas þú?* Niðurlag hennar var á þessa leið:

Veistu ekki að þú, hver einasti einstaklingur ert kominn og kallaður í þetta þjóðfjelag til að tína saman brotin sem skærast skína úr þjóð-

lífsmynd fortíðarinnar og skapa trausta þjóð-rækniskeðju framtíðarinnar? Eða vilt þú verða hlekkurinn sem svikur og slítur keðjuna?

Hví hikas þú? Rís upp ungi maður og berstu djarft ! Þitt stríð skal verða fyrir guð þinn, frelsið og fósturjörð þína. Ella ert þú – hvað?²⁸

Farfuglafundirnir

Á hverju hausti streymdi mikill fjöldi ungmennafélaga af landsbyggðinni til náms og atvinnuleitar í Reykjavík. Þar með misstu þeir sambandið við sín ungmennafélög og sumir týndust alveg úr félagsskapnum. Þetta þótti stjórn UMSK illa farið og nú kom þeim í hug að ná til þessa unga fólks og bjóða því að starfa innan sambandsins yfir vetrartímann. Helsta ráðið til þess var að skrifa stjórnnum allra ungmennafélaga og biðja þau að senda skrá yfir félagsmenn sína sem væru farfuglar í Reykjavík yfir veturinn. Og í framhaldinu bjóða þeim á fund til að „leitast við að bæta upp þær ánægjustundir er þeir færu á mis við vegna fjarveru sinnar frá félagsbræðrum og systur, fjarlægir félagslífinu og samstarfinu,“ eins og stóð í bréfinu. Ungmennafélög landsins voru þá orðin um 140 svo þetta var ekkert áhlaupaverk. Bréfin voru send í lok ágúst 1923 en aðeins átta félög svöruðu. Þau lýstu öll yfir ánægju sinni með þetta framtak og sendu lista yfir samtals 80 félagsmenn sína er héldu til í höfuðstaðnum. Markviss leit varð til þess að fjölgaði í hópnum og innritaðir voru 160 ungmennafélagar frá 40 félögum víðsvegar að af landinu.

Guðbjörn Guðmundsson var óþreytandi að leita að einmana ungmennafélögum í höfuðstaðnum. Hann bjó svo vel að vera prentari og sendi út fjölmörg prentuð bréf til að boða þeim fagnaðarerindið. Hér kemur sýnishorn af bréfi því sem hann sendi ungmennafélögum sem frést hafði um en höfðu ekki verið tilkynntir:

Við höfum frétt á skotspónum að þú sért félagi í Umf. [nafn félags] og sendum þér því

U. M. S. K.

Reykjavík 2. febr. 1924

3. sameiginlegur fundur

allra ungmennafélaga utan Reykjavíkur, verður haldinn í Iðnó mánudaginn 4. febrúar kl. 8 síðd.

Á fundi þessum verður m. a. rætt um nokkur framtíðarstörf ungmennafélaganna (skógrækt, heimilisiðnað, alþingishátíðina á Þingvöllum, sýningu á Þingvöllum 1930, þegnaskylduvinnuna o. fl.), Ríkarður Jónsson segir sína sögu og nú bregst það ekki; blaðið, sem á síðasta fundi var samþykkt að halda úti, verður lesið upp (margrar greinar), sagt frá gestamótinu fréttir frá félögum og svo er kaffið o. fl.

Við biðjum þig að koma með hvern þann, er þú veist um að sé í einhverju ungmennafélagi úti á landi, á fundinn, eða gefa okkur upp nöfn þeirra, því þeir einir komast á Gestamótið sem standa á skrá hjá okkur. Einnig biðjum við þig að koma stundvíslega, því sökum þess hvað mikið liggur fyrir fundinum verður byrjað fyr en undanfarið, en skaði að missa af því sem byrjað verður á.

Héraðssambandsstjórnin.

Fregnmiði auglýsir Farfuglafund UMSK í febrúar 1924.

hérmeð bréf þau er við nú sendum öllum þeim ungmennafélögum utan af landi sem hér dvelja og sem stjórnir félaganna hafa sent okkur nöfn á. Frá stjórn þíns félags höfum við ekkert fengið en þar sem við vonum að það sé rétt að þú sért félagi í þessu félagi biðjum við þig að taka með þér á fundinn alla þá úr þínu félagi sem þú veist að dvelja nú hér í bænum eða láta undirritaðan vita í síma 948 eða 1391, sem allra fyrst nöfn þeirra og dvalastað.

Með bestu kveðjum. F.h. héraðsstjórnarinnar

Guðbjörn Guðmundsson²⁹

Með kjarnanum úr þessum 160 manna hópi voru haldnir sjö fundir í Iðnó á tímabilinu frá 8. nóv. 1923 til 3. maí 1924. Þeir voru allfjöldmennir og að meðaltali voru 75 manns á hverjum fundi. Fyrirkomulag þeirra var svo sem tíðkaðist hjá góðum ungmennafélögum. Eftir söng og upplestur fundargerðar var tekið til umræðu „eitthvert þeirra málefna er næst

lágu til úrlausnar og framkvæmda fyrir félögin og virtust til heilla og frama fyrir þjóðina og þroska fyrir félögin,“ eins og sagði í skýrslu stjórnarinnar. Á eftir umræðum var gefið fundarhlé og þá var sungið og spjallað saman en síðan sest að sameiginlegri kaffidrykkju. Yfir kaffinu kynntist fólkið fljótt og vel og setti þetta sérstakan gleðibla á samkomurnar. Þá var komin röðin að gestum fundarins að segja frá félögum sínum og fyrirkomulagi þeirra. Á fyrsta fundi var sagt frá Þrastaskógarför Aftureldingar, á þeim næsta frá útivist í Þórsmörk og Bifröst í Borgarfirði var kynnt á þeim þriðja. Þá sögðu víðförlir ferðalangar frá ferðum sínum sem var mikið nýnæmi mörgum heimalningum sem þarna voru. Svo voru lesin upp frumsamin kvæði og smásögur. Allir fundir hófust og þeim lauk með söng íslenskra ljóða.

Á öðrum fundi var samþykkt að hafa handskrifað blað sem lesið yrði upp á fundum. Það hlaut nafnið *Farfuglar* og þar með var komið nafnið á þessa fundi aðkomufólks í höfuðstaðnum. Þeir voru eftir þetta nefndir *Farfuglafundir* og urðu afar vinsælir hjá mörgum aðkomumönnum sem voru hálf rótlausir í borginni en eignuðust þarna sinn félagslega vettvang. Blaðanefnd var skipuð fyrir hvern fund til að skrifa í blaðið og stóðu blaðanefndir sig svo vel að stundum reyndist nauðsynlegt að skipta blaðinu niður á tvo fundi sökum ofgnóttar efnis.

Allir voru fundirnir auglýstir með prentuðum fregnmiðum sem komið var fyrir í glugga prentsmiðjunnar Acta og þar fengu væntanlegir fundargestir upplýsingar um næsta fund. Á síðasta fundinum um vorið var dagskráin fjölbreytt og lauk með „dans og öðrum frjálsum skemmtunum“ eins og sagði í fundarboðinu. Þar var einnig sungið sérprentað kvæði um upplifun fundanna eftir ungmennafélaga sem í hógværd sinni nefndi sig S.G.V. Það var undir laginu Þú vörgyðja svífur og endaði á þessum hendingum: Vér fundumst sem gestir á fjarlægri strönd / en fljúgum sem vinir í áttahalönd.

Eftir þessa ágætu byrjun var það eindreginn vilji manna að halda farfuglafundunum áfram. Haustið 1924 voru aftur send bréf til allra ungmennafélaga og þau beðin að láta vita um félagsmenn sína í Reykjavík. Nú voru útbúin eyðublöð og send með til útfyllingar. Þetta bar þann árangur að 45 ungmennafélög sendu

upplýsingar um 255 félaga sína til UMSK. Þar var tíundað hvaðan þeir væru, dvalarstaður skráður og ef viðkomandi var einhverjum sérlegum kostum búinn eins og íþróttum, mælskulist, ritfærni eða góðri söngrödd var þess einnig getið. Sem dæmi var Kristinn Stefánsson, Völlum í Svarfaðardal „sæmilega máli farinn og ritfær“ og félagi hans, Baldvin Jóhannsson Dalvík hafði „stundað sund, glímur og fleiri íþróttir.“ Jónína Jónsdóttir af Skeiðum hafði sungið diskant í félaginu og félagi hennar Sigríður Runólfsdóttir frá Syðri-Brúnavöllum var „vel máli farin og ritfær.“ Ungmennafélagið Dagsbrún í Landeyjum tilkynnti aðeins einn féлага, Oddgeir Jónsson í Hallgeirsey, en hann hafði líka „verið ritari [og stundað] glímur, hlaup, stökk [og var] tenór.“ Margir höfðu til síns ágætis nokkuð en Jón Óskar Pétursson, formaður Ingólfs í Holtum tók það fram um átta félaga sína sem hann tilkynnti, að þeir væru byrjendur og væru „eiginlega um það leyti að [læra að] þekkja og meta gildi félagsskaparins.“

Frá hausti 1924 til vors 1925 voru haldnir sjö fjölmennir farfuglafundir í Iðnó. Að vanda var mest lagt í síðasta fundinn um vorið og lauk honum með dansi sem stóð til klukkan þrjú um nóttina. Aðgangur kostaði tvær krónur og var kaffið innifalið. Þeir voru sem fyrr auglýsti með fregnmiðum þar sem dagskránni var lýst og menn hvattir til að mæta. Fyrir þriðja fundinn var sent út dæmigert dreifibréf sem hljóðaði svo:

UMSK

3. sameiginlegur fundur

allra ungmennafélaga utan Reykjavíkur verður haldinn þriðjudaginn 9. des. kl. 8 síðd. í Iðnó. Eftir að flutt verður inngangserindi um ætlunarverk og gagnsemi ungmennafélaganna verður rætt um hvernig fyrirmyndarfélag eigi að vera og á hvern hátt því takmarki verði náð og hvað beri að varast í starfrækslu félaganna og svo framvegis. Blaðið *Farfuglar* verður lesið upp, sagðar félagafréttir og fleira og fleira. Ennfremur kaffidrykkja að vanda.

Jafnframt því sem við væntum að fá að sjá



Ísfríðingurinn Guðmundur Jónsson frá Mosdal, var um tíma ritari UMFÍ.


þig á fundinum biðjum við þig að láta alla þá félaga utan af landi sem þú veist um að dvelji í bænum vita um fundinn.

*Héraðssambandsstjórnin*³⁰

Haustið 1925 var ungmennafélagunum enn skrifað og þeim send eyðublöð til útfyllingar um þá félaga sína sem gerðust farfuglar í Reykjavík veturinn 1925-1926. Heldur voru undirtektir dræmari en fyrra árið en þó sendu 17 félög lista með nöfnum 132 félaga sinna. Þar kenndi ýmissa grasa. Til dæmis vottaði Guðmundur Mosdal, formaður Árvakurs á Ísafirði, að þrír liðsmanna sinna, þeir Kristján, Marínó og Hávarður væru „góðir íþróttamenn allir til fimleika, hlaupa og annarra útiþróttar.“ Sömu leiðis dró Eysteinn Bjarnason á Saudárkróki ekkert af sér við að hæla Kristjáni Magnússyni félaga sínum. Hann hefði verið ritstjóri félagsblaðsins, væri mjög söngvinn og hefði iðkað bæði glímu og leikfimi auk þess að vera fremur vel máli farinn. Þorsteinn Þórarinnsson, formaður Umf. Biskupstungna, lét það duga að segja 11 félagssystkini sín sönghæf.

Sjö farfuglafundir voru haldnir um veturinn með sama þrótti og fyrr og voru stundum allt að 100 ungmennafélagar á fundi í einu. Nú voru það orðin allmörg félög sem höfðu átt félaga sína á slíkum fundum enda mæltust þeir vel fyrir. Sum félögin höfðu átt þar milli 30 og 40 félaga sína í einu sagði í *Skinfaxa* í febrúar 1927. Fundirnir voru auglýstir í *Skinfaxa* og hnykkt á því að þeir væru „ætlaðir aðkomandi ungmennafélögum til upplýftingar og ánægju.“

Farfuglafundirnir voru stórverkefni á landsvísu



Kappsláttur Kjósarmanna: Árni, kaupamaður á Meðalfelli, Ágúst Þorsteinsson í Káraneskoti, Ólafur Ágúst Ólafsson á Valdastöðum, Magnús Blöndal á Grjóteyri, Gestur Andrésson á Neðra-Hálsi og Hannes Guðbrands-son í Hækingsdal reiðubúnir til keppni sumarið 1925.

og kannski hefur sú hugsun hvarflað að einstaka ungmennafélaga að þetta væri fremur verkefni við hæfi UMFÍ en fámenns ungmennafélags í Reykjavík með góðri aðstoð héraðssambands á staðnum. En Velvakandi stóð fyrir þessu verkefni af myndarskap og áfram héldu fundirnir, ár eftir ár og aðsóknin var ótrúlega góð. Reyndar svo mikil að þegar kom fram á haustið 1936 horfði til vandræða því húsrýmið dugði ekki til. Reyndist nauðsynlegt að gefa út sérstök skírteini handa ungmennafélögum til að tryggja þeim aðgang að fundunum því þeir höfðu að sjálfsögðu forgang fram yfir gesti af götunni. Þetta var ítrekað með skilaboðum í *Skinfaxa* frá Skúla Þorsteinssyni, formanni UMSK:

Auðvitað sækir margt gott fólk þessar samkomur sem stendur utan við ungmennafélagsamtökin en það verður eðlilega fyrst frá að hverfa þegar húsrúm þrýtur. Annars standa þeim opnar dyr í ungmennafélaginu Velvakandi sem sækja vilja þessa fundi eða taka þátt í annarri starfsemi félagsins. Aðeins þeir sem sannað geta tilveru sína í einhverju ungmennafélagi eiga vísan aðgang að Farfuglafundunum á komandi vetri. Ungmennafélagar! Munið að útvega ykkur félagsskírteini.³¹

Á þingi UMSK 1938 lýstu menn yfir ánægju sinni með starfsemi farfuglafundanna, þökkðu Velvak-

endum fyrir vel unnin störf og báðu þá blessaða að halda starfseminni áfram. En árið eftir tjáði formaður Velvakanda að fjárhagshalli hefði orðið á fundunum og fékk samþykktu fjárveitingu frá UMSK til að jafna metin. Þá kom fram að upp væri risinn félagsskapur sem kallaði sig farfugla og hefði farið þess á leit við Velvakanda að fá að sitja eitt að nafninu. Því var tekið fjarri en þess í stað samþykkt að reyna að fá lögfestingu á nafninu.

En áfram hallaði undan fæti. Á héraðsþingi 1940 kom fram að farfuglafundirnir hefðu verið illa sóttir um haustið og var óreiðuástandi hernámsins kennt um. Einnig höfðu menn neyðst til að fækka fundunum vegna húsnæðisvandræða. Haustið 1941 var ekki unnt að halda fundina vegna vöntunar á húsnæði og reyndist það vera banabiti þeirra. Farfuglafundirnir voru ein helsta skrautfjöldur Ungmennafélagsins Velvakanda og þeir runnu sitt skeið á enda samtímis því að félagið lagði upp laupana.

*Slátturinn

Eins og að undanfögnu var haldinn kappsláttur í Kjósinni á síðasta sumri. Að þessu sinni var breytt um aðeins og fenginn teigur á engjum Guðna í Eyjum. Var meiningin sú að reyna á þurrlendari engjum en er til kom reyndist Sandsárþakkinn ekki nægjanlega stór

og jafn svo nota varð votlendara svæði utar í mýrinni sem þó var óvenju blautt vegna undangenginna rigninga síðasta sólarhring. Teigstærð var 600 fm. Þessir tóku þátt í keppninni og með þessum árangri (sjá töflu):

Dómendur voru þeir Eggert Finnsson, Einar Ólafsson og Sveinbjörn Guðmundsson. Að slættinum loknum loknum var riðið til Eyjaréttar og slegið upp dansi.

Eins og oft vill verða eru misjafnir dómar mannanna og er ekki trútt að slíkt hafi ekki heyrst að þessu sinni, þó efalaust séu miklu fleiri sem líta líkum augum á þetta sláttumót og dómnefndin. Að vísu verður að telja vafasamar einkanirnar fyrir sláttugæðin en um þau er rétt ómögulegt að dæma óskeikult fyrir en búið er að raka teigana.

Þetta er fjórði kappslátturinn sem haldinn hefur verið hér í Kjós og jafn oft hefir verið barist um verðlaunapeninga þá sem félagið gaf endur fyrir löngu. Að þessu sinni unnust tveir þeirra til ævarandi eignar, 2. verðlaun unnin af M. Blöndal og 3. verðlaun unnin af Hannesi Guðbrandssyni.

Ef kappsláttur verður haldinn á komandi sumri af tilhlutan Drengs, verður félagið að sjá fyrir nýjum verðlaunagripum og nýrri reglugerð, helst þannig úr garði gerðri að enginn félagsmaður finnist svo hégómagjarn að hann telji sig ekki fullsæmdan að breyta samkvæmt henni. – M. Blöndal.³²

Gestir frá Noregi

Á árum fyrri heimsstyrjaldar voru uppi ráðagerðir innan UMFÍ um að bjóða frændum vorum hingað til norræns ungmennafundar en þær dagaði uppi í ófriðarbálinu. Leið nú og beið þar til Guðbjörn Guðmundsson, formaður UMSK, var á ferð í Noregi sumarið 1923. Hann hafði þá samband við formann norska ungmennasambandsins í Osló, Torstein Christiansen. Þar lagði Guðbjörn fram þá hugmynd að skiptast á heimsóknum við norska ungmennafélaga sem voru meira en tilbúnir til þess.

Guðbjörn kynnti þessa hugmynd sína þegar heim kom og fékk góðar undirtektir. Stjórn UMSK var stórhuga og nú var ákveðið að bjóða norskum ungmennafélögum til kynnisferðar á Íslandi sumarið 1924. Þetta var djarflega gert og á sér ekki hliðstæðu í sögu ungmennafélagshreyfingarinnar. Hér var ekki tvínónað við hlutina og hinn 5. maí sendi stjórnin formlegt boðsbréf til Bondeungdomslaget í Osló þar sem fimm norskum ungmennafélögum var boðið til Íslands. Norðmenn svöruðu skjótt og kváðust þiggja þetta höfðinglega boð með mikilli ánægju. Margt þurfti að skoða og skipuleggja og bréf og símskeyti streymdu á milli landanna meðan ferðinni var komið í kring.

Ekki var minna mál að skipuleggja ferðir hinna erlendu gesta innanlands en því var stjórnin búin að ganga frá í smáatriðum mánuði áður en gestirnir stigu á land. Haft var samband við Borgfirðinga og Skarphéðingsmenn um veturinn og lofuðu þeir að aðstoða með ókeypis fæði og gistingu þar sem gestirnir yrðu á ferð og einnig með fjárframlögum. Þessar góðu undirtektir réðu úrslitum um að ráðist

nr.	nafn	tími	hraði	gæði	einkunn
1.	Ólafur Ágúst Ólafsson	17:25 mín.	8,0	6,5	7,25
2.	Magnús Blöndal	17:40 mín.	7,7	6,5	7,10
3.	Hannes Guðbrandsson	18:25 mín.	6,8	6,5	6,65
4.	Árni Pálsson	17:38 mín.	7,7	4,0	5,85
5.	Ágúst Þorsteinsson	18:25 mín.	6,8	4,0	5,40
6.	Gísli Andrússon	20:30 mín.	4,0	6,5	5,25

var í heimboðið því kostnaðurinn var mikill og eiginlega langt umfram getu sambandsins. En bjartsýnin var látin ráða og allt fór vel. Ungmennafélagar virtust hlakka til og nú var bara að bíða gestanna. Til fjáröflunar efndu Umf.R og UMSK sameiginlega til hlutaveltu í Reykjavík því ekki veitti af. Þar var margt góðra gripa og forsíðuauglýsing í *Vísí* hljóðaði svo:

Meðal fjöldans af ágætum munum ná nefna kálfa, (geta orðið afbragðs kýr) lömb sem verða afhent í sláturtíðinni í haust, bifreiðarferðir út á land og margt fleira sem enginn endist til að telja upp. Allir ungmennafélagar, eldri og yngri, fjölmennið, svo að fljótt dragist upp og styðjið heimboðið. Aðeins fyrir ungmennafélag. Ókeypis inngangur.³³

Hinn 17. júní lagðist millilandaskipið *Mercur* að bryggju í Reykjavík og um borð voru norsku gestirnir. Þeir voru: Fararstjórinn, Gustav Indrebö, dósent við háskólann í Osló, Torstein Christiansen, kennari við landbúnaðarháskólann í Osló, Martin Asphaug, kennari frá Niðarósi, Eirik Hirth, kennari frá Björgvin og Anders Lövik, bókari frá Stafangri. Þeir voru sem sagt frá flestum landshornum nema enginn var frá Norður-Noregi.

Árþing UMFÍ var sett sama dag og Norðmennirnir komu og voru þeir gestir þingsins. Samtímis fór Allsherjarmót ÍSÍ fram á Melavellinum og þar var þeim skipað til öndvegis. Höfðu þeir góða skemmtun af mótinu og létu vel yfir flestum íþróttum sem sýndar voru. Eftir nokkra dvöl í höfuðstaðnum hófu þeir reisu um Borgarfjörð og Suðurland ásamt gestgjöfum sínum. Hvarvetna tóku ungmennafélagar þeim tveim höndum. Gestgjafarnir í UMSK settu allsstaðar það skilyrði að aldrei yrði talað við gestina annað mál en íslenska því þeir kynnu allir landsmál sem væri svo líkt íslenskunni að þeir skildu hana bærilega væri talað við þá hægt og skýrt. Heimamönnum líkaði þetta vel og ekki bar á öðru en frændur okkar væru með á nótunum. Jóhann B. Jónasson flutti þeim drápu við komuna og var þetta upphafið:

*Heilir komnir af hafi og sælir,
bingað til þjóðar, Austmenn góðir!*

*Heilir og sælir, heitt vér málum,
höggvið til stranda á voru landi!
Strandhögg áður, að víga vanda,
víkingar gerðu á sínum ferðum
- En yðar hlutur er allur boðinn
- eins og þér skiljið - af fúsum vilja!³⁴*

Gestirnir sáu merka sögustaði svo sem Þingvelli, Skálholt, Hlíðarenda og Geysi. Svo voru Norðmenn viðstaddir samfund UMSK á Akranesi sem haldinn var 29. júní. Hann var allfjöldmennur en tókst miður en skyldi því veður var ekki hagstætt. Kaffisamsæti í Bárubúð um kvöldið var þó vel heppnað. Þvínæst var haldið á héraðsmót Borgfirðinga við Ferjukot og þaðan ríðandi á Þingvöllum sem fyrr segir. Þingvellir hrifu huga þeirra mjög enda var veður fagurt er þeir komu þar. Þar voru lesnir kaflar úr *Njálu*, meðal annars um bardagann á Þingvöllum en prófessor Sigurður Nordal skýrði söguna og örnefni staðarins. Þaðan var farið á hestum niður að Kotströnd í Ölfusi. Svo var ekið á bíl austur að Hlíðarenda í Fljótshlíð, lengra varð ekki komist. Austurferðinni lauk á fundi Skarphéðinsmanna í Þrastaskógi. Sögðu Norðmenn að á báðum stöðum, þar og í Borgarfirði, hefði þeim þótt gott að vera „því þar vann íslenska vorið með íslenskri æsku að því að fagna þeim,“ sagði í *Skinfaxa*. Björn Birnir í Grafarholti var leiðsögumaður þeirra allan tímann.

Eftir mánaðardvöl héldu hinir norsku ungmennafélagar til síns heima. Þeir voru hylltir í kveðjusamsæti og leystir út með gjöfum. Fékk hver þeirra silfurbúna svipu sem Daníel Daníelsson gullsmiður hafði smíðað og áletrað. Fer þó engum sögum af útreiðum svipueigenda eftir að heim var komið. Þeir víðfrægðu Íslandsferð sína í norskum blöðum og báru Íslendingum vel söguna. Einkum þótti þeim athyglisvert að fámennt héraðssamband eins og UMSK skyldi afreka það sem heildarsamtökin, UMFÍ, treystu sér ekki til: Að standa fyrir heimboðinu. Að öllu leyti var þessi heimsókn hinna norsku gesta íslenskum ungmennafélögum til hins mesta sóma og þar átti stjórn Ungmennasambands Kjalarnesþings stærstan hlut.

Norsku gestirnir sendu kveður sínar á árþing UMSK um haustið og sögðu að ennþá stæði Íslandsferðin fyrir þeim eins og fagur draumur eða

ævintýri. Jafnframt buðu þeir fimm íslenskum ungmennafélögum til Noregs á sumri komanda. Var það með sömu skilyrðum og heimboð Íslendinga, að þeir greiddu sjálfir fargjaldið milli landanna en fengju frítt uppihald innanlands. Í bréfi frá Noregs Ungdomslag í apríl 1925 voru lokaorðin þessi: (lauslega þýtt)

Hvort okkur muni heppnast að hafa móttökur okkar eins gestrisnar og stórbrotnar og þær voru hjá ykkur í fyrra er óvíst en við munum gera okkar besta og þið skulið vera hjartanlega velkomnir.³⁵

Nú skyldu menn ætla að hafist hefðu fjörug heimboð til skiptis milli Noregs og Íslands en það var öðru nær. Helsta ástæðan var sú að fjárráð íslenskra ungmennafélaga leyfðu ekki slíkt. Þeir höfðu einfaldlega ekki efni á því að fara í langar ferðir til annarra landa þótt þar væri allt ókeypis og félögin höfðu heldur ekki fjármuni til að leggja í púkkið. Í svarbréfi UMSK var þetta útskýrt á íslenskuskotinni norsku:

Vi vil atter takka for denne venlige inbjodning og vi er mykkje leid yfir at det ser ut til at vi ikkje kan taka imot den strax og fara, men vi vonar at de tek det som det er. Vi vil men kan ikkje koma, men næsta sumar vil det staar beter til.³⁶

Næsta sumar endurtók sagan sig. Íslendingar höfðu ekki efni á að þiggja heimboðið. Reyndar fór hópur ungmennafélaga til Noregs á vegum UMFÍ sumarið 1925 en það var á öðrum forsendum. Sigurður Greipsson glímukóngur frá Haukadal, formaður Skarphéðins, dreif upp 10 manna flokk glímumanna sem sendur var til sýningarferðar um Noreg. Þrír af glímuköppunum voru Kjalnesingar, bræðurnir Ágúst og Þorgeir Jónssynir frá Varmadal á Kjalarnesi og Pétur Bergsson frá Helgafelli í Mosfellssveit. Glímukapparnir dvöldust ytra í heilan mánuð og sýndu glímu 19 sinnum á 16 stöðum víðs vegar um Noreg. Þetta var hin mesta ævintýraferð og þeir voru bornir á höndum sér af norskum ungmennafélögum. Glíman vakti mikla athygli enda var flokkurinn þaulæfður og í honum eintómir úrvalsmenn. Fararstjóri og fyrirlíði

var sjálfur Sigurður Greipsson en Jón Þorsteinsson íþróttakennari var þjálfari hópsins. En þetta breytti ekki því að Kjalnesingar áttu inni heimboð frá því sumarið áður. Málinu var haldið vakandi næstu árin en það það beið samt allt til ársins 1930 að endurgjalda heimsóknina frá 1924.

Gestamótin

Um tíma voru svokölluð gestamót haldin tvisvar á vetri í Reykjavík á vegum UMSK. Þau voru veglegar skemmtanir sem öðrum þræði voru ætlaðar til fjáröflunar. Kveikjan að þeim var sá mikli fjárhagsvandi sem blasti við eftir Norðmannaheimboðið 1924. Kostnaðurinn var um 1200 krónur sem voru miklir fjármunir fyrir fjárvana samband því mestur hlutinn var í skuld. Haldin voru gestamót árin 1925 og 1926 sem gáfu það vel af sér ásamt hlutaveltu að tekjuhallinn fékkst að fullu greiddur án þess að skerða þyrfti sjóði sambandsins. Eftir þessa góðu reynslu var ákveðið að láta ekki staðar numið en halda gestamót fyrir og eftir áramót á hverjum vetri. Þau voru líka fundið fé til að byrja með og ágóðinn af gestamótinu 26. nóvember 1927 reyndist vera 409 krónur sem var talsvert meira en kýrverð á þeim tíma.

Það kom fyrst og fremst í hlut ungmennafélaga í Velvakanda að sjá um gestamótin. Þau voru í raun og veru árshátíð ungmennafélaga í Reykjavík, nokkurskonar risavaxinn Farfuglafundur með skemmtiatriðum sem létu lund samkomugesta. Að sjálfsögðu var dansað vel og lengi í lok hverrar skemmtunar. Gestamótin voru fyrst og fremst ætluð ungmennafélögum utan af landi enda létu þeir sig ekki vanta. Þau urðu eftirsóttar skemmtanir í bænum og vildu þá margir vera ungmennafélagar. Kom fyrir að einstaka menn sigldu undir fölsku flaggi inn á gestamótin undir því yfirskini. Í *Skinfaxa* birtist stutt frásögn Guðbjörns Guðmundssonar af gestamóti sem fram fór haustið 1928 og má telja nokkuð dæmigert:

Gestamót hélt Umf. Velvakandi í Reykjavík þann 24. nóv. s.l. fyrir alla ungmennafélaga sem í bænum voru. Var þar margt til skemmtunar svo sem: einsöngur, ferðasaga frá



Glímukappar ungmennafélaganna sem sýndu glímu í Noregi 1925: Jón Þorsteinsson íþróttakennari, Jón Pálsson á Heiði í Mýrdal, Þorsteinn Kristjánsson á Korpúlfsstöðum, Jóhann Þorláksson í Reykjavík, Pétur Bergsson á Helgafelli í Mosfellssveit, Sigurður Greipsson í Haukadál, Þorgeir Jónsson í Varmadal, Ágúst Jónsson í Varmadal, Viggó Nathanaelsson á Þingeyri og Jörgen Þorbergsson á Litlu-Laugum í Reykjadal.

Sviss, stutt erindi, sögð gömul þjóðsaga með skuggamyndum, leikin Kvöldvakan í Hlíð sem er þáttur úr sögunni „Maður og kona“ og loks var stiginn dans. Auk félaga úr Velvaka- anda voru þarna rúmlega 200 félagar utan af landi og fór skemmtunin vel úr hendi, öllum til ánægju. – Næsta gestamót heldur félagið 23. febrúar og verður það með líkum hætti.³⁷

Eins og sjá má af textanum voru gestamótin alfarið komin í umsjá félagsins sem þar með naut góðs af innkomunni eins og maklegt var. Næstu árin voru haldin tvö gestamót hvern vetur, bæði fyrir og eftir áramót. Aðsókn var sæmleg og ágóðinn kom sér vel í tóma sjóði félagsins. Smám saman dró þó úr aðsókninni og eftir fámennnt gestamót í desember 1931 var ákveðið að fækka mótunum og láta eitt mót á ári duga. Þetta lánaðist vel um sinn og gestunum fjölgaði fremur en hitt. Svo fór aftur að síga á ógæfuhlið og árið 1937 var svo komið að halli varð af gestamótinu sökum fámennis. Sama gerðist árið eftir og þá varð hallinn heilar 232 krónur. Félagið sótti um styrk vegna þessa bæði til UMSK og UMFÍ og var það samþykkt á báðum stöðum. En eftir þetta þótti fullreynt með að gestamótin bæru sig og haustið 1938 var samþykkt að halda ekki gestamót nema UMSK óskaði þess og tæki á því fjárhagslega ábyrgð. Sem vænta mátti heyrðist hvorki stuna né hósti frá hér-

aðssambandinu í þá áttina og þar með runnu hin eitt sinn svo vinsælu gestamót sitt skeið á enda.

Stuggað við stóra bróður

Eins og rakið hefur verið var Ungmennafélag Íslands fremur veikburða framan af og fór ekki að styrkjast fyrr en búið var að leggja fjórðungssamböndin niður. Stjórn UMFÍ var kosin til þriggja ára í senn og talsvert mæddi á stjórninni á árunum 1921-1923 á meðan þessar breytingar gengu yfir. Á þingi UMFÍ árið 1921 lét Jónas Jónsson frá Hriflu af formennsku sambandsins en við tók Magnús Stefánsson sem kom frá Ungmennafélagi Reykjavíkur. Gjaldkeri var félagi hans Jón Kjartansson kennari og ritari var Guðrún Björnsdóttir frá Aftureldingu í Mosfells-sveit. Meðstjórnendur voru Guðmundur Davíðsson og Guðmundur Jónsson frá Brennu, báðir úr Reykjavík. Þessir aðilar báru ekki gæfu til samstarfs og von bráðar fór að hvesa á stjórnarheimilinu. Guðrún Björnsdóttir var skörungur mikill og henni þótti hægt ganga að koma áriðandi málum áleiðis. Hún vildi boða til aukapings hjá UMFÍ haustið 1922 til að bæta úr þessu en það fékkst ekki samþykkt. Þá sagði hún sig úr stjórninni samdægurs og gekk á dyr. Formaðurinn, Magnús Stefánsson, fylgdi í kjölfarið og sagði sig úr stjórninni vorið 1923. Þá hafði skorist



Jón Kjartansson kennari, gjaldkeri UMFÍ 1922.



Guðmundur Jónsson frá Brennu, stjórnarmaður UMFÍ 1922.



Guðrún Björnsdóttir í Grafarholti, ritari UMFÍ 1922.



Magnús Stefánsson, dyravörður, formaður UMFÍ 1922.



Guðmundur Davíðsson kennari og síðar þjóðgarðsvörður, stjórnarmaður UMFÍ 1922.

hart í odda með honum og Jóni Kjartanssyni. Eftir sátu þrír menn í stjórninni en hún var vitanlega lömuð eins og gefur að skilja þegar formaður og ritari voru farnir burt sinn veg. Í raun var stjórn UMFÍ svo gott sem óstarfhæf.

Bæði hin burtförnu voru úr röðum UMSK og Guðrún meira að segja ritari stjórnar þar einnig. Guðbjörn Guðmundsson, formaður UMSK, tók nú af skarið og beitti sér fyrir því að aðildarfélög sambandsins sendu áskoranir til UMFÍ um að boða til aukafings haustið 1923. Undir þetta tók stjórn UMSK og minnti á í bréfi til stjórnar UMFÍ að bæði Borgfirðingar og Vestfirðingar hefðu gert slíkt hið sama. Skorti ekki brýningar í bréfinu sem lauk á þessa leið:

Við viljum einnig benda á að Sambandsstjórnin er nú algerlega ólögmet þar sem Sambandsstjóri hefir nú látið af sínu starfi í stjórninni og þar sem enginn annar en Sambandsþing getur kosið Sambandsstjóra og enginn tekið sér þá stöðu án samþykkis Sambandsþings, hlýtur Ungmennafélagsskapurinn á Íslandi að hrekjast sem höfuðlaus her þar sem hver fer fram eftir eigin vilja til næsta þings. Og vilja þeir sem enn eru eftir á þessu stjórnarflaki taka á sig þá ábirgð að láta skeika að sköpuðu með

Ungmennafélagsskapinn um heils árs bil? Við vonum ekki.³⁸

Guðbjörn formaður fylgdi þessu eftir og beitti sér fyrir því að UMSK sendi bréf til stjórnar allra héraðsambanda innan UMFÍ og bað þær liðsinnis að skora á þau Magnús og Guðrúnu að taka aftur sæti sín í stjórn. Tíminn var naumur og til að leggja áherslu á það var beðið um svar í símskeyti eins fljótt og unnt væri. Ekki stóð á viðbrögðunum. Eftir skamma stund höfðu Austur- og Vestur-Skaftfellingar, Vestfirðingar, Borgfirðingar, Snæfellingar, Skagfirðingar og náttúrlega Kjalnesingar svarað þessu ákalli og skorað á Magnús og Guðrúnu að ganga aftur til stjórnarstarfa. Þau voru fús til þess og mættu á stjórnarfund haustið 1923. Þar samþykktu þau ásamt Guðmundi Davíðssyni að halda aukafing UMFÍ um haustið.

Ekki varð af þinginu sökum ónógrar þátttöku og það ár sem eftir var af starfstíma stjórnarinnar starfaði hún í tvennu lagi. Þeir Jón Kjartansson og Guðmundur Jónsson mættu ekki á stjórnarfundir en sáu um útgáfu *Skinfaxa* ásamt nýjum ritstjóra, Gunnlaugi Björnssyni. Andspænis þeim stóðu hinir endurheimtu stjórnarmenn, Guðrún og Magnús og héldu um stjórnartaumana. Guðmundur Davíðsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, stóð þarna sem á milli tveggja elda og reyndi að bera klæði á vopnin. Má með sannni segja að þar át hver úr sínum poka. Næsta árþing UMFÍ var haldið haustið 1924 og þá hættu allir þessir stjórnarmenn. Þar með var stjórnarkreppan úr sögunni en eftir stendur að stjórn UMSK hikaði ekki við að taka í taumana hjá UMFÍ þegar henni sýndist stjórnin hafa farið út af sporinu og leiða hana aftur inn á réttan veg.

*Minningarhátíð

Um 25 ára starfsemi ungmennafélagsskapsins í Reykjavík var haldin föstudaginn 2. október 1931 fyrir forgöngu Velvakanda. Var hátíðin haldin á Hótel Borg og hófst með borðhaldi kl. 7 eftir hádegi.

Saman var komið á annað hundrað manns, flest gamlir fjelagar úr Umf. Reykjavíkur og Umf. Íðunn. Er sest var að borðum setti Guðbjörn Guðmundsson samkomuna og bauð gesti velkomna. Næst tók til máls Guðbrandur Magnússon og mælti fyrir munn Umf.R. Frú Ragnhildur Pjetursdóttir mælti fyrir munn Umf. Íðunn en Guðbjörn Guðmundsson fyrir minni heiðursgestanna sem voru þeir af stofnendum Umf.R er til hafði náðst. Rak eftir það hver ræðan aðra og tóku þessi til máls: Frú Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir, frú Svanfríður Hjartardóttir, Tryggvi Þórhallsson, Ásgeir Ásgeirsson, Ársæll Árnason, Sigurjón Pétursson, Þorkell Clementz og Jón Sívertsen.

Hnigu ræður manna mest að því hversu fjelagsskapur þessi hefði haft góð og heillarík áhrif á þá og rifjuðu upp margar góðar og hugljúfar endurminningar frá liðinni tíð. Heillaskeyti barst hófinu frá Guðmundi Þorlákssyni, Jóni Helgasyni og ÍSÍ. Að hverri ræðu lokinni voru sungnir ættjarðarsöngvar og hljómsveit ljek undir. Þá er borð voru upp tekin var stiginn dans til kl. 2 ½ um nóttina og skemmtu menn sér hið besta.³⁹

Stórhátíð á Þingvöllum

Sjaldan hefur nokkur þjóð verið eins stolt af þjóðerni sínu og Íslendingar þegar fór að líða að hinni fyrirhuguðu Alþingishátíð á Þingvöllum árið 1930. Þessi þúsund ára afmælishátíð Alþingis vakti mikinn fögnuð í brjósti þjóðarinnar og þá ekki hvað síst ungmennafélaga. Hátíðin var ofarlega í huga fulltrúa á formannafundi UMSK sem haldinn var á Jónsmess-

unni 1926. Þá voru fjögur ár til stefnu en fundarmenn vissu sem var að svo viðamikla hátíð þurfti að undirbúa vel og vildu hafa þar hönd í bagga. Guðbjörn Guðmundsson formaður UMSK hélt erindi og lýsti því hversu mikið metnaðarmál það væri öllum ungmennafélögum að hátíðarhöldin bæru sem mestan þjóðlegan blæ. Hann bar fram eftirfarandi tillögu sem var einróma samþykkt:

Árið 1930 verður íslenska þjóðin skoðuð af umheiminum með meiri gagnrýni en nokkru sinni fyrr. Það verður því óskorað metnaðarmál allra góðra Íslendinga að glögglega séu þá dregin fram öll þau einkenni í þjóðlífi voru er sérkenna oss sem sérstaka og sjálfstæða þjóð sem fleira eigi varðveitt en bókmenntir og sögu sína um 1000 ár. Og þar sem allir ungmennafélagar hljóta öðrum fremur að láta þetta mál freklega til sín taka er þess vænst að öll félög geri tillögur um á hvern hátt þeir geti mest og best unnið að þessu takmarki og leggi þær tillögur fyrir næsta héraðs- og sambandsþing.

Forystumenn fundarins vöktu athygli á því að margt þyrfti að laga á Þingvöllum fyrir hátíðina 1930. Til dæmis þyrfti að bæta þar ýmis jarðspjöll sem Öxará hefði valdið, byggja búð í fornum stíl og margt fleira. Flest benti til að þetta fengist ekki unnið af hálfu ríkisins vegna fjárskorts. Menn sáu þó ýmsar leiðir til úrbóta eins og sagði í fundargerðinni:

Hinsvegar er það óviðunandi að sá helgi staður flaki í sárum eins og ómarkverður úthagi og leitt ef ekki væri unnt að sýna á neinn hátt hversu okkar fornu hetjur sem gert hafa garðinn frægan, bjuggu er þeir gistu Alþingi hið forna eftir því sem sögurnar best herma. Var því samþykkt:

Að beina því til ungmennafélaga hvort þau ekki sæju sér fært í þjóðræknis- og metnaðarskyni að leggja fram ókeypiss vinnukraft til nauðsynlegra starfa á Þingvöllum fyrir 1930, staðnum til prýðis, sem annars verða óunnin látn, annaðhvort að félögin sendu þangað



Hópur ungmennafélaga með fána landsfjórðunganna á Alþingishátíðinni 1930. Fyrir miðju er Sigurður Greipsson með fána UMFÍ en framan við hann situr Guðbjörn Guðmundsson. Við hlið Sigurðar stendur Björn Guðmundsson við fána Vesturlands með mynd gríðungsins. Jóhannes Jósefsson á Borg heldur uppi fána Norðurlands með mynd amarins. Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseti Íslands, heldur á fána Austurlands með drekanum og Sveinn Sæmundsson á Lágafelli heldur við fána Suðurlands með bergísanum.

fyrir sína hönd félaga eða kostuðu þar mann eða menn fyrir sína hönd.

Á þingi UMSK haustið 1926 voru samþykktar tillögur sem sendar voru öllum aðildarfélögum UMFÍ. Þar var skorað á félögin að leggja fram vinnu til undirbúnings Þingvallahátíð og lagt til að hvert félag legði til einn mann í mánuð árlega og í fyrsta sinn sumarið 1927. Beðið var um svör fyrir 10. apríl svo hægt væri að skipuleggja vinnuna.

Þar með var UMSK búið að taka forystu í undirbúningi Alþingishátíðarinnar 1930. Sambandið hafði tekið frumkvæðið úr höndum UMFÍ og meira að segja ríkisvaldsins. Meðan stjórnskipuð Þingvallanefnd velti vöngum yfir því hvort ætti að halda hátíðina í Reykjavík eða á Þingvöllum var enginn efi í huga Kjalnesinga. Þingvellir skyldu það vera og 13. júní 1927 komu átta röskir og duglegir ungir menn þangað til starfa. Tveimur dögum seinna hófst ársþing UMFÍ sem haldið var á þriggja ára fresti. Þar var

UMSK falið að stjórna framkvæmdum á Þingvöllum í samráði við UMFÍ og skorað á öll ungmennafélög að styðja þetta starf með ráðum og dád.

Drengirnir átta komu frá fjórum héraðssamböndum. Borgfirðingar skiluðu 8 dagsverkum, Vestfirðingar 12, Skarphéðinsmenn 42 en frumkvöðlarnir hjá UMSK trompuðu þetta allt með 105 dagsverkum. Þessir ungu menn unnu af kappi í þrjár vikur og sléttuðu út gamlar reiðgötur sem breyttust við það í tjaldstæði. Þá lagfærðu þeir einnig veginn um vellina.

Þeir iðkuðu íþróttir á kvöldin, syntu í Öxará og gengu á fjöll. Stjórnvöld létu þeim í té húsnæði, fæði, þjónustu, verkfæri og verkstjóra. Sú stórbrotna hugmynd að reisa þingbúð í fornum stíl varð þó að víkja fyrir gömlum húsdraug, nefnilega fjárskorti sem gerði það að verkum að ekki var hægt að vinna eins mikið og menn hefðu viljað.

Næsta sumar hófst Þingvallavinnan 21. maí 1928. Fyrst komu þrír piltar og þeir urðu 13 þegar best lét. Verkstjórinn sem UMSK lagði til hét Ólafur



Frá setningu Alþingishátíðarinnar við Lögberg á Þingvöllum 1930.

Þ. Kristjánsson og skilaði hann skýrslu til *Skinfaxa* sem hér er vitnað til. Hann var ekki ánægður með frammistöðu Þingvallanefndar sem var í skötulíki en bar UMSK og ungmennafélögum vel söguna. Þriggja kílómetra vegalagning milli Kárastaða og Almannaþjávar var helsta verkefnið ásamt gangstíg ofan í gjána. Svo var reynt að laga farveg Öxarár en þar sem fyrirmæli voru öll símleiðis var það ekki sérlega auðvelt. Afleiðingin varð sú að menn stóðu verklausir dögum saman. Vinnumönnum hafði verið lofað íþróttakennslu en hún brást og þess í stað „lékum við dálítið að handknetti“ sagði verkstjórinn. Málfundir voru tveir og farin skemmtiganga á Botnsúlur. Svo komu ýmsir góðir gestir í heimsókn, þar af stjórn UMSK tvívegis. Alls voru þarna unnin 256 dagsverk af félögum 15 ungmennafélaga en hefðu getað orðið um 300 ef Þingvallanefnd hefði staðið sig betur. Guðbjörn Guðmundsson var greinilega óhress með

yfirvöld þegar hann skrifaði um Þingvallavinnuna í *Skinfaxa*. Lokaorð hans voru:

Get ég eigi varist þeirri hugsun af þeirri reynslu sem ég hefi af þessum málum að sitt-hvað muni verða ógert að Alþingishátíðinni lokinni, sem gera átti henni til undirbúnings – verði ekki betur hugsað fyrir þeim málum en Þingvallavinnu ungmennafélaganna.

Lof og þökk sé ungmennafélögum fyrir góðan skilning og ótrauðan áhuga sem þeir hafa sýnt fyrir þessu máli en látið hann ekki dofna fyr en yfir lýkur ! Og minnst þess að ekki er okkar skömmin þótt framréttar verkfúsar hendur séu ekki notaðar.⁴⁰

Það leynir sér ekki að formaður UMSK var stórmóðgaður fyrir hönd félaga sinna og ekki bætti úr



Ungmennafélagar í UMSK dansa vikivaka á Kollafjarðareyrum.

skák að vegna skipulagsmistaka var vegurinn góði aldrei notaður. Kjallnesingar áttu fund með framkvæmdastjóra Alþingishátíðarinnar sem reyndar bað þá afsökunar á frammistöðu nefndarinnar en bauð þeim síðan að vinna samhliða launþegum að þeim verkefnum sem í boði voru. En það hafði alltaf verið ætlun ungmennafélaga að leggja fram eitthvað sérstakt sem þeir gætu helgað sér til minningar um þessa hátíð og nú var þeim nóg boðið og tilkynntu að sjálfboðavinnu þeirra væri hér með lokið.

En ungmennafélagar ætluðu sér mikinn hlut á Þingvöllum og allt í hreyfingunni snerist um það tvö síðustu árin fyrir hátíðina. UMFÍ hélt aukþing árið 1929 og þar var fát annað en Þingvellir á dagskrá. Alþingishátíðin fór svo fram dagana 26.-29. júní 1930. Þangað komu 30 þúsund manns sem var meira en íbúafjöldi höfuðborgarinnar. Ungmennafélögum varð að ósk sinni því þeir settu mikinn svip á hátíðarhöldin. Þeir gengu fram fylktu liði við setningu hátíðarinnar undir fánum með merki sambandsins og landsfjórðunganna. Svo var haldin vegleg bændaglíma undir stjórn Sigurðar Greipsonar og íþróttamenn landsbyggðarinnar tóku þátt

í stórbrotnum íþróttasýningum. Síðan komu börnin 70 frá Umf. Velvakanda sem sýndu vikivaka klædd fallegum þjóðbúningum. Sýningin vakti mikla hrifningu og framkallaði tár á vöngum margra áhorfenda. Var hún að margra áliti einn glæsilegasti atburður hátíðarinnar, UMSK til sæmdar og vikivökunum til vegsauka. Alþingishátíðin var mesta hátíð sem haldin hafði verið á Íslandi og var lengi í minnum höfð.

Vikivakar

Þjóddansarnir fornu, vikivakarnir, lifðu hérlandis í margar aldir en lögðust að lokum niður á 19. öld. Í hinni miklu þjóðernisvakningu ungmennafélaganna fyrir Alþingishátíðina 1930 kom upp sú hugsjón að endurvekja vikivakana og á sambandsþingi UMFÍ 1927 var samþykkt að koma á kennslu í þeim sem allra víðast. Þar gekk Helgi Valtýsson kennari fram fyrir skjöldu en hann mátti heita sá eini Íslendingur sem einhverja þekkingu hafði á vikivökum. Þeim kynntist hann hjá norskum ungmennafélögum þegar hann dvaldist í Osló snemma á öldinni.

Haustið 1927 hóf Helgi að kenna vikivaka hjá Umf. Velvakanda og einnig hjá nemendum Kennaraskólans. Félagar í Aftureldingu létu þá ekki sitt eftir liggja og fengu Helga til að koma sér á sporið. Fyrsta kennslustundin fór fram á aðventunni 1927. Akurnesingar komu í kjölfarið seinna um veturinn. Eins og sjá má voru það fyrst og fremst félagar í UMSK sem nutu góðs af kennslu Helga enda urðu vikivakar eitt af þeirra helstu viðfangsefnum næstu árin. Þeir voru fyrst sýndir opinberlega á álfadansi sem Umf. Velvakandi gekkst fyrir á Melavellinum 11. janúar 1928. Á þrettándanum það ár birtist heilsíðugrein í *Morgunblaðinu* um álfadansinn og vikivaka eftir Guðbjörn Guðmundsson. Þar stóð meðal annars:

Fyrir nokkru hefir Samband Ungmennafélaga Íslands ákveðið að reyna að endurvekja gömlu íslensku Vikivakana og söngleikina, sem nú hafa legið niðri í full 130 ár. Má öllum ljóst vera að slíkt er ekkert áhlaupaverk þegar þess er gætt að furðu lítið hefir geymst meðal alþýðu og í bókmenntum vorum er dansa þessa snertir og er það ekkert einsdæmi um okkur Íslendinga því svo hefir öllum Norðurlandapjóðunum farið um sína dansa – nema Færeyingum. ...

Á síðasta hausti var svo stofnaður flokkur innan Umf. Velvakanda er vera skyldi nokkurs konar tilraunaflokkur og tók Helgi Valtýsson að sjer að æfa flokkinn og búa til dansana, enda mun hann til þess ferastur allra Íslendinga, sakir þekkingar og fróðleiks um þessa dansa að svo miklu leyti sem um þekkingu getur verið að ræða.

Það kom brátt í ljós að dansar þessir þóttu fegurri og þjóðlegri en tískudansarnir og vildu því margir verða til að læra þá. Varð það þá úr að Helgi æfði annan flokk með nokkrum nemendum Kennaraskólans og er þeir voru allvel á veg komnir, var ákveðið að hrinda í framkvæmd þeirri hugmynd sem fram hafði komið í Velvakanda að efna til veglegs álfadans nú um áramótin. Voru þá báðir flokkarnir æðir saman úr því með þetta fyrir augum og hefir

sjerstök alúð verið lögð við gömlu álfakvæðin sem hvert mannsbarn þekkir.⁴¹

Álfadansinn fór fram að viðstöddum þúsundum áhorfenda sem þótti ærið nýnæmi að sjá vikivaka því slíkt höfðu þeir aldrei áður augum lítið. Sýndir voru dansar eins og Ólafur liljurós, Hólbúaslagur, Faldafeykir, Ljúflingslag, Draumbót, Töfraslagur og margir fleiri.

Seinna um veturinn voru haldnar tvær vikivaka-sýningar á vegum félagsins.

Á fundi Velvakanda um þetta leyti sagði Guðbjörn formaður að hann „teldi nauðsyn á að æfa þyrfti vikivaka almennt svo að hver *Velvakandi* kynni þá, auk þess sem þeir væru iðkaðir á fundum.“ Sú hefð myndaðist hjá Velvakanda eftir þetta að dansa vikivaka í fundarlok og mörgum fundargerðum félagsins lauk á þessum eða svipuðum nótum: „Því næst var sest að kaffi eftir venju og er borð voru upp tekin var dansaður vikivaki til kl. rúmlega 12.“ Eftir þetta voru þeir kenndir innan félagsins á hverjum vetri fram til 1934 og var félagið einn öflugasti brautryðjandi þessarar dansvakningar.

Helgi Valtýsson samdi myndskreytt kennslukver í vikivökum sem kom út á vegum UMFÍ árið 1930. Fullu nafni hét bókin: *Vikivakar og söngleikir. Stuttur leiðarvísir, lauslega samantekinn handa ungmennafélögum Íslands af Helga Valtýssyni*. Þetta kver var mikið notað af ungmennafélögum innan UMSK. Bæði Aftureldingarmenn og Velvakendur æfðu vikivaka hvern vetur og mynduðust æðir dansflokkar á báðum stöðum. Hjá Velvakanda voru flokkarnir tveir og um það bil 20 manns í hvorum. Og svo var dansað og dansað.

Velvakendur voru sérlega velvakandi fyrir því að útbreiða vikivakana og tókst að smita nágrannafélögin Aftureldingu og Dreng af áhuga sínum. Í framhaldi af því voru æðir vikivakar í félögunum þremur veturinn 1931-1932. Grímur Norðdahl, sem var einn af mestu áhugamönnum um þjóddansa og ritfær maður, sagði frá þessu í grein um vikivaka sem birtist í *Dagrenningi*, blaði Aftureldingar, árið 1937:

Þá var það sem vikivakar voru æðir af svo miklu kappi að það minnti helst á stórhirðingu í óþurkasumri. Þá var það sem vikivaka-



Vikivakaflokkur UMSK. Karlar: Ólafur Þorsteinsson, Grímur S. Norðdahl, Ólafur Andrésson, Þorleifur Guðmundsson, Guðmundur Jónsson og Þórður Einarsson. Konur: Júlía Helgadóttir, Rósa Þorsteinsdóttir, Sigríður Einarsdóttir, Ásthildur Kolbeins, Rannveig Þorsteinsdóttir og Ingigerður Helgadóttir.

skáld, hagarðingar og þjóðfræg tónskáld kepptust við að leggja fram sem mestan og bestan skerf af sínum andans afurðum. Það var andi hinnar frjálsu samkeppni sem rjeði. Nýir vikivakar ruddu sér til rúms og ný lög og ljóð urðu á hvers manns vörum og þó óx þetta allt fram í hinni dásamlegustu samvinnu. Hvert spor, hvert orð, hver tónn og taktur var felld saman þar til því var orðin ein lífræn heild - vikivaki.⁴²

Flokkurinn sýndi listir sínar á Melavelli á hátíðarhöldum íslensku vikunnar vorið 1932. Þar dansaði flokkur 68 barna og var það að mestu sami flokkurinn og sá sem sýndi á Alþingishátíðinni 1930. Honum stjórnaði Ásthildur Kolbeins. Flokkur hinna fullorðnu taldi 90 ungmennafélaga úr félögunum þremur undir stjórn Ólafs Þorsteinssonar, formanns Velvakanda.

Sýningin tókst vel, veður var hið besta og þúsundir áhorfenda skemmtu sér vel að sögn dagblaðanna.

Alda vikivakanna reis hvað hæst árið 1932 innan UMSK. Um vorið var stofnaður 12 manna úrvalsflokkur sambandsins. Í honum voru þeir félagar frá félögunum þremur sem hvað mestan áhugann höfðu og fótímastir voru. Dansað var við píanótónlist og undirleikarinn var sá frægi skemmtikraftur Bjarni Bö., faðir Ragnars söngvara. Flokkurinn æfði ósleitlega víðsvegar um Reykjavík og sýndi á fimm stöðum sunnanlands við ágætan orðstír. Mesta athygli vöktu nýir vikivakar við lög eftir Sigvalda Kaldalóns og vikivakaleikur við þjóðlagið „Hér er kominn Hoffinn.“ Hápunkturinn var sýning flokksins 19. júní í Þrasta-skógi þegar minnst var 25 ára afmælis UMFÍ.

Á ársþingi UMSK haustið 1933 gat Gestur formaður þess að vikivakaflokkur sambandsins „væri við góða heilsu og hefði haldið þrjár sýningar á árinu



Rannveig Þorsteinsdóttir var mikilvirk í félagsmálum um sína daga og var meðal annars gjaldkeri UMSK um sex ára skeið.

og einnig hefði verið sendur kennari til Keflavíkur til að kenna þar vikivaka.“ Stjórnin hafði látið skrifa vikivakana upp í heild sinni og mælti með að þeir yrðu fjölfaldaðir á kostnað sambandsins. Ennfremur vildi hún leggja væna fjárhæð til vikivakaflokksins. Þetta var samþykkt þrátt fyrir mótmæli Lárusar Halldórssonar á Brúarlandi sem taldi vikivakana varla þess virði að vera settir eftir á blað hjá héraðsstjórninni.

Talsvert var um að að ungmennafélagar utan af landi lærðu vikivaka hjá Velvakanda á vetrum og kenndu þá svo seinna meir í sinni heimabyggð. Þannig breiddust þeir út um landsbyggðina og náðu sumsstaðar fótfestu. Kreppuárin voru blómatími vikivakanna en þegar umheimurinn kvaddi dýra með hernáminu 1940 fór heldur að þrengja að þeim. Síðast er getið um vikivakakennslu hjá Velvakanda í janúar 1939 en um haustið var Rigmor Hanson danskennari fengin til að kenna félagsmönnum samkvæmisdansa. Svipað var uppi á teningnum hjá Aftureldingu. Vorið 1940 dönsuðu menn vikivaka á félagsfundi fram á rauða nótt en árið eftir greiddu menn sex krónur í þátttökugjald á dansnámskeiði hjá Rigmor Hanson. Tími vikivakanna var liðinn og samkvæmisdansar stríðsáranna tóku yfirhöndina í dansmennt ungmennafélaganna.

Rannveig Þorsteinsdóttir

Rannveig Þorsteinsdóttir fæddist á Sléttu í Mjóafirði 6. júlí 1904 dóttir hjónanna Þorsteins Sigurðssonar

sjómanns og konu hans Ragnhildar Hansdóttur. Rannveig þráði menntun og lauk Samvinnuskóla-prófi tvítug árið 1924. Efnahagurinn leyfði ekki meiri skólagöngu að sinni og dagleg störf tóku við. Hún starfaði hjá afgreiðslu Tímans til ársins 1936 og var samtímis stundakennari við Samvinnuskólann. Hún starfaði sem ritari við Tóbakseinkasöluna til 1946 en var jafnframt í hlutastarfi hjá UMFÍ um nokkurra ára skeið og sá þá meðal annars um leikritasafnið af sérstakri alúð.

Næst gerði Rannveig það sem var nánast einsdæmi á hennar tíð. Hún las utanskóla við MR og lauk þaðan stúdentsprófi eftir eins nám árið 1946. Þaðan lá leiðin í Háskólann og þar lauk hún lögfræðiprófi á met tíma árið 1949. Varð héraðsdómslögmaður 1952 og hæstaréttarlögmaður 1959. Hún rak málflutnings-skrifstofu í Reykjavík 1949-1974. Þá er ótalið að hún var alþingismaður fyrir Framsóknarflokkinn í Reykjavík 1949-1953, fyrst kvenna. Kjör hennar var mikill persónulegur sigur og átti rætur sínar í hinu mikla félagsmálastarfi hennar þvert á allar flokkslínur.

Eins og sjá má af þessu var Rannveig hinn mesti skörungur. Henni voru félagsmál sérlega hugleikin og hún átti einkar fjölpættan feril á þeim vettvangi. Hún var afburða dugleg og ósérhlífín og því eftirsótt til félagsstarfa. Hún var samtímis gjaldkeri hjá UMSK 1929-35, Umf. Velvakanda 1931-34, UMFÍ 1933-1940 og ritari Ármanns 1934-38. Í öllum þessum samtökum var hún einn starfsamasti félaginn og frammistaða hennar hlýtur að flokkast undir einhvers konar Íslandsmet. Rannveig var atorkusamur formaður ferðanefndar hjá Velvakanda og ein af hinum dugmiklu félögum í vikivakaflokki UMSK sem æfði og sýndi hina fögru þjóddansa víða sunnanlands á fjórða áratugnum. Hún ferðaðist mikið á yngri árum og unni óbyggðum og útivist. Ætíð fremst í flokki í öllum sínum störfum fyrir Velvakanda og UMSK.

Á háskólaárum sínum breytti hún um félagsvettvang en lét áfram mikið að sér kveða. Hún var um skeið í stjórn og síðar formaður Kvenfélagasambands Íslands, einnig formaður Kvenstúdentafélags Íslands og Félags háskólakvenna að ógleymdu Félagi framsóknarkvenna en hún stóð að stofnun þess og stýrði því í 13 ár. Þá var hún félagi í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur, þeim fyrsta hérlandis. Rannveig



Hlauparar búa sig undir að hefja Víðavangshlaup ÍR á Austurvelli 1920.

var óþreytandi að hvetja konur til starfa í félags- og þjóðmálum og var sjálf hamhleypa til slíkra verka eins og sjá má af þessari upptalningu og er þó margs ógetið.

Rannveig var prýðilega hagamælt og orti mörg hvatningarljóð til félagasamtaka sem hún starfaði með. Hún ritaði mikið í blöð og tímarit og auk stjórnarstarfa hjá KÍ tók hún að sér skrifstofuhald og afgreiðslu tímaritsins Húsfreyjunnar í allmörg ár. Hún var gædd þeim hæfileika að vera fljót að átta sig á kjarna hvers máls og finna á þeim farsæla lausn. Því vildu allir með henni vinna. Þetta kom sér vel í erillssömu lögmannsstarfi og Lögmennafélag Íslands gerði hana síðar að fyrsta heiðursfélaga sínum. Rannveig lést 18. janúar 1987. Hún var fjölbæf, vel menntuð gáfukona sem var langt á undan sinni samtíð.


Gróður og grænmeti

Stjórnendur UMSK drógu hvergi af sér við að hvetja liðsmenn sína til ræktunar lýðs og ekki síður lands. Þar var skógræktin ofarlega á blaði og bæði Afturelding og Drengur eignuðust sína skógræktarbletti og gróðursettu þar trjáplöntur rétt eins og flest önnur ungmennafélög í landinu. Velvakendur í Reykjavík létu slíkt ógert lengi vel, minnugir þeirra hrakfara

sem skógræktin hlaut hjá forverum þeirra í Ungmennafélagi Reykjavíkur við Skíðabrautina í Öskjuhlíð. Síðar áttu þeir margar ferðir í Þrastaskóg til trjáplöntunar og umhirðu skógarins.

En fleira var hægt að rækta en trjáplöntur ef að var gáð. Á þessum tíma voru landsmenn sem óðast að uppgötva að til væru fleiri tegundir grænmetis en kartöflur og gulrófur. Svo var blómarækt að öðlast vinsældir og á farfuglafundi veturinn 1924 var Guðbjörn Guðmundsson frummælandi um ræktunarmál. Hann var ekkert að tvínóna við það en lagði til að ungmennafélagar stefndu að því að koma upp skógrækt og grænmetis- og blómagörðum við hvern einasta bæ á landinu. „Við það skapast starf sem ber sýnilega ávexti, eykur smekkvísi, þrífnað og menningu meðal þjóðarinnar og gerir sveitirnar enn blómlegri, fegurri og vinallegri heim að sækja og í að dvelja,“ sagði Guðbjörn í ávarpi sínu.

Næst komu ræktunarmál til umræðu á þingi UMSK árið 1931 þegar Rannveig Þorsteinsdóttir, gjaldkeri sambandsins og einnig Velvakanda, „talaði um stofnun gróðurreita þar sem félagsmenn gætu varið tómstundum sínum sínum sjer til gagns og ánægju við jarðræktarstörf.“ Í umræðum kom fram að félögin hefðu þegar starfað í þessa átt með misjöfnum árangri. Greinilega þótti stjórnarmönnum mega gera betur og á stjórnarfundi rétt fyrir ársþing



Hlauparamir sjö í sigursveit Aftureldingar og Drengs í Víðavangshlaupi ÍR 1921 sitja fyrir með keppnisnúmer sín á brjóstinu og bikarinn sér við hlið. Sitjandi: Þorvarður Guðbrandsson í Hækingsdal 17. sæti, Guðjón Júlíusson á Reynisvatni 1. sæti, Ágúst Jónsson í Varmadal 14. sæti. Standandi: Jón Jónsson í Varmadal 12. sæti, Elendínus Guðbrandsson í Hækingsdal 7. sæti, Magnús Eiríksson á Reynivöllum 4. sæti og Axel Grímsson í Tungu 16. sæti.

1933 var rætt um það hver ráð myndu helst duga til þess að auka grænmetisræktun og notkun. Niðurlag fundargerðarinnar var svohljóðandi:

Stjórnin var sammála um að sigurvænlegast væri að ungmennafélögin settu sjer takmark í þessum efnum og ynnu að því eftir áætlun til dæmis að eftir 5 ár ætti hvert heimili á sambandssvæðinu sem hefir ráð á landi að rækta grænmeti. Samþykkt að leggja þessa hugmynd fyrir hjeraðþing. Fundi slitið. – Grímur S. Norðdahl ritari.⁴³

Þessa róttæku tillögu lagði Grímur fram á næsta héraðsþingi og þar með að félögin skyldu gefa skýrslu um árangurinn á hverju héraðsþingi næstu fimm árin. Tillagan var snarlega samþykkt og virðist hafa hreyft við mönnum því að á næsta þingi haustið 1934 gladdist Ólafur Þorsteinsson, formaður Velvakanda, yfir því að félögin hefðu unnið kappsamlega að grænmetisrækt. Afturelding hlaut meira að segja fjárstyrk fyrir „grænmetisræktarstarfsemi“ sína árið 1934. Svo er að sjá að Kjósarmenn hafi tekið áskorun stjórnarinnar með trompi því á þinginu 1935 sagði Gestur Andrésson á Hálsi frá því að nú væri ræktað grænmeti á flestum bæjum í hans félagi.

Afturelding starfrækti vermireit og ræktaði þar fræplöntur fyrir félagsmenn sína.

Næstu árin bárust aðeins jákvæðar fréttir af matjurtaræktun félaganna þriggja. Þegar Grímur Norðdahl bóndi á Úlfarsfelli lagði fram nokkur öx af íslensku byggi á einu þinginu urðu menn svo hrifnir að þeir lögðu til að UMSK sneri sér að kornrækt. Aðrir hvöttu til aukinnar ræktunar og bentu á að jurtafæða væri holl.

Þegar matjurtirnar virtust komnar í góðan jarðveg sneru menn sér meira að skógræktinni. Hópfærðir voru farnar í Þrastaskóg til útplöntunar og umhirðu og sum félaganna eignuðust sína eigin reiti til ræktunar. Markmið ungmennafélaganna um ræktun lýðs og lands var svo sannarlega í fullu gildi innan UMSK.

Víðavangshlaupin og Íþróttafélag Kjósarsýslu

Víðavangshlaup ÍR hóf göngu sína í Reykjavík árið 1916 og hefur síðan verið hlaupið árlega á sumardaginn fyrsta allt til þessa dags. Það varð fljótlega stórvíðburður í bæjarlífinu og íbúar höfuðstaðarins streymdu þúsundum saman á vettvang til að fylgjast með. Reglur hlaupsins voru þannig upphaflega

að keppt var í fimm manna sveitum og hlaut hver hlaupari stig jafnmörg sæti sínu. Sú sveit sigraði sem hlaut fæst stig. Yfirleitt hófst hlaupið og endaði nálægt Austurvelli en vegalengdin var nálægt fjórum kílómetrum. Gefinn var bikar til sigursveitarinnar en með því skilyrði að fleiri en eitt félag kepptu um hann. Allt frá upphafi höfðu ÍR-ingar verið einir um hituna og því hafði bikarinn góði aldrei verið afhentur en safnað ryki í vörslu félagsins. Við svo búið vildu framgjarnir ÍR-ingar ekki láta standa og fóru að líta í kringum sig eftir keppinautum þegar búið var að hlaupa fjórum sinnum.

Það er alkunna að sveitamenn sem elta kindur sínar upp um fjöll og dali verða sporléttir og þindarlausir af sífelldum þolhlaupum. Þar voru íþróttamenn úr Kjós og Mosfellssveit engin undantekning en fáir vissu getu þeirra því þeir höfðu aldrei tekið þátt í hlaupakeppnum. Nú sneru ÍR-ingar sér til þessara nágranna sinna og báðu þá að taka þátt í víðavangshlaupinu árið 1920 til þess að þeir fengju einhverja keppni. Þolhlauparar Aftureldingar og Drengs voru til í það með því skilyrði að þeir mættu senda sameinað lið í hlaupið því ella mundu þeir ekki ná að koma saman fimm manna sveit. ÍR-ingar samþykktu þetta og nú brá svo við að Ármenningar mættu einnig til leiks. Skráðir hlauparar voru 35 og var það fjórföld aukning frá árinu áður.

Hlaupið fór fram á hefðbundnum stað og tíma, það hófst og því lauk í Austurstræti á sumardaginn fyrsta. Ekki var um þægilegt hlaup eftir rennisléttum götum að ræða því varðveist hefur leiðarlýsing á þessa leið: „Hindranir á leiðinni: 5 skurðir 1,5 til 3 m breiðir, fullir af snjó og vatni, 3 gaddavírgirðingar, 4 girðingar af sléttum vír, af þeim 2 með 4 m millibili og 2 grjótgardar, annar við skurð.“ Hér voru sveitamennirnir á sannkölluðum heimavelli enda fóru þeir sigurför. Fyrstur varð Þorgils Guðmundsson á Valdastöðum í Kjós og félagar hans fjórir voru nógu framarlega til að fimm manna sveit AD eins og liðið kallaðist fékk fæst stig eða 37 og hlaut bikarinn til varðveislu. ÍR-ingar komu á hæla þeim með 40 stig og Ármenningar voru þriðju með 47. Þeir sem unnu þetta afrek með Þorgilsi voru Magnús Blöndal á Grjóteyri, Ágúst Jónsson í Varmadal, og bræðurnir Einar og Elentínus Guðbrandssynir í Hækingsdal.

Eftir þessa ágætu byrjun þurfti ekki að hvetja ungmennafélagana til að mæta í næsta hlaup á sumardaginn fyrsta 1921. Tuttugu og sjö hlauparar sprettu úr spori og sjö þeirra voru frá Aftureldingu og Dreng. Nú var Þorgils á Valdastöðum ekki með en það kom ekki að sök því Guðjón Júlíusson frá Reynisvatni kom fyrstur að marki sekúndu á undan næsta manni. Það leyndi sér ekki að fram var kominn stórhlaupari því þetta var frumraun Guðjóns á hlaupabrautinni. Félagar hans fylgdu vel á eftir og tryggðu sér bikarinn í annað sinn.

Nú fór ÍR-ingum, aðstandendum hlaupsins, að þykja nóg um sigursæld sveitadrengranna sem þeir höfðu boðið til keppni af einskærri góðvild sinni. Þeir höfðu hinsvegar ekki reiknað með að þeir myndu yfirtaka hlaupið. Nú fóru þeir að amast við því að utanbæjarfélögin tvö fengju að keppa sameinuð og lýstu því yfir að undanþágan væri úr gildi fallin. Þótti þeim í Aftureldingu og Dreng þarna gæta lítillar sanngirni því áður hafði verið gengið að þessu athugasemdalaust. Reglur ÍSÍ leyfðu ekki að héraðssambönd tækju þátt í opinberum mótum svo hér blasti vandi við íþróttamönnum félaganna. En þeir áttu krók á móti bragði og stofnuðu með sér nýtt félag 1. apríl 1922 sem þeir nefndu Íþróttafélag Kjósarsýslu, eða ÍK eins og það var oftast kallað. „Þetta var platfélag,“ sagði Grímur Norðdahl á Úlfarsfelli við söguritara og átti þá við að raunar var ÍK ekki til nema á pappírnum til að gera liðsmönnum Aftureldingar og Drengs kleyft að sameina krafta sína undir einu merki gegn Reykjavíkurfélögunum.

Nú lögðu ÍK-menn ótrauðir til atlögu í þriðja sinn í Víðavangshlaupi ÍR 1922. Þessi fyrsti sumardagur varð mikill sigurdagur fyrir nýja félagið því þeir áttu 1., 2., 5., 7. og 9. til 14. mann af 36 keppendum. Guðjón á Reynisvatni kom langfyrstur að marki sem hann gerði reyndar líka árið eftir. ÍK átti tvær fyrstu sveitirnar og vann bikarinn til fullrar eignar. Nú voru KR-ingar búnir að taka framúr ÍR-ingum og voru helstu keppinautar ÍK-manna. Í skýrslu formanns KR, Erlendar Ó. Péturssonar, um hlaupið var þessi athugasemd um Kjalnesinga:

Sveitamennirnir er afar miklir víðavangshlauparar og þarf mikla æfingu og þolinmæði

til að ná þeim en KR á að verða fyrsta félagið í Reykjavík til að komast fram úr þeim og bjarga heiðri Reykjavíkur. Að því verður að keppa þótt löng kunni leiðin ennþá að verða að því sigurmarki.⁴⁴

Ekki líkaði ÍR-ingum allskostar þessi sigurganga Kjalnesinga og í Þrótti, málgagni þeirra lauk kynningu hlaupsins 1923 með þessum orðum: „Verður nú um nýjan bikar keppt og er þess að vænta að íþróttamenn bæjarins láti hann ekki fara úr höndum sjer eins og hinn fyrri.“ En Íþróttafélag Kjósarsýslu sigraði glæsilega í hlaupinu og hlaut 18 stig en KR-ingar komu næstir með 41 stig. Þar með unnu Kjalnesingar í fyrsta sinn bikar sem Pétur Hjaltested úrsmiður hafði gefið til keppninnar. KR-ingar sóttu hart að Kjósverjum í næsta hlaupi 1924. Keppendur voru aðeins frá þessum tveimur félögum og varð úr mikið einvígi þeirra á milli. KR átti 1., 2., 5., 10. og 11. mann í hlaupinu og virtist sigur þeirra liggja í loftinu en svo fór þó ekki því 3., 4., 6., 7., 8. og 9. maður að marki var frá ÍK og réði 9. maðurinn úrslitum. Fyrir fimm fyrstu menn sína hlaut ÍK 28 stig en KR 29 svo mjótt var á munum. ÍK vann því bikarinn en keppendur voru aðeins 15 að tölu.

Á sumardaginn fyrsta 1925 kepptu Kjalnesingar sjötta árið í röð og áttu þá möguleika á að vinna bikar númer tvö til eignar. KR-ingar voru staðráðnir í að hindra það og aftur upphófst mikið einvígi. Því lauk með sigri Kjalnesinga undir merki Íþróttafélags Kjósarsýslu en þeir hlutu 34 stig. KR-ingar náðu 39 stigum en Ármenningar voru í þriðja sæti með 52 stig. Þar með unnu Kjalnesingar Hjaltestedsbikarinn til fullrar eignar og héldu með hann sigri hrósandi til heimabyggða.

Eftir þennan sigur varð nokkurt spennufall hjá Kjalnesingum og 1926 sendu þeir engan keppanda í hlaupið. Næstu árin komu öðru hvoru keppendur til leiks frá ÍK en stórveldistími félagsins í víðavangshlaupum var að baki og fram til 1942 átti það engan keppanda í hópi þriggja efstu manna. Sum árin var enginn keppandi frá ÍK en í önnur skipti tókst að manna fimm manna sveit svo menn voru engan veginn af baki dottnir. Árið 1941 brá svo við að til hlaupsins mættu þrír keppendur undir merki UMSK

og var það í fyrsta sinn sem ÍSÍ leyfði héraðssambandi að senda keppendur á íþróttamót í Reykjavík. Þetta var árangur áralangrar baráttu Kjalnesinga við Íþróttasamband Íslands sem lengi hafði spyrnt við fótum að veita þessi grundvallarréttindi. En fyrstu sex hlaupin 1920-1925 þar sem Kjalnesingar komu, sáu og sigruðu hafa lengi verið í minnum höfð sem gullaldartími víðavangshlaupara úr Kjósarsýslu.

Ævintýraferð til Noregs 1930

Eins og fyrr var frá sagt bauð UMSK fimm norskum ungmennafélögum til Íslands árið 1924.

Ekki stóð á Norðmönnum að bjóða heim í staðinn en viðvarandi skortur á ríkidæmi kom í veg fyrir að Kjalnesingar gætu þegið það boð. Tvö næstu árin ítrekuðu Norðmenn heimboð sitt til UMSK af mikilli gestrisni en því fór fjarri að heilir fimm ungmennafélagar af svæði UMSK hefðu efni á þeim lúxus að leggjast í ferðalög og ekki varð af neinu. Þegar þriðja boðið barst vorið 1930 þótti mönnum ekki vansalaust að afþakka það líka og fóru að leita út fyrir félagssvæðið eftir ferðafélögum. Hugmyndin var að dreifa þátttökunni og fá með sér ungmennafélaga af Vesturlandi og Norðurlandi. Flestir voru óviðbúnir slíkri langferð og liðssöfnun gekk seint. Loks fengust fjórir til fararinnar og allir voru þeir af Suðurlandi. Þrír voru úr Reykjavík, Jón Þorsteinsson íþróttakennari frá Ármanni, Þorsteinn Bjarnason forstjóri og Guðbjörn Guðmundsson prentsmiðjustjóri úr Umf. Velvakanda og sú fjórða var Jakobína Jakobsdóttir kennari frá Umf. Eyrarbakka. Hér kemur styttri útgáfa af ferðasögu Guðbjörns sem hann birti í *Skinfaxa*.

Félagarnir sigldu af stað með Lyr 17. júlí og komu til Björgvinjar fjórum dögum síðar. Í Björgvin var ungmennafélagið Ervingen, sem fóstaði Jóhannes Jósefsson á sínum tíma og varð til þess að hann stofnaði Ungmennafélag Akureyrar. Þar tók Eirík Hirth, kennari og einn af Íslandsförum á móti þeim og leiðbeindi þeim á allar lundir meðan þeir dvöldu þar. Þjóðsagan segir að það rigni alltaf í Björgvin og börnin fæðist þar með regnhlífar. Einnig að hestar fælist ef þeir mæti regnhlífarlausum manni



Erlendi Ó. Péturssyni, formanni KR, leist ekkert á hina harðsnúnu víðavangshlaupara Íþróttafélags Kjósarsýslu og hvatti sína menn til að veita þeim keppni.

en allt reyndust þetta lygasögur því sumar og sól umvafði Íslendinga á ferð sinni þar. Eftir dagsferð um undurfagra náttúru í nágrenninu var þeim búinn fagnaður um kvöldið í húsi ungmennafélagsins. Þar var veisla fram á nótt og margar ræður fluttar á norsku, íslensku og færeysku því margir voru norænu frændurnir á staðnum.

Daginn eftir var þeim félögum afhentur bunki af járnbrauta- og skipafarseðlum og tímatafla. Þurftu þeir ekki annars að gæta en mæta á réttum tíma á bryggjur og brautarstöðvar á ferð sinni áfram og það tókst þeim. Svo var stigið upp í lest og farið til Vors og gist í lýðháskólanum þar. Ekki færri en 57 jarðgöng urðu á leið þeirra og það leyndi sér ekki hvað Norðmenn stóðu Íslendingum óralangt framar í samgöngumálum. Dalir á vesturströnd Noregs eru margir svo þröngir að sprengja hafði þurft úr fjallinu fyrir veginn. Næst var stigið um borð í skip og siglt um Sognfjörð sem er 180 km langur. Úti á sjó var tvisvar skipt um skip þannig að þau lögðust síbýrt saman og farþegarnir löbbuðu yfir rétt eins og þegar menn skipta um strætó á Íslandi í dag.

Eftir allmikla ferð þar sem ýmist var siglt, ekið

eða farið með lestum lá leið manna um Geirangursfjörð sem er einhver þrengsti og hrikalegasti fjörður Noregs og er þá mikið sagt. Fjörðurinn er 15 km langur og fjöllin 1500 m há. Guðbjörn lýsti umhverfinu þannig:

Undirlendi er þar ekkert og bændabýlin sitja á litlum stöllum í fjöllunum. Býlin eru lítil, tún næstum engin, varla kýrfóður og manni sýnast lífsskilyrði engin en þarna lifir fólk góðu lífi og er vel efnum búið. Það gerir litlar kröfur til lífsins og býr vel að sínu, hefir nokkur hundruð geitur, býr til ost úr mjólkinni og flytur hann í næsta kaupstað, það er þeirra verslunarvara.⁴⁵

Eftir nokkrar dagleiðir var komið til Niðaróss en þar stóð fyrir dyrum mikil hátíð til að minnast þess þegar Ólafur kóngur Haraldsson féll á Stiklastöðum réttum 900 árum áður. Á Ólafsdaginn, 29. júlí, voru 30 til 40 þúsund manns þar saman kominn og mikið um dýrðir. Þarna gengu 400 kaþólskir prestar og munkar í skrudgöngu en allt var þetta á kirkjulegum nótum og miklu þunglamalegra en Alþingishátíðin að mati Guðbjörns. Best líkaði honum að allir viðstaddir sungu með þegar svo bar undir.

Þrjá daga dvöldust menn í Niðarósi enda var margt að skoða, margar sýningar sem tengdust þessum viðburði. Þá var lagt í hann aftur og fljótlega komið í Guðbrandsdalinn sem er breiður og fagur, einna glæsilegastur af öllum fögrum dölum Noregs. Stansað var í Lillehammer sem stendur við Mjösen, stærsta vatn Noregs. Þar skoðuðu menn hið merka byggðasafn á Maihaugen, „Sandvíkursafnið“ eins og Íslendingar nefndu það. Svo var komið við á Aulestad, bústað Björnstjerne Björnsson, þjóðskálds Norðmanna. Skáldjöfurinn var látinn en Einar sonur hans tók þeim tveim höndum og sýndi allan staðinn. Til þess var tekið að slíkan heiður hefði þessi sérvitr-ingur aldrei sýnt löndum sínum.

Næst var komið til Osló. Þar tók á móti þeim Aslak Torjusson, ritari Ungmennafélags Noregs, sá maður sem hafði undirbúið og ráðstafað allri förinni, hverjum degi og mínútu. Þar voru okkar menn um tíma í akkorði að skoða merkilega staði og hluti eins



Ungmennafélagar í Noregi 1930. Jón Þorsteinsson, Þórsteinn Bjarnason, Guðbjörn Guðmundsson og Jakóbína Jakobsdóttir við bústað sveitaskáldsins Árna Garborgs á Jaðri.

og Ásubergsskipið, stórt víkingaskip sem fannst nokkrum árum fyrr og Holmenkollen, þar sem ólíf-hræddir skíðamenn stökkva langar leiðir af hæsta stökkpalli heims. Eitt kvöldið héldu heimamenn samkomu og dönsuðu norska þjóðdansa þeim til heiðurs. Daginn eftir, 6. ágúst, skoðuðu menn stærsta iðjuver Noregs, áburðarverksmiðjuna í Rjúkan. Það er kennt við stærsta og tignarlegasta foss í öllum Noregi. Þarna var 7000 manna bæjarfélag og íbúarnir störfuðu allir við verksmiðjuna.

Eftir skoðunarferð um stærstu silfurnámu Noregs í Kónsbergi var haldið upp í Hallingdal og þar fengu þeir að sjá hið fræga Hallingahopp sem Guðbjörn taldi hreinasta íþrótttafrefk en lýsti því ekki nánar. Svo var haldið upp til fjalla og selin skoðuð ásamt því að raða í sig ósvikum sveitamat. Síðan ekið yfir Harðangursvíðattu sem var ekki ósvipuð Holta-vörðuheidið fannst mönnum. Næst var komið til Odda sem var verksmiðjubær með áburðar- og járn-blendiverksmiðjum. Ekki leist Guðbirni á mannlífið þar og lýsti því þannig:

Þar gat átakanlega að líta hver áhrif stóriðjan hefur á sálarlíf og mannsbrag þeirra sem við verksmiðjur vinna og hvað auðnulaust og ræfilslegt slíkt fólk verður að útliti og framkomu sem um ekkert æðra hefur að hugsa en

að vera hluti af þeim vélum sem það vinnur við. Megum við Íslendingar þakka forsjóninni að sú ógæfa hefir enn eigi hent þjóð vora að eignast stóriðju sem gerði okkur að jafn stóriðjumótuðum auðnuleysingjum eins og flestallt fólkið í Odda bar með sér.⁴⁶

Áfram var haldið og fjölmargt skoðað: Fjallgarðar, fannir og skriðjöklar, skógar og stafkirkjur. Loks var komið til Stafangurs og þar beið Anders Lövik sem kom til Íslands 1924 og urðu fagnaðarfundir. Svo var ekið um Jaðar, eitt helsta landbúnaðarhérað landsins. Þar er sléttlendi en afar grýtt og mátti víða sjá metersþykka grjótgarda hlaðna úr þeim hnúlungum sem höfðu komið upp úr jörðinni þegar verið var að brjóta hana til ræktunar. Að sögn Guðbjörns myndu Jaðarsbændur gladdir ef þeir hefðu sömu ræktunarskilyrði og þau sem við Íslendingar getum valið úr. Þarna var bústaður hins fræga sveitaskálds Árna Garborgs sem samdi óteljandi ljóð og sögur um bændafólkið á Jaðrinum. Um kvöldið voru menn drifnir í leikhús og sáu Húskross Austmannsbræðra, gamanleik sem búið var að sýna 700 sinnum út um allan Noreg.

Svo var haldið til Haugasunds og augum rennt yfir ýmisleg sjáverðugheit. Þar á meðal barnaskóla fyrir 1200 börn sem kostað hafði nærri 3 milljónir króna og þótti mönnum nokkuð til um. Síðan var haldið til Björgvinjar og hringnum þar með lokað. Þar var dvalist í nokkra daga við að skoða það sem eftir var að skoða. Heimferðin hófst með lestarferð til Gautaborgar og síðan var siglt til Kaupmannahafnar. Siglingin til Íslands gekk greiðlega og þangað var komið 31. ágúst. Upplifun ferðalanganna var því lík að þeir þóttust þurfa ár og daga til að gera því öllu skil og Guðbjörn átti eftir að lýsa henni ennþá betur í riti og ræðum á vegum Velvakanda. Ferðin til Noregs var sannkölluð ævintýraferð en harðnandi árferði kom í veg fyrir fleiri slíkar næstu áratugi.

Íþróttamót Aftureldingar og Drengs

Hin dugmiklu ungmennafélög í Kjosarsýslu, Afturelding og Drengur, fóru fljótlega að huga að sam-



Steindór Björnsson frá Gröf skrásetti íþróttamót Aftureldingar og Drengs skilmerkilega árum saman.

starfi á íþróttasviðinu og upp úr áramótunum 1917-1918 var farið að undirbúa sameiginlegt leikmót milli félaganna. Fyrsta íþróttamótið var svo haldið 1918 og síðan til skiptis árlega allt til 1953. Keppendur voru allt karlmenn en konur kepptu aldrei á þessum mótum. Keppnisíþróttir voru viðfangsefni karlmanna við upphaf mótanna og það viðhorf breyttist ekki þótt árin liðu.

Úrslit mótanna voru skráð í veglega bók, sem geymd var í trékassa með fögrum útskurði af tré og fílabeini gerðum af Ríkarði Jónssyni. En sá kassi var geymdur í þar til gerðum tvöföldum járnkassa og umbúnaður allur svo veglegur að telja má einsdæmi. Fremst í bókinni er þetta kvæðisbrot sem var einskonar herhvöt til íþróttamannanna:

*Upp af vanrækttri rót rís ei beinvaxin björk
né á berangri 'in fegursta eik.
Því skal fráa vorn fót, frikka muna vors mörk,
magna att vora í störfum og leik.⁴⁷*

Það félag sem sigraði hverju sinni hlaut bókina til varðveislu í eitt ár og það hlutverk að skrá þar úrslit

mótanna. Þar eru þau skráð skilmerkilega og hafa þessvegna varðveist til seinni tíma. Mörg fyrstu árin var Steindór Björnsson frá Gröf skrásetjari mótanna en hann var listaskrifari og frágangur mótanna frá hans hendi einstakt listaverk. Íþróttamótin voru lengi vel hryggjarstykkið í íþróttakeppni Kjalnesinga og þar að auki merkur kafla í íþróttasögu landsins. Þau verða því tíunduð hér skilmerkilega.

Fyrsta mótið var haldið á Mógilsáreyrum í Kollafirði 14. júlí 1918. Keppendur voru 19, þar af 9 frá Aftureldingu en 10 frá Dreng. Keppt var í 100 metra hlaupi, langstökki, hástökki, glímu og 50 metra sundi í sjónum. Afrekin sem þarna voru unnin væru ekki hátt skrifuð í dag en bæði var aðstaðan slæm og kunnáttan á byrjunarstigi. Hitt er þó alveg víst að íþróttahetjur þess tíma voru engu síðri afreksmenn en síðari tíma snillingar. Þorgils Guðmundsson á Valdastöðum var yfirburðamaður á mótinu en hann sigraði í spretthlaupi, hástökki, sundi og glímu. Þar voru 9 keppendur sem hann lagði alla léttilega. Tími hans í 100 metrum var 12,0 sek. og hann stökk 1,46 m í hástökki með beinu aðhlaupi. Björn Bjarnarson yngri í Grafarholti vann langstökkið og stökk 4,87 m. Stigin voru reiknuð 3, 2,1 og sigraði Drengur á þessu fyrsta móti með 19 stigum gegn 11. Einar Ólafsson frá Flekkudal í Kjós lýsti mótinu þannig í ævisögu sinni:

Keppt var í fjörunni og þeir sem skipulögðu mótið sáu til þess að vel stæði á sjávarstraumum. Hetjurnar glímdu frækilega í fjörusandinum, stukku síðan, hlupu og snerust og þegar flæddi að færðist leikurinn niður í sjávarmálið. Menn syntu út fjörðinn af engu minni krafti en fornkapparnir.⁴⁸

Annað mótið var haldið á Eyri í Kjós fyrir miðjum Hvalfirði. Keppendur voru 18 og keppt í sömu greinum og fyrr. Jón Guðnason í Breiðholti vann Þorgils á Valdastöðum naumlega á sprettinum og Ágúst Jónsson í Varmadal sigraði hann í úrslitaglímunni. En Þorgils vann bæði langstökkið og hástökkið, stökk 5,13 m og 1,50 m svo heldur voru afrekin



Frá íþróttamóti Aftureldingar og Drengs á Kollafjarðareyrum um 1920. Þarna var slegið upp tjöldum og seldar veitingar.


að batna. Hann var einnig hraðsyndastur og því að samanlögðu mesti afreksmaður mótsins. Nú snerist taflíð við því Afturelding vann stigakeppnina með 17 stigum gegn 13. Í *Skinfaxa* sagði svo: „Mótið fór yfirleitt mjög vel fram og var skemmtilegt og fjölmennt, vantaði aðeins sól og sumarhlýju. Og enginn sást þar ölvadur sem þó er sjaldgæft ennþá hér um slóðir.“

Þriðja mótið fór fram á Kollafjarðareyrum 1920 og hófst með ágætri ræðu sem Kolbeinn Högnason, skáld í Kollafirði, flutti ásamt frumsömdu kvæði. Svo hófust íþróttirnar. Til stóð að Sigurjón Pétursson á Álafossi héldi ræðu en það var fellt niður og mótinu hespað af vegna yfirvofandi rigningar. Mótinu stjórnaði Steindór Björnsson frá Gröf af miklum dugnaði. Enn bar Þorgils Guðmundsson höfuð og herðar yfir aðra keppendur. Hann sigraði í 100 metrum, hástökki, þar sem hann stökk 1,50 m og langstökki þar sem hann sveif 5,70 m. Bæði afrekin voru staðfest sem Íslandsmet af stjórn ÍSÍ um haustið. Síðast en ekki síst vann Þorgils glímuna með yfirburðum en tók ekki þátt í sundinu. Þar sigraði lágvaxinn en knálegur drengur, Þorgeir Jónsson í Varmadal, síðar landsfrægur sem glímukappinn og hestamaðurinn Geiri í Gufunesi. Drengur vann mótið með 17 stigum en 12 af þeim komu frá Þorgilsi. Afturelding hlaut 13 stig.

Fjórdða mótið var haldið á Eyrinni 1921 að viðstöddum 17 keppendum. Nú voru Varmadalsbræður

farnir að sækja í sig veðrið því Ágúst vann 100 metra hlaupið en Þorgeir hástökkið. Þorgils var skammt undan en hann lét þá ekki snúa á sig í glímunni, langstökki og sundi sem hann vann öll með tölu. Svo var keppt í nýrri grein sem var víðavangshlaup. Hlaupið var „frá Hestaþingshól vestur og út um eyrina alt fyrir oddann inn fjöru að austan alt að miðri eyri og þá í tveim hornum inn á leiksvæðið. Er þetta nálægt 3 km á lengd.“ Sigurvegari varð Guðjón Júlíusson á Reynisvatni sem þá var orðinn landsfrægur hlaupagarpur. Hlaupið var ekki reiknað til stiga í þetta sinn en úrslit mótsins urðu þau að bæði félög hlutu 15 stig. Þar sem Drengsmenn höfðu sigrað árið áður héldu þeir verðlaunagripnum áfram eins og reglur mæltu fyrir um.

Á fimmta mótinu sem haldið var í Kollafirði 1922 varð þátttökusprenging því keppendur voru 33 og nú var víðavangshlaupið tekið með í stigakeppnina. Í fjarveru Þorgilsar á Valdastöðum höfðu Mosfellingar í öllum höndum við Kjósarmenn og sigruðu þá með 26 stigum gegn 10. Kringlukast var sýningargrein og þar kastaði Þorgeir í Varmadal lengst 27,90 m. Hann sigraði einnig í langstökkinu, stökk 5,88 m og vann 100 metrana á 12,4 sek. Þá vann hann einnig hástökkið þótt lægstur væri í loftinu af öllum sem þarna kepptu. Síðast vann hann glímuna og var atkvæðamesti keppandinn með 12 stig. Mótinu lauk undir kvöld því lengi hafði verið beðið eftir sjávarföllum til sundsins og flýttu sér allir heim að því loknu.



Ljósrit úr mótabók Aftureldingar og Drengs með rithönd Steindórs Björnssonar. Þarna sést nafnalisti keppenda frá þriðja móti 1920.

Sjötta mótið var haldið í Kollafirði 1923. Þar varð það frásagnarverðast að Magnús Eiríksson á Reynivöllum og Elentínus Guðbrandsson í Hækingsdal sigruðu stórhlauparann Guðjón Júlíusson á Reynifelli í víðavangshlaupinu í æsispennandi keppni þar sem örfá sekúndubrot skildu hlaupagarpana að. Nú var kringlukastið reiknað til stiga og kom það Aftureldingu til góða því þar virtust menn vanari slíkum tólum. Reykvíkingurinn Lúðvík Sigmundsson, sem keppti fyrir Aftureldingu sigrði og Þorgeir hinn knái í Gufunesi varð annar. Þetta réði úrslitum mótsins því aðrar greinar stóðu jafnar að stigum milli félaganna. Þorgeir gerði sér lítið fyrir og sigrði í hástökki á nýju mótsmeti 1,60 m þótt hann væri höfði lægri en allur lýður. En hvorki skorti hann snerpu né krafta og hann kom líka fyrstur að marki í 100 metra hlaupinu. Glíman féll niður sökum lítillar þátttöku en úrslit urðu þau að Afturelding bar

hærri hlut með 20 stigum gegn 16. Næst gerðist það að mótið féllu niður um þriggja ára skeið. Því var þannig lýst í mótabókinni:

Sumarið 1924 átti mótið að vera hjá Aftureldingu. Þá gengu mislingar allvíða en Kjósarmenn reyndu að verjast veikinni um mesta annatímamann og báðu því um að mótið yrði fellt niður. Var það gert. Og þá var líka íþróttahugur mjög daufur í félagsmönnum beggja félaganna. Reyndist áframhald á þessari deyfð og lá nú mótið niðri um hríð. Þó varð því loksins ákomið aftur og að því er virtist meira fyrir atbeina Aftureldingarpilta sumarið 1927 eins og næsta mótsskýrsla sýnir.⁴⁹

Mót númer sjö fór fram á Þverárkotseyrum í ágúst 1927. „Veður var ágætt, staðurinn góður en mótið langt frá nógu vel undirbúið,“ sagði Steindór Björnsson í mótabókinni. Sundið féll niður og tæpt stóð með glímuna að sögn Steindórs: „Lengi leit svo út sem glíman mundi farast fyrir eins og á sjötta móti en úr því réttist þó er á daginn leið og það vel, því glímumenn urðu 8 og glímdu allir liðlega og sumir vel.“ Það hefur vafalaust eftir glímumenn til dáða að heidursgestur mótsins var enginn annar en glímukappinn Jóhannes Jósefsson, fyrsti formaður UMFÍ. Þessi heimsfrægi íþróttakappi var þá alkominn heim eftir 19 ára útivist erlendis þar sem hann hafði aflað sér fjár og frama með sýningum í fjölleikahúsum víða um heim. Jóhannes hélt ræðu í hléi milli íþróttanna. „Var hún skarplega flutt og orðskrúðug,“ sagði í mótabókinni. Drengur vann mótið mjög glæsilega með 22 stigum gegn 8 stigum Aftureldingar.

Áttunda mótið var sannkallað stórmót og haldið á Eyrinni 1928. Bæði voru keppendur fleiri en nokkru sinni eða 34 og einnig hafði keppnisgreinum fjölgað. Nú var keppt í kúluvarpi og kringlukasti „með betri hendi,“ eins og það var orðað. Það var nefnilega tíska í köstum á þeim tíma að mæla köst beggja handa og láta samanlagðan árangur gilda. Stjórnendur létu tiskuna róa í þetta sinn og töldu einhendingu duga.

Íslensk glíma

	6	11	7	10	8	Vinnings.
Nr. 6. Hinnur Norðlaði	+	+	+	+	+	2 III.
- 11. Ólafur Indriðsson	+	+	+	+	+	1 I.
- 7. Guðm. Þorkelsson	+	+	+	+	+	3 + I.
- 10. Magnús Þorsteinsson	+	+	+	+	+	1
- 8. Hákon Þorkelsson	+	+	+	+	+	3 ÷ II.

Kúluvarp.

Nr. 1. Þorgeir Skalldórsson	7.90	met.	
- 12. Ólafur Þorsteinsson	7.99		III.
- 11. Ólafur Indriðsson	8.60		II.
- 4. Guðm. Jónsson	9.35		I.

Sund og víðavangshlaup fjell niður vegna veðurs, sem var óhagstætt. Þess skel gætt af. Af þess skilningu á hugfest mótisins í þrotta menntu sem vandan hagi er til mótisins.

Útkoma mótisins var þessi:

100 metra hlaup.	2 stig	6 stig
Langstökki	0	6
Stökki	1	5
Ísl. glíma	1	5
Kúluvarp	1	5
Samtals	3 stig	27 stig

Samtals 3 stig 27 stig

Ljósrit úr mótabók Aftureldingar og Drengs frá 1930. Þarna er sagt frá úrslitum glímunnar þar sem bræðurnir frá Valdastöðum, Guðmundur og Hákon Þorkelssynir glímdu til úrslita og Guðmundur vann. Einnig úrslit í kúluvarpi og stigatölur mótisins.

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum í Mosfellsdal sigraði í báðum greinum en hann var þá formaður Aftureldingar. En Drengsmenn höfðu yfirburði í öðrum greinum og sigruðu á mótinu með 33 stigum gegn 15.

Niunda mótið átti sér stað 1929 og nú fluttu menn sig aftur á Kollafjarðareyrar. Mótið var sett með talsverðri viðhöfn því til þess var fenginn Bjarni Ásgeirsson alþingismaður á Reykjum eins og mótabókin vitnar um:

Kvað hann íþróttirnar vera ákjósanlegt hjálparmeðal til að bæta upp einhæfni erfiðisvinnunnar og veita líkamanum fjölbreyttari þjálfun

heldur en hún megnaði að gera. Hvatti hann alla unga menn og konur til að iðka íþróttir og sagði að **eins** mikill mannsbragur væri að keppa í íþróttum þótt ósigur væri vís og þeir sem það gerðu ættu fullt eins mikinn heiður skilinn og hinir sem ættu vísan sigurinn.⁵⁰

Svo hófust íþróttirnar. Þorgeir Jónsson var yfirburðamaður og sigraði í 100 metra hlaupi, hástökki, langstökki, kúluvarpi og kringlukasti. Vafalaust hefði hann unnið glímuna einnig en þar var hann skráður í Íþróttafélagið Stefni á Kjalarnesi og tók þessvegna ekki þátt. Reyndar var keppt með sniði sveitaglímunnar þannig að annað félagið hreppti öll stigin en það breytti ekki því að Drengsmenn höfðu yfirburði. Frammistaða Þorgeirs og þau 15 stig sem hann hlaut réði úrslitum um að Afturelding sigraði á mótinu með eins stigs mun svo tæpara mátti það ekki standa. Afturelding hafði 24,5 stig upp úr kraftinu en Drengur 23,5.

Á tíunda mótinu á Eyri 1930 var Ólafur Sveinsson sérstakur fulltrúi ÍSÍ en Gestur Andrésson á Neðra-Hálsi stjórnaði því. Þorgeir í Varmadal var nú allur genginn í raðir Stefnis og munaði um minna fyrir Aftureldingu. Keppendur félagsins urðu einungis fimm vegna forfalla og riðu ekki feitum hesti frá mótinu. Reyndar voru ekki nema átta keppendur frá Dreng og er óhætt að tala um fylgishrun við íþróttirnar. Í ofanálag var veðrið heldur leiðinlegt og féllu bæði sund og víðavangshlaup niður af þeim sökum. Drengsmenn höfðu yfirburði og hlutu 27 stig gegn þremur stigum Aftureldingar. Í glímunni kepptu bræðurnir Hákon og Guðmundur Þorkelssynir á Valdastöðum til úrslita, bróðursynir Þorgilsar Guðmundssonar. Hákon sagði söguritara síðar frá hvernig fór:

Við vorum bara fimm sem glímdum. Þá vorum við jafnir við Guðmundur bróðir og áttum að glíma til úrslita. Þá ætlaði ég nú að sýna góða glímu. Guðmundur hinsvegar var mikill keppnismaður og var ekkert að hugsa um svoleiðis. Hann var búinn að skella mér áður en ég vissi af.

Ellefta mótið á Kollafjarðareyrum 1931 var nú þriggja félaga mót því Íþróttafélagið Stefnir tók þátt af fullum krafti. Ekki nóg með það heldur sigraði Stefnir með 20 stigum gegn 19 stigum Drengs. Afturelding hlaut aðeins þrjú stig. Náttúrlega munaði drjúgt um náttúrubarnið Þorgeir í Varmadal sem halaði inn helming stiga Stefnis en tók þó ekki þátt í glímunni. Frábærir tímar náðust í 100 metra hlaupinu því sigurvegarinn hljóp á 11,3 sek og setti héraðsmet. En svo fylltust menn grunsemdum og mældu brautina upp aftur. Þá kom í ljós að hún var aðeins 95 metrar og metið fauk út í veður og vind.

Mót númer tólf var haldið á Kollafjarðareyrum 1932 því Eyrin þótti ekki heppileg vegna votlendis. Keppendur voru frá félögunum þremur en þó ekki nema 14 talsins. Nú höfðu Aftureldingarmenn sótt í sig veðrið og sigruðu með 18 stig. Stefnir hlaut 13 stig og Drengur 11. Enn var Þorgeir fyrrum glímukóngur öflugastur keppenda og hlaut 11 af stigum Stefnis.

Þrettánda mótið var haldið á nýjum stað, í Fauskanesi á milli Bugðu og Laxár í landi Káraness. Gestur Andrésson setti mótið en mótstjóri var Ólafur Sveinsson. Enn voru það félögin þrjú sem börðust um sigurinn og hann kom að þessu sinni í hlut Drengs sem fékk 20 stig. Þorgeir kom skammt á eftir með 15 stig fyrir fimm sigra en alls hlaut Stefnir 17 stig. Nú tók gamli glímukóngurinn þátt í glímunni eftir nokkurt hlé og lagði alla sína andstæðinga. Moskvítar lutu lágt og fengu aðeins þrjú stig fyrir sinn snúð.

Árið 1934 fór **fjórtaða mótið** fram á Kollafjarðareyrum. Mótið setti Grímur Norðdahl á Úlfarsfelli fyrir hönd Aftureldingar, en mótstjóri var Loftur Guðmundsson rithöfundur af hálfu Drengs. Nú var Stefnir horfinn af sjónarsviðinu og baráttan um bókina stóð aftur á milli Aftureldingar og Drengs. Kjósverjar reyndust bókhneigðari að þessu sinni en Grímur Norðdahl vann glímuna og sýndi þar gott fordæmi sem formaður Aftureldingar. Keppnin var nokkuð jöfn því Kjósaringar unnu 23 stig en Mosfellingar 19.

Á fimmtánda mótinu í Fauskanesi 1935 var aftur farið að fjölga í keppendahópnum því 26 knálegir drengir mættu til leiks, þar af 16 frá Dreng. Nú var hafður nokkur menningarbragur á hlutunum því eftir mótssætningu Gests Andréssonar flutti séra Sigurjón Guðjónsson í Saurbæ erindi um ungmennafélög og íþróttir en hann var sjálfur vel liðtækur á yngri árum. Sundkeppnin fór fram í sjálfri Laxá og var synt undan straumi enda voru tímarnir góðir. Enn varð Drengur hlutskarpari og komu 26 stig í hans hlut en 16 til Aftureldingar.

Menn voru misjafnlega vel undirbúnir eins og sjá má af frásögn Hákonar frá Valdastöðum:

Á þessu móti tók ég að mér að koma harmonikkuleikaranum á staðinn því náttúrlega var dansað á eftir. Ég þurfti að reiða harmonikkuna fyrir framan mig alla leið og þegar á mótið kom fór ég beint að keppa. Svo þegar kom að glímunni var ég bara uppgefinn og þreyttur og átti ekki mikið erindi í baráttuna.⁵¹

Sextánda mótið á Kollafjarðareyrum 1936 var sett af leikstjóranum Ólafi Ó. Þórðarsyni en 21 keppandi spreytti sig á sjö keppnisgreinum. Þær voru 100 metra hlaup, hástökk, langstökk, 4000 metra víðavangshlaup, 50 metra sund, glíma og spjótkastr sem var ný grein. Sundið átti að fara fram í Kollafirði að vanda en sökum illviðris voru keppendur sendir í bifreið að Álafossi og kepptu þar í útilauginni og þóttu skiptin góð. Tekið var fram að allir hefðu þeir synt skriðsund. Í glímunni var keppt í sveitum og þar stóðu Aftureldingarmenn sig betur og hirtu öll stigin. Sama gerðist í sundinu og víðavangshlaupinu. Þetta endaði með því að Afturelding sigraði á mótinu eftir nokkurt hlé með 28 stig. Kjósarmenn voru sem hálfdrættingar og fengu 14 stig.

Mót númer 17 var í Fauskanesi 1937 og þangað komu 23 keppendur frá félögunum. Ólafur Ágúst Ólafsson á Valdastöðum setti mótið en Benedikt G. Waage, forseti ÍSÍ, flutti ræðu um för Íslendinga á Ólympíuleikana í Berlín og var hann einnig leikstjóri. Svo hófust leikar, hlupu menn, stukku, köst-



Glímumennirnir sem kepptu á íþróttamótinu í Tjaldanesi 1940 voru allir frá Ungmennafélaginu Dreng. Njáll Guðmundsson í Miðdal sigraði, Davíð bróðir hans varð annar, þriðji varð Eiríkur Sigurjónsson í Sogni og í fjórða sæti varð Haukur Jónsson.

uðu, syntu og glímdu. Eftir þann darraðadans hafði taflíð snúist við frá fyrra ári því Drengir unnu með 29 stigum en keppinautar þeirra úr Mosfellssveitinni urðu að láta sér nægja 13 stig. Davíð Guðmundssyni í Miðdal var ógleymanlegt atvik úr 100 metra hlaupinu:

Janus Eiríksson var afar lágvaxinn og ekki þrekinn en svona afskaplega kvikur í hreyfingum og fljótur að hlaupa. Hann hljóp 100 metrana á móti Karli Andréssyni á Hálsi sem var með hæstu mönnum. Karl náði góðu viðbragði og var á undan framan af. Svo í miðju hlaupi skýst Janus fram úr og fótaborðurinn var svo hraður að ekki festi auga á. Karl varð næstum því að hætta hlaupinu því hann hló svo mikið og ekki hlógu áhorfendur minna að sjá þá saman.⁵²

Átjándi mótið var haldið á nýjum stað sem nefndist Tjaldanes 1938. Þar á ároddanum neðst í Mosfellsdal var nú kominn nýr íþróttavöllur Aftureldingar og þegar Ólafur Þórðarson Varmalandi hafði sett mótið flutti hann stutta vígsluræðu. Benedikt Waage stjórnaði mótinu í annað sinn og Jón Aðils flutti snjallt erindi um líkamsmennt áður en íþróttirnar hófust. Keppendur voru 27 svo heldur hafði aukist áhuginn. Einnig höfðu afrekin batnað. Guðmund-

ur Jónsson Sogni stökk 1,70 m í hástökki sem var himinhátt yfir gömlum metum. Svo skildu þeir Gísli Andrésson og Janus Eiríksson jafnir í 100 metrunum á 12 sekúndum sléttum og átti nýi völlurinn eflaust sinn þátt í bætingunum. Stigakeppnin var endurtekið efni. Drengur hlaut 29 stig en Afturelding 13.

Nítjándi mótið var haldið að Meðalfelli í Kjós 1939. Gestur Andrésson setti mótið með stuttri ræðu og Karlakór Kjósverja söng nokkur lög undir stjórn Odds Andréssonar. Síðan flutti Ólafur Thors atvinnumálaráðherra snjallt erindi um gildi íþróttar fyrir þjóðarþroskann. Því næst hófust íþróttir. Janus Eiríksson í Óskoti var langsamlega sprettharðastur og setti mótismet í 100 metra hlaupi á 11,5 sekúndum. Hann vann einnig hástökkið þótt lágur væri í loftinu en snerpan var þess meiri. Keppnin var tvísýn og spennandi aldrei slíku vant og lauk með sigri Aftureldingar 22 stigum gegn 20.

Tuttugasta mótið var að sjálfsögðu haldið á nýja vellinum í Tjaldanesi 1940 að viðstöddum 20 keppendum, einum fyrir hvert ár. Janus í Óskoti setti met í langstöckinu, stökk 6,14 metra og vann að sjálfsögðu spretthlaupið. Hann stökk 1,62 í hástökki og var jafn sigurvegaranum, Sigurjóni Jónssyni í Hvítanesi. Bræðurnir frá Miðdal í Kjós, Davíð og Njáll Guðmundssynir einokuðu glímuna á þessum árum og nú fór svo að Drengur vann mótið með 27 stigum gegn 15.

Tuttugasta og fyrsta mótið var haldið á Bugðubökkum í Kjós þar sem íþróttaiðkun Kjósverja hófst aldarfjórðungi fyrr. Sú hefð hafði skapast að halda mótið í ágústmánuði og ekki var brugðið út af því. Ólafur á Valdastöðum setti mótið en leikstjóri var Jóhann Bernhard úr Reykjavík. Keppt var í hinum hefðbundnu greinum og engin óvænt úrslit urðu. Úrslitin voru líka eftir bókinni og stigatalan sú sama og árið áður: Drengur 27, Afturelding 15.

Tuttugasta og annað mótið var haldið að Tjaldanesi sunnudaginn 23. ágúst 1942. Mótsaldið var nú löngu komið í fastar skorður. Mótssetning var í höndum heimafélagsins og í þetta sinn sá Ólafur

Þórðarson um hana. Hann var einnig leikstjóri og dómari en honum sem hægri og vinstri hönd voru Jóhann Bernhard og Ólafur á Valdastöðum. Þátttakendur voru 15.

Jón M. Guðmundsson á Reykjum vann 100 metrana en Sveinn bróðir hans sundið og langstökkið. Sigurjón í Hvítanesi vann hástökkið og Guðmundur bróðir hans langhlaupið. Njáll í Miðdal vann spjót-kastið og Davíð bróðir hans glímuna. Það var sem-sagt mikið bræðralag á þessu móti. Nú tóku Aftureldingarmenn sig á og unnu mótið með 24 stigum gegn 18. Á þessum 22 fyrstu mótum hafði Drengur sigrað 13 sinnum, Afturelding átta sinnum og Stefnir einu sinni. Lýkur þar með í bili að segja frá íþrótta-mótum Aftureldingar og Drengs.

Starfið er margt

Árið 1931 urðu nokkur kaflaskil í starfi UMSK. Þá tók Gestur Andrússon við formennsku og Grímur Norðdahl við ritararstörfum en báðir voru árum saman við stjórnvölinn. Einhver losarabragur hafði verið á stjórninni þetta ár því þeir fengu aldrei skjöl og bækur félagsins í sínar hendur og þurftu meira að segja að semja löginn upp á nýtt því þau fyrirfund-ust ekki heldur. Þetta kemur fram í fundargerðum stjórnar um þetta leyti.

Forystumenn hreyfingarinnar hvöttu ungmennafélögin mjög til að heimsækja hvert annað og kynna starfinu hjá nágrönnum sínum. Forystumenn UMSK létu ekki sitt eftir liggja og hinn 5. maí 1932 brugðu 22 félagar úr Velvakanda, Aftureldingu og Dreng sér á afmælisfund Ungmennafélags Eyrarbakka og áttu góða kvöldstund með heimamönnum. Allir sögðu frá starfi sinna félaga og fóru heim hlaðnir nýjum hugmyndum fengnum að láni.

Ef dæma má af gjörðabókum voru stjórnarfundir UMSK fremur sjaldgæft fyrirbæri á þriðja áratugnum. Eina fundargerðin frá árinu 1936 segir frá fundi sem haldinn var í svokölluðum Kaupþingssal þegar Farfuglasamkoma stóð yfir. Það reyndist heldur ónæðissamt svo fundurinn endaði eiginlega um leið og hann byrjaði eins og fundargerð Gríms Norðdahls ber með sér:

Stjórn UMSK hjelt fund 12. mars 1936 í Kaupþingssalnum. Allir mættir. Til umræðu var samfundurinn. Í ráði er að haga fundinum í samræmi við tillögur Skúla Þorsteinssonar um menningardaga og ákveðið að frá fróðan mann með í förina, t.d. Pálma Hannesson rektor og að sambandið kosti för þess manns. Þá var einnig rætt um skýrslugerð sambandsins.

En þar sem næði var þarna lítið en glað-værð mikil þá var fundi slitið og ákveðið að skrifast á um þau mál sem stjórnin þyrfti að afgreiða, enda er það orðinn margra ára vani að halda uppi fjelagslegu sambandi með bréfaskriftum.⁵³

Á héraðsþingi árið 1937 voru samþykkt ný lög fyrir UMSK í stað þeirra sem glatast höfðu. Lögin voru samin af stjórn og samþykkt með litlum breytingum. Þau hljóðuðu svo:

Lög fyrir UMSK

1. gr.

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings. Skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er hið forna Kjalarnesþing.

2. gr.

Sambandið vinnur að áhugamálum ungmennafjelaganna í anda og stefnu UMFÍ og ÍSÍ.

3. gr.

Þau ungmennafjelög eiga rjett á að vera í sambandinu sem hafa lög sín í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ og í anda þeirra.

4. gr.

Hjéraðsþing UMSK skal háð í nóvember ár hvert nema síðasta hjéraðsþing hafi ákveðið annað. Hjéraðsþing skulu háð hjá fjelögum sambandsins til skiftis og ber viðkomandi fjelag allan kostnað af þinghaldinu annan en ferðakostnað fulltrúa. Þó getur hjéraðsþing ákveðið annað ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

Sambandsfjölögin kjósa fulltrúa á hjeradsþing 1 fyrir hverja 2 tugi fjelaga eða brot úr tug. Þó mega aldrei vera fleiri en 5 frá sama fjelagi. Hjeradsþing er lög-mætt ef 2/3 kjörinna fulltrúa eru mættir. Afl atkvæða ræður úrslitum á hjeradsþingi. Stjórnarnefndarmenn hafa því aðeins atkvæðisrjett að þeir sjeu kjörnir full-trúar.

6. gr.

Hjeradsþing kys 3ja manna stjórn; formann, ritara og fjehirðir. Ennfremur 2 endurskoðendur. Hjeradsþing úrskurðar reikninga sambandsins. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli fjelaga sambandsins ber hjeradsþingi að úr-skurða þær.

7. gr.

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi fjelaganna. Hún varðveitir sjóð sambandsins og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju hjeradsþingi.

8. gr.

Hvert sambandsfjelað greiðir árlega skatt til sam-bandsins 50 aura af hverjum fjelagsmanni. En þó skal hjeradsþingi heimilt að setja um þetta nánari ákvæði með tilliti til fjelaga sem hafa meðlimi á aldrinum 12-16 ára enda njóti þeir fullra rjettinda í hjerads sambandinu. Fjölögin skulu árlega senda sam-bandinu skýrslu yfir störf sín.

9. gr.

Hjeradsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á hjeradsþingi.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer eldri lög sam-bandsins.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.⁵⁴

Aðalsteinn Sigmundsson, formaður UMFÍ 1930-1938, naut mikillar virðingar í ungmennafélags hreyf-


ingunni fyrir sitt mikla og hugsjónaríka framlag til hennar. Þegar hann lét af formannsstörfum færði stjórn UMSK honum glæsilegan grip sem heiðurs-gjöf frá sambandinu. Það var forkunnar fagur lampi útskorinn eftir Ríkarð Jónsson og táknaði Skinfaxa, hest dagsins. Aðalsteinn varð djúpt snortinn og flutti þakkir sínar í málagnni UMFÍ sem auðvitað hét einnig *Skinfaxi*.

Á hjeradsþingi 1940 kom hernám Breta mjög til umræðu enda duldist engum að það raskaði mjög öllu félagslífi ungmennafélaganna. Hinn róttæki Grímur Norðdahl var þar sem endranær í fararbroddi ásamt Stefáni Jónssyni rithöfund. Þeir voru sammála Aðal-steini Sigmundssyni sem ritaði um það í *Skinfaxa* að breskir hermenn hefðu gert skólana að ræningjabæli. Þá var eftirfarandi tillaga borin upp og samþykkt:

Vegna þess ástands sem nú ríkir í landinu vill hjeradsþing UMSK 1940 skora fastlega á öll ungmennafjölög landsins að standa nú betur en nokkru sinni fyr vörð um íslenska tungu, íslenskt þjóðerni og íslenska menningu.⁵⁵

Á hjeradsþinginu 1941 fjölgaði um eitt félag í sam-bandinu þegar Ungmennafélag Kjalnesinga fékk inn-göngu. Þá voru fjölög sambandsins orðin fjögur eins og á stofnþinginu en lengst af höfðu þau ekki verið nema þrjú. Var formaður Kjalnesinga, Eggert Guð-jónsson, boðinn hjartanlega velkominn og valinn staður í íþróttanefnd þingsins.

Árið 1942 var Umf. Velvakandi horfinn af sjón-arsviðinu en Umf. Reykjavíkur komið í staðinn og fékk það inngöngu á hjeradsþinginu. Nýja félagið virtist jafnréttislega sinnað því meðal hinna fimm þingfulltrúa þess voru tvær konur. Formaður Umf.R, Páll S. Pálsson, ræddi um byggingu æskulýðshallar í Reykjavík og benti á að húsnæðisvandráði hefðu valdið því að Velvakandi gat ekki haldið uppi félags-starfi sínu og farfuglafundunum. Páll lét til sín taka í störfum þingsins og var kosinn formaður sam-bandsins í þinglok. Mátti það teljast skjótur frami. Margar tillögur komu fram um málefni lands og lýðs, eins og um atvinnumál, lögboðna stafsetningu, for-réttindi opinberra starfsmanna, byggingu æskulýðs-hallar og styrk til keppenda á næsta landsmóti UMFÍ.



Listaverk Ríkarðs Jónssonar, lampinn sem Kjalnesingar gáfu Aðalsteini Sigmundssyni.

Alls voru tillögurnar 16 sem til umræðu komu. Það var greinilega heilmikill kraftur í Kjalnesingum á því merka ári 1942.

Stjórnir UMSK

19. nóv. 1922 til 24. okt. 1925

Guðbjörn Guðmundsson	formaður
Guðrún Björnsdóttir	ritari
Þorlákur Björnsson	gjaldkeri

24. okt. 1925 til okt. 1927

Guðbjörn Guðmundsson	formaður
Guðrún Björnsdóttir	ritari
Ólafur Marteinsson	gjaldkeri

okt. 1927 til okt. 1928

Guðrún Björnsdóttir	formaður
Hannes M. Þórðarson	ritari
Guðbjörn Guðmundsson	gjaldkeri

okt. 1928-1929

Arngrímur Kristjánsson	formaður
Hannes M. Þórðarson	ritari
Guðbjörn Guðmundsson	gjaldkeri

1929-1930

Guðbjörn Guðmundsson	formaður
Hannes M. Þórðarson	ritari
Rannveig Þorsteinsdóttir	gjaldkeri

1930 til 22. nóv. 1931

Guðbjörn Guðmundsson	formaður
Hjörtur Björnsson	ritari
Rannveig Þorsteinsdóttir	gjaldkeri

22. nóv. 1931 til 15. des. 1935

Gestur Andrésson	formaður
Grímur Norðdahl	ritari
Rannveig Þorsteinsdóttir	gjaldkeri

15. des. 1935 til 29. okt. 1939

Skúli Þorsteinsson	formaður
Grímur Norðdahl	ritari
Gestur Andrésson	gjaldkeri

29. okt. 1939 til 24. nóv. 1940

Ólafur Þorsteinsson	formaður
Grímur Norðdahl	ritari
Ólafur Andrésson	gjaldkeri

24. nóv. 1940 til 14. des. 1941

Ólafur Þorsteinsson	formaður
Ólafur Þórðarson	ritari
Ólafur Andrésson	gjaldkeri

14. des. 1941 til 13. des. 1942

Ólafur Þorsteinsson	formaður
Gísli Andrésson	ritari
Grímur Norðdahl	gjaldkeri

13. des. 1942 til 12. des. 1943


Páll S. Pálsson	formaður
Gísli Andrésson	ritari
Ólafur Þórðarson	gjaldkeri ⁵⁶

Grímur Norðdahl

Grímur S. Norðdahl fæddist á Úlfarsfelli í Mosfells-sveit 18. mars 1909. Foreldrar hans voru Skúli Norðdahl, bóndi þar og vegaverkstjóri og kona hans Guðbjörg Guðmundsdóttir. Grímur ólst upp á Úlfarsfelli og átti þar heima til þrítugs en bjó síðan í Reykjavík og Kópavogi til 1961 og vann við smíðar og í bygg-ingavinnu. Þá fluttist hann aftur að Úlfarsfelli og var síðan bóndi þar til æviloka. Hann kvæntist Ragnheiði Guðjónsdóttur frá Aðalvík og eignuðust þau fjögur börn. Grímur lést 8. ágúst 1997.

Grímur var félagslyndur maður og varð snemma virkur félagi í Umf. Aftureldingu. Fljótlega var hann kallaður til stjórnarstarfa og hafði áður en lauk verið bæði formaður, ritari og gjaldkeri félagsins. Formaður var hann um átta ára skeið og hefur enginn setið lengur í því embætti. Þá kemur að þætti hans fyrir UMSK. Grímur var ritari sambandsins samfleytt í níu ár 1931-1940 og fundargerðir hans og þinggerðir voru vel fram settar, skýrar og skipulegar. Hann lagði mörg framfaramál fram á þingunum og var jafnan fremstur í flokki þegar einhvers þurfti með. Aldrei var svo verkefni sem vinna þurfti að Grímur væri ekki þar kominn að leggja góða hönd á plóginn. Hann var góður dansmaður og einn af hinum rösku liðsmönnum vikivakaflokksins sem gerði garðinn frægan hjá UMSK á fjórða áratugnum.

Grímur var hraustmenni með hvelfda bringu, breiðar herðar og sterklegar hendur. Hann hafði óþrotlegan áhuga á íþróttum en þar var glíman í sér-flokki og stóð hjarta hans næst. Í henni keppti hann um 14 ára skeið á mótum Aftureldingar og Drengs og var jafnan með efstu mönnum og sigraði 1934. Hann lagði mest upp úr fegurð glímunnar og fylgdi því fast eftir að drengskapur hennar fengi að njóta sín. Á árunum fyrir stríð var Sýsluglíma Kjósarsýslu háð með glæsibrag í Brúarlandi og eitt sinn hlaut Grímur fegurðarverðlaunin. Síðustu árin sá hann um glímuna en hún lagðist niður við brottför hans úr héraði. Grímur var dugmikill liðsstjóri Íþróttafélags Kjósarsýslu á Drengjamóti Ármanns í Reykjavík sem fimm ungir drengir unnu árið 1939 og sömuleiðis var hann fyrirliði kappaliðs Kjalnesinga þegar þeir sóttu frægan sigur á landsmót UMFÍ í Haukadal 1940.



Grímur Norðdahl á Úlfarsfelli var einn af hinum traustu ungmennafélögum sem stóðu árum saman undir starfi UMSK. Hann var ritari sambandsins í heilan áratug og gjaldkeri um eins árs skeið nokkru síðar.

Grímur var ákaflega heilsteyptur maður og í honum bjó aðdáunarverð blanda af eldmóði og rétt-lætiskenn en einnig góðvild og rósemi. Hann naut lítillar skólagöngu en var sjálfmenntaður, víðlesinn og stálminnugur. Hann bjargaði sér vel í norður-landamálum, þýsku og ensku. Félagshyggjumaður, bindindismaður á vín og tóbak, jarðræktar- og mann-ræktarmaður sem fylgdi eftir hugsjónum ungmenna-félaganna í lífi sínu alla tíð. Þegar hann bjó í Kópa-vogi gekkst hann fyrir stofnun Ungmennafélagsins Breiðabliks árið 1950 og varð fyrsti formaður þess. Ragnheiður kona hans gaf félaginu nafn sitt. Hann var síðar gerður að heiðursfélagi Breiðabliks og einn-ig Aftureldingar. Hann var skörulegur ræðumaður og ritaði greinar um þjóðfélagsmál í blöðin sem eftir var tekið. Grímur tók virkan þátt í Kvæðamannafélaginu Íðunni enda var hann vel hagorður og naut þess að gera vísur þegar honum þótti við eiga. Ragnheiður

kona Gríms, var einnig prýðilega hagamælt og orti eitt sinn til hans þessa fallegu vísu:


*Ég þarf ekki að óska þér gæfu né gengis
þú ert gleðinnar sonur og hamingjubarn.
Þér er sama hvort það er sól eða myrkur
sumargræn jörð eða hjarn.⁵⁷*

Íþróttir í UMSK

Lengi vel voru íþróttir ekkert sérlega mikið á dagskrá Ungmennasambands Kjálarnesþings. Ungmennafélagið Velvakandi lét þær að mestu eiga sig en Afturelding og Drengur æfðu ýmsar íþróttir af kappi. Áhuginn var mikill en kunnáttan takmörkuð enda lítið um tilsögn lærðra manna. „Kennari er enginn en lærir hver af öðrum og sjálfum sér,“ sagði í ársskýrslu Drengs til ÍSÍ árið 1922. Helstu íþróttirnar voru „glímur, hlaup, stökk, köst, sund og skautafarir.“ Hjá Aftureldingu var staðan svipuð. „Kennara hefir félagið engan. Er á æfingum reynt að fara eftir þekkingu og reynslu þeirra félagsmanna sem lengst eru komnir,“ sagði í skýrslu félagsins til ÍSÍ þetta sama ár. Reglur ÍSÍ bönnuðu héraðssamböndum að senda keppendur á íþróttamót og því kom það af sjálfu sér íþróttirnar lentu utangarðs hjá UMSK þótt félögin tvö stunduðu þær ágætlega.

Afturelding í Mosfellssveit og Drengur í Kjósarhreppi héldu sitt sameiginlega íþróttamót á hverju ári og voru ein um hituna til að byrja með. En Kjálarneshreppur var þriðji hreppurinn í Kjósarsýslu og þar var stofnað Íþróttafélag Kjálarnesinga árið 1923. Stofnun þess var blóðtaka fyrir Aftureldingu sem hafði notið góðs af íþróttamönnum á Kjálarnesi. Nú gengu þeir allir í nýja félagið, þar á meðal hinir fræknu Varmadalsbræður, Ágúst, Þorgeir, Jón og Björgvin Jónssynir og munaði um minna.


Þetta átti sinn þátt í því að félagamótin féllu niður árin 1924-1926. Þegar þau hófust aftur hafði Drengur yfirburði yfir Aftureldingu í fjarveru Varmadalsbræðra. Íþróttafélag Kjálarnesinga sótti um það vorið 1925 að fá að vera með í íþróttamótum félaganna tveggja. Aftureldingarmenn voru hlynntir því en



Félagsskírteini Umf. Aftureldingar til handa Þorgeiri í Varmadal sem útbúið var í hasti svo hann gæti komist með í glímusýningarferðina til Noregs 1925.

Drengsmenn sögðu þvert nei og þar við sat í bili. Um svipað leyti kom auðmjúk beiðni frá þeim Þorgeiri og Ágústi Jónssonum í Varmadal um að fá að ganga tímabundið í Aftureldingu. Ástæðan var sú að þeim bauðst að fara til Noregs í glímusýningarflokki UMFÍ en aðeins með því skilyrði að þeir færu á vegum ungmennafélags. Glötuðu synirnir voru teknir aftur í náðarfaðm félagsins „án allra skuldbindinga um íþróttamál frá báðum hliðum,“ eins og sagði í fundargerð Aftureldingar frá 10. maí 1925. Viku seinna gaf Afturelding út sérstök félagsskírteini handa bræðrunum svo þetta færi ekkert á milli mála. Með þau fóru þeir í glímuferðina til Noregs en gengu svo aftur til liðs við íþróttafélag Kjálarnesinga þegar heim kom.

Íþróttafélag Kjálarnesinga breytti nafni sínu árið 1927 og hét eftir það Íþróttafélagið Stefni. Sumarið 1926 settu félagsmenn þess þrjú Íslandsmet í frjáls-íþróttum: Þorgeir Jónsson í kúluvarpi og kringlukasti og Ásgeir Einarsson í spjótkaсти. Undir merki Stefnis varð Þorgeir Jónsson glímukóngur Íslands árin 1927 og 1928. En hann mundi Aftureldingu fósturlaunin og keppti með sínum gömlu félögum á félagamótinu gegn Dreng árið 1929 og átti stóran þátt í sigri Aftureldingar. Reyndar var Þorgeir slíkur yfirburðamaður að hann vann mótið næstum einn og sér.



Stórhlauparinn Guðjón Júlíusson á Reynisvatni með verðlaunagrip sína.

Árið 1931 fékk Stefnir loks að vera með á mótum Aftureldingar og Drengs og gerði sér þá lítið fyrir og vann mótið. Næstu tvö árin kepptu Stefnismenn á mótunum við góðan orðstír en eftir það hvarf félagið af sjónarsviðinu. Stefnir gekk aldrei í UMSK af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi vegna þess að það var íþróttafélag og taldist því ekki eiga samleið með ungmennafélögum og svo leist félagsmönnum þess ekkert á bindindisheiti UMFÍ og hina fanatísku forystumenn UMSK sem þeir töldu vera.

Vorið 1938 var svo Ungmennafélag Kjalnesinga stofnað. Stofnfélagar þess voru synir og dætur þeirra manna sem stóðu að Íþróttafélagi Kjalnesinga/Stefni, ásamt öðru ungu fólki sveitarinnar. Félagið gekk í UMSK árið 1941 og kom því lítið við sögu sambandsins á þeim tíma sem hér um ræðir.

Þegar Kjósarmenn og Mosfellingar brugðu sér til Reykjavíkur til að etja kappi við bæjarbúa var það fyrst undir merki AD en síðar Íþróttafélags Kjósarsýslu. ÍK var eins og menn muna ekki raunverulegt íþróttafélag heldur aðeins heiti á sameiginlegu keppnisliði félaganna sem var búið til á pappírnum 1922. Það var sett á laggirnar fyrst og fremst til þess að AD-menn gætu haldið áfram sigurgöngu sinni í Víðavangshlaupi ÍR. En þegar íþróttamenn félaganna áttuðu sig á að sameinaðir voru þeir helmingi öflugri en ella jókst sjálfstraust þeirra og næstu árin fjölmenntu þeir til keppni á ýmsum íþróttamótum höfuðstaðarins.

Fyrsta stórmótið í Reykjavík eftir lok seinni heimsstyrjaldar var haldið að tilhlutan ÍSÍ 17.-20. júní 1920 með landsmót UMFÍ sem fyrirmynd. Þar kepptu nokkrir AD-menn. Ágúst Jónsson í Varmadal varð þriðji bæði í langstökki og glímu og Magnús Blöndal á Grjóteyri náði þriðja sæti í 5000 metra hlaupi. Þorgils Guðmundsson á Valdastöðum hlaut sérstök verðlaun fyrir fegurðarglímu á Íslandsglímunnar sem var haldin samhliða mótinu.

Mótið þótti takast svo vel að það varð eftir þetta fastur liður í íþróttafloiru landsmanna. Það hlaut nafnið Allsherjarmót ÍSÍ og fór fram árlega til ársins 1946. Það hófst yfirleitt 17. júní og stóð í nokkra daga. Keppt var í frjálsíþróttum, glímu og sundi og stigahæsta félagið gat skreytt sig með titlinum besta íþróttafélag Íslands það árið. Mótið var öllum opið en eins og gefur að skilja voru Reykjavíkurfélögin á heimavelli. Risarnir þrír í Reykjavík, ÍR, KR og Ármann lögðu mikinn metnað í að standa sig vel á mótinu og skiptust á um sigurinn. En sveitamennirnir úr Kjósarsýslu komu mjög á óvart þegar þeir bættust í hópinn og voru engir eftirbátar heimamanna.

Guðjón Júlíusson á Reynisvatni sló heldur betur í gegn árið 1921. Hann vann 1500 metra hlaupið á nýju Íslandsmeti 4:28,6 mín og 5000 metra hlaupið sömuleiðis á Íslandsmeti 17 mínútum sléttum. Þá vann hann einnig víðavangshlaup mótsins og þýddi engum að reyna sig við hann á langhlaupabrautinni. Guðjón endurtók leikinn árið eftir og bætti þá 1500 metra metið niður í 4:25,8 mín og 5000 metra metið í 16:06,0 mínútur sem þótti besta afrek mótsins unnið í hávaðaroki. Hann stóð þá á hátindi sínum sem hlaupakóngur Íslands.

ÍK sendi sjö harðsnúna kappi til keppni á Allsherjarmótið 1923. Guðjón á Reynisvatni vann bæði 1500 og 5000 metrana í þriðja sinn og 10.000 metra hlaupið tóku Kjalnesingar þrefalt með hann í fararbroddi. Þorgeir í Varmadal vann kringlukastið og varð annar í kúluvarpi og í þremur stystu hlaupunum. Lúðvík Sigmundsson stóð efstur í spjótkesti og Axel Grímsson stókk hæst á stöng. Sagt var að reykvískir íþróttaforystumenn hafi verið á barmi hjartaáfalls þegar keppnin stóð sem hæst, því þeim leist ekkert á blíkuna. Ármenningar, með sína 20 keppendur, sigruðu á mótinu með 39 stig en næstir komu ÍK-ingar með 34 stig og þriðju voru KR-ingar með 26. Þetta var hápunktur afrekasögu Íþróttafélags Kjósarsýslu ásamt víðavangshlaupunum því eftir þetta fór afreksmönnum þess heldur fækkandi.

Reykjavíkurfélögin tóku enga áhættu eftir þessa atlögu heldur juku æfingar sínar um allan helming og breikkuðu bilið í stigakeppninni. Enn sigruðu þeir Guðjón á Reynisvatni og Þorgeir í Varmadal í sínum greinum árið 1924 og Þorgeir setti Íslandsmet í kringlukasti. En þetta voru síðustu afrekin í bili og árið 1926 var til dæmis enginn keppandi frá félaginu á Allsherjarmótinu. Reyndar mætti Bjarni Ólafsson hlaupagarpur í Vindási einn til leiks fyrir ÍK eitt árið en árið 1929 var hann þar skráður fyrir Dreng. ÍK virtist þá horfið af sjónarsviðinu.

Nú leið heill áratugur án þess að bólaði á íþrótta-
mönnum ÍK í höfuðstaðnum. Þá snaraði lágvaxinn en snaggaralegur drengur frá Óskoti í Mosfellssveit sér á reiðhjóli til Reykjavíkur og tók þátt í Drengjamóti Ármanns árið 1939. Þetta var hinn sprettharði Janus Eiríksson og hann sigraði óvænt í 80 og 400 metra hlaupum. Þátttaka hans vakti nokkra athygli því að í mörg ár hafði enginn utanbæjarmaður tekið þátt í mótinu.

Árið eftir köstuðu fimm ungir piltar frá Íþróttafélagi Kjósarsýslu frá sér orfi og ljá og mættu til fjölmennrar keppni í drengjamótinu og vöktu heilmikla athygli með frammistöðu sinni því þeir unnu stigakeppni mótsins með einu stigi betur en KR og fóru heim með bikarinn. Þetta voru Janus í Óskoti sem fékk fimm verðlaunapeninga og varð þriðji að stigum, Axel Jónsson í Hvítanesi sem náði öðru sæti í fimm greinum og varð næst stigahæstur á eftir Gunn-



Sigurvegarar Íþróttafélags Kjósarsýslu á Drengjamóti Ármanns 1940. Framar: Axel Jónsson í Hvítanesi og Janus Eiríksson í Óskoti. Aftar: Guðmundur P. Jónsson í Laxárnesi, Sveinn Guðmundsson á Reykjum og Sigurjón Jónsson í Hvítanesi.

ari Huseby KR. Þriðji kappinn var Guðmundur P. Jónsson á Laxárnesi í Kjós sem sigraði og setti íslenskt drengjamet í 3000 metra hlaupinu. Hinir tveir voru Sveinn Guðmundsson á Reykjum og Sigurjón Jónsson í Hvítanesi sem unnu 1000 metra boðhlaup með félögum sínum Axel og Janusi. Mikil spennan var í þrístökkinu sem var lokagrein mótsins en þá stóðu KR og ÍK jöfn að stigum. Þar börðust Gunnar Huseby og Axel Jónsson upp á líf og dauða og endirinn varð sá að Axel stókk nokkrum sentimetrum lengra en Gunnar og náði stiginu sem vantaði til sigurs. Grímur Norðdahl var með í för sem liðsstjóri og hvatti drengina óspart til dæða.

Þetta sumar tók Guðmundur á Laxárnesi þátt í langhlaupum á Meistaramótinu undir merki ÍK og Axel í Hvítanesi spreytti sig fyrir það í nokkrum greinum á Allsherjarmótinu. En þetta var svana-söngur ÍK því eftir þetta sendi það ekki keppendur á íþróttamót.

Sem fyrr segir gerðu reglur Íþróttasambands Ís-

lands einungis ráð fyrir að íþróttamenn gætu keppt undir merkjum íþróttafélaga en ekki héraðssambanda. Þessu vildu héraðssamböndin náttúrlega breyta og þar var UMSK fremst í flokki en talaði lengi vel fyrir daufum eyrum forráðamanna ÍSÍ. Nú var ný kynslóð íþróttááhugamanna komin til skjalanna og þeim tókst að brjóta ísinn. Leiðréttingin fékkst á ársþingi ÍSÍ sumarið 1940. Formaður og ritari UMSK, Ólafur Þorsteinsson og Grímur Norðdahl, lögðu fram eftirfarandi ályktun sem var samþykkt í einu hljóði:

Aðalfundur ÍSÍ 1940 samþykkir að héraðssamböndum ungmennafélaga sé heimilt að koma fram sem einn aðili á opinberum leikmótum enda komi samþykki ÍSÍ til í hvert skipti.⁵⁸

Litlu síðar var þetta ákvæði tekið upp í lög ÍSÍ og varnaglinn fjarlægður. Þar með var björninn loksins unninn enda var Íþróttafélag Kjósarsýslu lagt niður skömmu síðar. Það hafði lokið hlutverki sínu og UMSK tekið við.

*20 ára afmælið

Ungmennasamband Kjalarnesþings hélt hátíðlegt 20 ára afmæli sitt að Brúarlandi í Mosfellssveit 13. desember síðastliðinn að afloknu 20. héraðsþingi sambandsins. Þar voru fluttar ræður um starfsemi UMSK og Umf. almennt og blandaður kór úr Umf. Dreng í Kjós söng mörg lög við ágætar undirtektir, m.a. hið nýja lag Kaldalóns [Ísland] er birtist í síðasta hefti Skinfaxa. Var samkoman öll hin myndarlegasta. Stjórn sambandsins skipa: Formaður Páll S. Pálsson Reykjavík, ritari Gísli Andrússon Hálsi Kjós og féhirðir Ólafur Þórðarson Æsustöðum Mosfellssveit.⁵⁹

Frægðarför til Haukadals

Ungmennafélag Íslands hélt tvö vegleg íþróttamót sem kölluð voru 1. og 2. leikmót UMFÍ í Reykjavík

árin 1911 og 1914. Þau stóðu dögum saman og vöktu verðskuldaða athygli. Eftir það féllu mótin niður í aldarfjórðung en ungmennafélagar yljúðu sér við minningar um forna frægð. Lengi vel gerðist fátt en loks komu til sögunnar menn sem vildu endurvekja þessi mót. Á þingi UMFÍ 1938 var lögð fram tillaga um að efna til allsherjar íþróttamóts innan UMFÍ og halda það á Akureyri 1940. Tillagan var samþykkt með fögnuði og íþróttamenn ungmennafélaganna fóru að bretta upp ermarnar.

Á ársþingi UMSK haustið 1939 var mikið rætt um væntanlegt mót á Akureyri og hvernig að því skyldi staðið. Gestur Andrússon á Hálsi hvatti mjög til þátttöku og taldi að sambandið ætti að geta sent góðan flokk á mótið. Menn voru jafnvel svo stórhuga að láta sér detta í hug að fá varðskip til að flytja ungmennafélaga á mótið. Þingfulltrúar samþykktu einróma að taka þátt í mótinu og veita til fararinnar þann fjárstyrk sem efni framast leyfðu. Sambandsstjórninni var falið að annast undirbúning og framkvæmdir í samráði við stjórnir félaganna. Það var greinilega mikill hugur í mönnum.

Fljótlega kom í ljós töluverður annmarki við að halda mótið á Akureyri. Hann var sá að væntanlegur gestgjafi, Ungmennafélag Akureyrar, var um það bil steindautt. Þá var leitað til Sigurðar Greipssonar, skólastjóra í Haukadalsdal og formanns Héraðssambandsins Skarphéðins. Sigurður brást vel við og bauðst til að halda mótið í Haukadalsdal undir forystu HSK. Þar hafði Sigurður rekið íþróttaskóla sinn um árabil og útskrifað marga vaska sveina. Næg húsakynni voru á staðnum og ágæt sundlaug. Ekkert vantaði nema íþróttavöllinn og nemendur Sigurðar útbjuggu hann á sléttum grundum framan við Geysi nokkrum dögum fyrir mótið. Sigurður Greipsson var eldhugi mikill, stórhuga hugsjónamaður og hann lagði sig allan fram við undirbúning mótsins. Hann meira að segja skipulagði sýningarflokk fimleikamanna meðal gamalla nemenda sinna og þeir æfðu eftir bréflegum fyrirmælum Sigurðar.

Kjalnesingar voru hæstánægðir með að þurfa ekki að fara norður í land en hugðu gott til Haukadals. Ekki var öðrum íþróttamönnum til að dreifa en hjá Aftureldingu og Dreng en þeir voru líka staðráðnir í að standa sig vel. Grímur Norðdahl á Úlfarsfelli,



Fimleikamenn og keppendur fylkja liði fyrir skrúðgöngu við setningu landsmótsins í Haukadalsdal 1940.

ritari UMSK og mikill áhugamaður um íþróttir, var sjálfkjörinn liðsstjóri Kjalnesinga. Þeir sprikluðu skipulagslaust um veturinn, að sögn Jóns M. Guðmundssonar á Reykjum, en hófu skipulegar æfingar mánuði fyrir mótið. Liði var skipt þannig að Moskvítar lögðu mesta áherslu á sundið en Kjósaringar tóku að sér frjálsíþróttir og glímuna.

Rúta var tekin á leigu og var hún sex klukkutíma á leið sinni til Haukadals. Innanborðs voru 18 keppendur UMSK, þar af þrjár konur sem kepptu í sundi. Dagskipun Gríms Norðdahl til sinna manna var að tapa engum riðli og berjast til síðasta blóðdropa. Það gerðu menn svikalaust en létu sig þó ekki dreyma um sigur í mótinu. Kjalnesingum fannst mikið til um hvað allt var þarna vel skipulagt og það að ganga inn á mótssvæðið í íþróttabúningi fylktu liði með fána var stórfengleg athöfn og eftirminnileg. Menn höfðu aldrei orðið varir við annan eins eldmóð og þeir skynjuðu hjá mótisstjóranum, Sigurði Greipssyni. Einn af keppendum UMSK, Gísli Andrússon á Hálsi ritari Umf. Drengs, lýsti mótinu ítarlega í Hreiðari heimiska og sagði þá meðal annars:

Það hefur margt verið skrifað og talað um það mót og alt hefur hniðið á eina lund um að það hafi verið einhver glæsilegasta og besta útiskemmtun sem haldin hefur verið

hér á landi, enda var hún hjúpuð í geisladýrð brennandi júnísólar, langt hafin yfir dimmviðri rigningardaganna á undan og eftir. Slíkt mót hlýtur að hafa djúptæk áhrif á alla sanna ungmennafélaga.⁶⁰

Sigurður Greipsson stjórnaði mótinu af fingrum fram og var alls staðar í senn. Mótið stóð í tvo heila daga og veður var frábært allan tímann. Áhorfendur voru vel á annað þúsund og undu sér hið besta. Mótið hófst með skrúðgöngu keppenda og með í hópnum voru 23 fimleikapiltar Sigurðar sem sýndu listir sínar hinir glæsilegustu klæddir hvítum íþróttabúningum. Sjö þeirra tóku einnig þátt í ýmsum keppnisgreinum. Keppendur voru 73 talsins, þar af átta sundkonur og þeir 16 fimleikamenn sem ekki tóku þátt í öðrum íþróttum. Kjalnesingar voru fjölmennastir með 18 keppendur en Dalamenn sendu einn keppanda. Skarphéðismenn áttu 16 keppendur en Borgfirðingar 14. Þeir síðastnefndu einokuðu sundið og sigruðu alls staðar tvöfalt nema hvað Jóni á Reykjum tókst að merja annað sætið í 100 metra skriðsundi.

Kjósarmenn voru sigursælir í frjálsíþróttum. Njáll Guðmundsson í Miðdal kastaði kringlunni langlangst og Gísli Andrússon á Hálsi kom næstur honum. Þriðji var Mosfellingurinn Karl Jónsson svo þarna var þrefaldur sigur. Gísli varð líka annar í kúluvarpi



Sigurreifur keppnishópur UMSK að loknu landsmóti í Haukadal 1940. Fyrir framan krjúpa Skúli Norðdahl á Úlfarsfelli, Janus Eiríksson í Óskoti, Axel Jónsson í Hvítanesi og Karl Jónsson á Hríbrú. Standandi: Sveinn Guðmundsson á Reykjum, Guðmundur Jónsson í Sogni, Gísli Andrénsson á Hálsi, Sigurjón Jónsson í Hvítanesi, Guðmundur P. Jónsson í Laxárnesi, Eiríkur Sigurjónsson í Sogni í hvarfi við Davíð Guðmundsson í Miðdal sem lítur til hliðar. Sesselja Erlendsdóttir á Álafossi, Alexíus Lúthersson á Ingunnarstöðum, Sesselja Gunnlaugsdóttir á Laugabóli, Jón M. Guðmundsson á Reykjum, Unnur Sveinsdóttir á Álafossi, Njáll Guðmundsson í Miðdal og Grímur Norðdahl á Úlfarsfelli.

á eftir hinum týhrausta Skarphédingsmanni Guðmundi Ágústssyni í Hróarsholti. Guðmundur Jónsson í Sogni vann hástökkið rétt á undan fyrrnefndum nafna sínum. Þriðji Guðmundurinn, Guðmundur P. Jónsson í Laxárnesi náði þriðja sætinu í 1500 metra víðavangshlaupi en þar sigraði Stefán Jasonarson í Vorsabæ í Flóa. Menn hlupu yfir stokka og steina, víðikjarr og vatnsföll og hlaupaæfingar Stefáns um hinn votlenda Flóa réðu úrslitum. En stjarna mótsins var Axel í Hvítanesi sem sveif lengst allra í langstökki og þristökki og varð annar í 100 metra hlaupi. Hann varð stigahæsti maður mótsins með átta stig og þótti það hraustlega gert af 18 ára pilti. Eftirfarandi um-sögn birtist um Axel í *Skinfaxa* 1940:

Axel er aðeins 18 ára gamall, fæddur í Reykjavík 8. júní 1922 en alinn upp í sveit og á nú heima á Hvítanesi í Kjós. Hann er stórlega áhugasamur og efnilegur íþróttamaður og hefir æft jöfnum höndum hlaup, stökk og köst við annríki sveitamannsins, örðug skilyrði og enga tilsögn. En hann hefir glöggan skilning á tilgangi líkamsæfinga og gildi íþróttar, járnharðan vilja og mikinn metnað fyrir félag sitt og ungmennafélagsskapinn. Í sumar fór hann óæfður frá orfinu á drengjamótið í Reykjavík og gat sér þar góðan orðstír, enda vann félag hans það mót.⁶¹

Tíu glímukappar reyndu með sér og allir máttu lúta lágt fyrir Steindóri Gíslasyni á Haugi í Flóa, sem var gamall skjaldarhafi þeirra Skarphédingsmanna. Njáll í Miðdal kom næstur honum og Davíð bróðir hans varð fjórði. Grímur Norðdahl sem hafði margan kappann lagt um dagana mátti reyna að það er ekki sigurvænlegt að vera bæði liðsstjóri og keppandi. Hann var heillum horfinn og varð neðstur keppenda.

Grímur var þó kampakátur þegar úrslit mótsins voru tilkynnt því þá kom í ljós að UMSK hafði sigrað

með 27 stigum. Næstir komu Borgfirðingar með 21 stig en heimamenn í HSK voru með 16 stig. Þetta var óneitanlega glæsilegur árangur hjá hinu lítt reynda keppnisliði Kjalnesinga og varð heldur betur kæti í þeirra herbúðum. Sigurvegarar fengu allir gullna verðlaunapeninga og eftir mótið var Kjalnesingum afhentur útskorinn tréskjöldur úr rauðaviði sem þeir

varðveittu fram að næsta landsmóti. Þessi frumraun hafði tekist vonum framar og hinir fræknu íþróttamenn úr Mosfellssveit og Kjós höfðu með sigri sínum varpað miklum ljóma á nafn Ungmennasambands Kjalarnesþings. Sambandið var orðið stórveldi á íþróttasviðinu. Nýir tímar voru að renna upp.

Tilvísanir

- ¹ *Brot úr 50 ára sögu Umf. Samhygðar*: Ingimundur Jónsson, ávörp formanna, bls. 8-10.
- ² *Skínfaxi* 1909-1922.
- ³ *Skínfaxi* 1913:6, bls. 44-46.
- ⁴ *Skínfaxi* 1914:2, bls. 28.
- ⁵ *Skínfaxi* 1922:7, bls. 50-51 .
- ⁶ Skj. UMSK: Vélrituð lög UMSK 1922.
- ⁷ Grímur S. Norðdahl: Viðtal 17. okt. 1991.
- ⁸ *UMFÍ 1907-1937*: Ólafur Ó. Þórðarson, söguágrip, bls. 254-255.
- ⁹ HérMos. Ársskýrsla Umf. A til UMFÍ 1924.
- ¹⁰ HérMos. Úr erindi sem Árni Gíslason frá Miðdal flutti á ársafmæli félagsins árið 1910.
- ¹¹ Skj. Umf. D. Lög Umf. Drengs 1915.
- ¹² Skj. Umf. D.: Hreiðar Heimski 1930-1934.
- ¹³ Þjskj.: Ársskýrsla Umf. Akraness til UMFÍ 1924.
- ¹⁴ Skj. UMSK: Þingiskjal nr. 21 1924.
- ¹⁵ Skj. UMSK: Þinggerðabók 1931-1938.
- ¹⁶ Skj. UMSK: Sama heimild.
- ¹⁷ Skj. UMSK: Sama heimild.
- ¹⁸ Skj. UMSK: Sama heimild.
- ¹⁹ Skj. UMSK: Sama heimild.
- ²⁰ Skj. UMSK: Ársskýrslur og bréf 1922-1930. / Þinggerðabækur 1931-1945. / *Skínfaxi* 1922-1942.
- ²¹ *UMFÍ 1907-1937*: Guðbjör n Guðmundson, minningar, bls. 21-23.
- ²² *Dagrenningur 1959*: Þorgils Guðmundsson, Afturelding og glíman, bls. 30-32.
- ²³ Davíð Guðmundsson: Viðtal 1. nóv. 1991.
- ²⁴ Grímur S. Norðdahl: Viðtal 17. okt. 1991.
- ²⁵ Skj. UMSK: Guðrún Björnsdóttir: Samfundurinn 24. júní 1923.
- ²⁶ Skj. Umf. Drengs: Hreiðar heimski 1930-1934.
- ²⁷ Skj. UMFÍ: Gjörðabók Umf. Velvakanda 1925-1939.
- ²⁸ Skj. UMFÍ: Sama heimild.
- ²⁹ *Hvöt* 1926:1, bls. 2-3.
- ³⁰ *Hvöt* 1927:6, bls. 1-2.
- ³¹ Skj. UMSK: Ársþing UMSK 1924, fylgiskjal 6c.
- ³² Skj. UMSK: Dreifibréf UMSK des. 1924.
- ³³ *Skínfaxi* 1936:2, Skúli Þorsteinsson, Farfuglafundur, bls. 158.
- ³⁴ Skj. Umf. Drengs: Hreiðar Heimski des. 1925, Magnús Blöndal Grjóteyri; Slátturinn.
- ³⁵ *Vísir* 14. júní 1924, bls. 1.
- ³⁶ *Skínfaxi* 1925:1, Jóhann B. Jónasson, Drápa, bls. 13-15.
- ³⁷ Skj. UMSK: Bréf Norges Ungdomslag til UMSK 23. 4. 1925.
- ³⁸ Skj. UMSK: Bréf UMSK til Norges Ungdomslag 20.5. 1925.
- ³⁹ *Skínfaxi* 1929:1, Guðbjörn Guðmundsson; Gestamót, bls. 15-16.
- ⁴⁰ Skj. UMSK: Bréf stjórnar UMSK til stjórnar UMFÍ 10. maí 1923.
- ⁴¹ Skj. UMSK: Gjörðabók Umf. Velvakanda 1925-1939.
- ⁴² *Skínfaxi* 1928:6, Guðbjörn Guðmundsson; Skýrsla, bls. 90.
- ⁴³ *Mbl.* 6. jan. 1928, bls. 2.
- ⁴⁴ Skj. UMSK: Dagrenningur 1937, Grímur S. Norðdahl; Vikvakar.
- ⁴⁵ Skj. UMSK: Fundargjörð stjórnar 27. okt. 1933.
- ⁴⁶ Skj. KR: Gjörðabók KR 1910-1924 rituð af Erlendi Ó. Péturssyni.
- ⁴⁷ *Skínfaxi* 1930:7, bls. 140-150.
- ⁴⁸ *Skínfaxi* 1931:3, bls. 62-68.
- ⁴⁹ HérMos. EF-1 19, 1918-1953. Íþróttamótabók Aftureldingar og Drengs.
- ⁵⁰ Þórunn Valdimarsdóttir: *Af Halamiðum á Hagatorg*, bls. ????
- ⁵¹ HérMos. EF-1 19, 1918-1953. Íþróttamótabók Aftureldingar og Drengs.
- ⁵² HérMos. EF-1 19, 1918-1953 Íþróttamótabók Aftureldingar og Drengs.
- ⁵³ Hákon Guðmundsson: Viðtal 27. sept. 1992.
- ⁵⁴ Davíð Guðmundsson: Viðtal 1. nóv. 1991.
- ⁵⁵ Skj. UMSK: Fundargerð stjórnar 12. mars 1936.
- ⁵⁶ Skj. UMSK: Þinggerðabók 1931-1938, Lög UMSK 1937.
- ⁵⁷ Skj. UMSK: Þinggerðabók 1939-1945, þinggerð 1940.
- ⁵⁸ Skj. UMSK: Bréf, skjöl og þinggerðir UMSK 1922-1932.
- ⁵⁹ *Mbl.* 17. ág. 1997, bls. 32.
- ⁶⁰ *Aðalfundur ÍSÍ 1940*, bls. 16.
- ⁶¹ *Skínfaxi* 1942:2, bls. 96.
- ⁶² Skj. Umf. Drengs: Hreiðar heimski 6. tbl. 1940, Gísli Andræsson; Um íþróttir.
- ⁶³ *Skínfaxi* 1940:2, bls. 104-107.